## Búðingur með nostalgíubragði

Royal-búðingur er alltaf eins og bragðið framkallar fortíðarþrá hjá stórum hluta þjóðarinnar.



30

Nova tilboðsblað fylgir blaðinu í dag!





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. nóvember 2008 — 299. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


LAUGARDAGUR



**ENDURSKOÐUM GILDIN Í KREPPUNNI**

Hamingjan felst í fjölskyldu og vinum, segir Páll Matthíasson geðlæknir sem hefur kynnt sér hamingjufræði.

VIÐTAL 28

HÚS&HEIMILI




**VEÐRIÐ Í DAG**




**BJARTVIÐRI** Í dag verða vestanáttir 8-18 m/s, hvassast norðan til og enn hvassara þar í hviðum. Lægir síðdegis. Víðast léttskýjað í dag. Hiti 3-8 stig um hádegi en ört kólnandi veður síðdegis og í kvöld.

VEÐUR 4





Fréttablaðið er með 116% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft…



…alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18–49 ára. Könnun Capacent í maí–júlí 2008.


# Ríkisstjórnin sammála um endurskoðun peningamála

**Endurskoðun peningamálastefnunnar hefst fljótlega, segir menntamálaráðherra. Hún gagnrýnir opnun IceSave-reikninga Landsbankans í Hollandi harðlega og útilokar ekki að Þjóðhagsstofnun verði endurreist.**

**EFNAHAGSMÁL** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir endurskoðun á peningamálastefnu ríkisstjórnarinnar eitt brýnasta verkefni stjórnvalda og í það verk verði gengið fljótlega. Hún gagnrýnir opnun IceSave-reikninga Landsbankans í Hollandi og Seðlabankann fyrir að hafa ekki leyft bönkunum að gera upp í evrum. Sú ákvörðun átti þátt í falli bankanna, að hennar mati.

Menntamálaráðherra segir endurskoðun peningamálastefnunnar aðkallandi verkefni en telur í því sambandi ekki ráðlegt að ganga í myntbandalag við Noreg. Í því fælist algjört valdaafsal. „Ég tel þetta því vart raunhæft. Þetta gerist alltaf þegar umræðan um Evrópusambandið tekur á loft. Þá er bent á aðrar lausnir. Auðvitað er sjálfsagt að skoða þær en ég held að ef við ætlum að hverfa frá þeirri peningamálastefnu sem nú er, að þá sé það eðlilegt að við leitum inn í Evrópusambandið.“

Aðspurð um ákvarðanir stjórnvalda og stofnana í ljósi efnahagskreppunnar segir hún að margar erfiðar spurningar bíði svara frá stjórnvöldum, Seðlabankanum, Fjármálaeftirlitinu og ekki síst forystumönnum þeirra fyrirtækja sem þar um ræðir. Þorgerður gagnrýnir til dæmis harðlega að Landsbankanum hafi verið heimilað að opna IceSave-reikninga sína í Hollandi í því ljósi að breska fjármálaeftirlitið hafði gert athugasemdir við reikningana þar í landi.

Aðspurð um hvort nú sé ástæða til að endurvekja Þjóðhagsstofnun segir Þorgerður að það geti verið nauðsynlegt.

- shá / sjá viðtal á síðu 22



**ÖRTRÖÐ Í RÍKINU** Biðraðir mynduðust í Vínbúðunum í gær þegar sögusagnir um 25 prósenta hækkun á áfengi fóru eins og eldur um sinu á netinu. Hækkunin var þó ekki nærri svo mikil eða rúm 5 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Sögusagnir um allt að 25 prósenta hækkun í ÁTVR ollu öngþveiti í Vínbúðum:

# Áfengi hamstrað í Ríkinu

**NEYTENDUR** „Það var meira að gera í dag en um meðalárамót. Fólkið heyrir um 25 prósenta hækkun og drífur sig af stað til að hamstra,“ sagði Einar Jónatansson, verslunarstjóri Vínbúðar ÁTVR í Austurstræti, undir lok vinnudags í gær. Gríðarleg örtröð skapaðist í vínbúðum víðs vegar um borgina í kjölfar sögusagna og frétta ýmissa vefmiðla um væntanlega 20 til 25 prósenta hækkun á áfengisverði. Á sumum sölustöðum þurfti að hleypa viðskiptavinum inn í hollum. Verðið á áfengi hækkar um 5,25 prósent og verðið á tóbaki um 8,87 prósent að meðaltali í dag.

„Ég held að hækkunin sé ekki jafn mikil og fólk bjóst við,“ segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR. Hún segir nýlegar gengisbreytingar ekki hafa haft eins mikil áhrif til hækkunar og margir hafi búist við. „Stór hluti útsöluverðsins er skattar og áfengisgjald, sem er föst krónutala á áfengisprósentu og breytist ekki. Einnig helst álagningarprósenta ÁTVR óbreytt. Mikið hefur heyrst um að almennt verðlag sé að hækka og kannski setja einhverjir samasemmerki þarna á milli,“ segir Sigrún Ósk.

Hækkanir ÁTVR í dag ná til allra vöruflokka og breytist verð á rúmlega helmingi þess áfengis sem er í boði í Vínbúðunum. 37 prósent af þeim áfengistegundum sem verð breytist á er rauðvín, 19 prósent hvítvín og 11 prósent bjór.

- kg

Brúðguminn slær Eddumet:

## Með fjórtán tilnefningar til Eddunnar

**FÓLK Kvikmyndin Brúðguminn, í leikstjórn Baltasar Kormáks, sló sex ára gamalt met Hafsins þegar tilnefningar til Eddunnar, verðlauna sjónvarps- og kvikmyndaakademíunnar, voru tilkynntar á Nasa í gærkvöldi. Gamla metið var tólf tilnefningar en Brúðguminn fékk alls fjórtán.**



BALTASAR KORMÁKUR

**Myndin hefur þegar tryggt sér ein verðlaun því hún fékk allar tilnefningarnar í flokknum besti aukaleikari ársins.**

**Spennumynd Óskars Jónassonar gerði það einnig gott því hún fékk tíu tilnefningar. Verðlaunin verða afhent hinn 16. nóvember og verður verðlaunaafhendingunni sjónvarpað beint á RÚV.**

- fgg / sjá síðu 47


OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ALLIR BÍLAR Á EINUM STAÐ - Á KLETTHÁLSI

HEKLA
NOTAÐIR BÍLAR

## SPURNING DAGSINS



*Júlíus, er verið að berja ykkur til róbóta?*

„Já, já, og sigla okkur í kaf.“

Júlíus B. Benediktsson er framkvæmdastjóri Hafmyndar, sem hannar og framleiðir sjálfstýrða kafbáta til rannsókna og sprengjuleitar. Fyrirtækið er á vonarvöl vegna efnahagsástandsins.

Drög að samkomulagi ríkisins og Seðlabankans við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn:

# Skilyrðin eru á fjórða tuginn

**EFNAHAGSMÁL** Á fjórða tug atriða eru í samkomulag ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, um efnahagsmál.

Fram kemur í tilkynningu frá að í nítjánda lið samkomulagins er kveðið á um að stýrivextir verði átján prósent. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er sá liður eitthvað nálægt miðju röð aðgerðarliða.

Þar er meðal annars kveðið á um aðgerðir í peningamálum, ríkisfjármálum og um endurreisn bankakerfisins. Stjórnvöld vilja ekki veita neinar upplýsingar um væntanlegar aðgerðir á grundvelli samkomulagsins. Þau bera við trúnaði við stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Tilkynnt hefur verið um ríflega tveggja milljarða Bandaríkjadala lán frá sjóðnum, eða sem nemur um 240 milljörðum króna.

Fram kom í fréttum RÚV að vextir af láninu verði 4,99 prósent, sem minnki eftir því sem greitt verður af láninu.



**SAMKOMULAGIÐ KYNNT** Ásmundur Stefánsson, Paul Thomsen, formaður sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Petya Brooks greindu frá samkomulaginu við IMF.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru undirskriftir fjármálaráðherra og Seðlabankastjóra á drögum til samkomulags, fyrir hönd Íslands.

Utanríkisráðherra hefur rætt um „þríhliða samkomulag“. Hermt er að stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fari yfir samningsdrögin 5. nóvember. - ikh

Meintur brennuvargur tekinn:

# Tveir bílar urðu eldi að bráð

**LÖGREGLUMÁL Tveir bílar brunnu til kaldra kola á bílastæði við Leifsgötu í Reykjavík í fyrrinótt. Lögregla handtók karlmann grunaðan um verknaðinn og yfirheyrði.**

**Slökkviliðið var kallað út vegna brunans á fjórða tímanum og slökkti eldinn. Litlu mátti muna að eldurinn bærist í nálægt hús sem farið var að hitna.**

**Bílunum var þétt lagt og er talið að kveikt hafi verið í öðrum bílnum og eldurinn þaðan borist yfir í hinn. Annar bíllinn er nýlegur Suzuki og hinn gamall Mercedes Benz. Lögregla rannsakar málið frekar.** - sh

Lækkun á einni bjórtegund:

# Gullfoss lækkar um sjö prósent

**VERSLUN „ÁTVR hefur lækkað álagninguna á Gullfoss bjórinn um sjö prósent og við höfum ákveðið að setja þá lækkun beint út í verðlagið, í stað þess að mismunurinn verði eftir hjá okkur,“ segir Heimir Hermannsson, framkvæmdastjóri Ölgerðar Reykjavíkur sem framleiðir Gullfoss bjór.**

**Ástæðan fyrir lækkun álagningar ÁTVR er sú að Gullfoss hefur nú bæst í hóp kjarnabjóra, sem þýðir að hann er fáanlegur til kaups í fleiri búðum en verið hefur.** - kg

Áhrifarík rannsókn Íslendings:

# Sögð grundvöllur vaxtalækkunar vestra

**EFNAHAGSMÁL** Rannsókn sem hagfræðingurinn Gauti B. Eggertsson gerði fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn árið 2003 var notuð til grundvallar stýrivaxtalækkun í Bandaríkjunum. Þetta kemur fram í bandaríska viðskiptatímaritinu Forbes í gær. Bandaríski seðlabankastjórinn Ben Bernanke lækkaði stýrivexti niður í eitt prósent í fyrradag.

Rannsókn Gauta, sem nú starfar við seðlabanka New York-ríkis, ber yfirskriftina „Hvernig hægt er að verjast verðhjöðnun í lausafjárþurrð“ (How to Fight Deflation in a Liquidity Trap). Rannsóknin fjallaði um Japan, en nú þykir hún eiga mjög vel við ríkjandi aðstæður vestanhafs. - aa

## LÖGREGLUMÁL

### Tveir á slysadeild

Tveir voru fluttir á slysadeild í gærkvöldi eftir umferðarslys á Sæbraut, þegar vörubifreið og fólksbifreið lentu saman. Að sögn slökkviliðsins meiddist enginn alvarlega.

# Milljóna lúxusbílar verða eldi að bráð

**Munstrið í bílabrunum hefur breyst á undanförnum mánuðum. Nýrri og dýrari lúxusbílar verða nú eldi að bráð þar sem þeir standa mannlausir í stæðum. Tryggingafélögin hafa hafið rannsókn á meintum sviðsettum árekstrum.**

**TRYGGINGAMÁL** Bílar sem hafa eyðilagst í eldi á undanförnum mánuðum eru nýrri og mun dýrari en verið hefur í sambærilegum málum á síðustu árum. Allt að níu milljóna króna lúxusbílar hafa orðið eldi að bráð. Þá er uppi grunur um sviðsetta árekstra og eru slík mál til rannsóknar hjá lögreglu.

Þetta kom fram í viðtölum Fréttablaðsins við yfirmenn tjónadeilda tryggingafélaganna Sjóvár Almennra, VÍS og Tryggingamiðstöðvarinnar.

Að undanförnu hefur borið á að kviknað hafi í bílum þar sem þeir hafa staðið í bílastæði. Síðast í fyrrinótt brann nýlega innfluttur Mercedes Benz til kaldra kola þar sem hann var í stæði í Reykjavík.

„Það sem einkennir þetta ár er að eðli bílbrunanna er öðru vísi,“ segir Jóhann Jóhannsson, deildarstjóri tjónadeildar VÍS. „Það gerist alltaf öðru hvoru að það kviknar í ökutækjum sem eru á ferð. Stundum er það af eðlilegum orsökum. En það er almennt talið óeðlilegt þegar kviknar í bílum sem standa í bílastæði. Það sem er einnig einkennandi fyrir þróunina á þessu ári er að það eru miklu dýrari bílar sem brenna núna. Í einhverjum tilvikum erum við að tala um hreina lúxusbíla, upp á allt að átta til níu milljónir króna. Fjöldi þessara tjóna hefur aukist milli ára og við erum einnig að tala um breytt munstur í þessum bílabrunum, sem við sáum ekki fyrir stuttu síðan. Bótagreiðslur eru töluvert hærri heldur en verið hefur.“

Jóhann segir að heildarfjöldi brunatjónanna á þessu ári sé kominn á þriðja tuginn hjá VÍS.

„Þessi mál eru að sjálfsögðu allt of mörg,“ segir Róbert Bjarnason, forstöðumaður ökutækjatjóna hjá Sjóvá Almennum. „Hátt hlutfall mála þar sem orsakir eru ókunnar gefur til kynna að nauðsynlegt megi rannsaka þau mál betur hvað eldsupptök varðar. Vissulega eru í þeim flokki mál þar sem grunur leikur á íkveikju, en rannsókn lögreglu hefur þá ekki leitt það í ljós með óyggjandi hætti að svo sé. Sönnunarstaða í þessum málum er oftast mjög erfið. Ef grunur leikur á tryggingasvikum þá er málum vísað til frekari rannsóknar hjá lögreglu og þeim fylgt eftir af fullum þunga af okkar hálfu.“

jss@frettabladid.is



**STÓRI BRUNINN** Stóri bílabruninn í Vogum á Vatnsleysuströnd í fyrra hleypti tölunni á bílbrunatjónum upp um átta stykki á því ári hjá viðkomandi tryggingafélagi sem var Sjóvá Almennar. Þar var um íkveikju að ræða.

## TILKYNNT TJÓN VEGNA BRUNA

**Tölur frá Tryggingamiðstöðinni**




HEIMILD: TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN

Telegraph um Geir Haarde:

# Varaði Brown við strax í apríl

**BRETLAND** Geir H. Haarde forsætisráðherra varaði Gordon Brown, breskan kollega sinn, við alvarlegri stöðu íslenska fjármálakerfisins í apríl síðastliðnum. Þá mun Mervyn King, seðlabankastjóri Bretlands, í apríl hafa beðið starfsmenn sína að meta hættuna sem steðjaði að íslenskum bönkum.

Þetta kemur fram á vef breska blaðsins Telegraph.

Þá er breski seðlabankinn sagður hafa hafnað beiðni Íslendinga um stuðning við krónuna, væntanlega í formi láns.

Í fréttinni eru bresk yfirvöld sögð hafa hunsað viðvaranir í upphafi árs um að íslenskir bankar stæðu á brauðfótum, sem hafi leitt til þess að óvissa ríkir nú um sparifé þúsunda Breta. - sh

Óvissa um efnahagsmál:

# Álveri á Bakka verður frestað

**EFNAHAGSMÁL Undirbúningi nýs álvers á Bakka við Húsavík hefur verið frestað.**

**Rannsóknarboranir á Þeistareykjum og í Kröflu sem hefjast áttu á næsta ári og kosta áttu um fjóra milljarða eru ekki lengur á dagskrá. Þá verður viljayfirlýsing Landsvirkjunar og Alcoa um jarðvarmavirkjunina sem knýja átti fyrirhugað álver á Bakka á Húsavík, ekki endurnýjuð um mánaðamót.**

**Ástæðan fyrir því að áformin hafa verið slegin út af borðinu er óvissuástand á fjármálamörkuðum. Í tilkynningu fyrirtækjanna segir þó að þau muni engu að síður hafa náið samband og samráð með það að leiðarljósi að halda verkefninu áfram þegar aðstæður leyfa.** - kdk






Forseta- og þingkosningar fara fram í Bandaríkjunum eftir helgina:

# Á brattann að sækja hjá McCain

**BANDARÍKIN, AP** Á síðustu dögunum fyrir kosningarnar vestra leggur John McCain, forsetaframbjóðandi repúblikana, alla áherslu á að vinna atkvæði í Ohio, sem er eitt af lykil-barátturíkjunum þar sem hann verður að hafa betur en keppinauturinn úr herbúðum demókrata, Barack Obama, ef hann vill eiga möguleika á sigri í Bandaríkjunum í heild.

Á kosningafundi þar í gær sagðist McCain kunna vel við sig í hlutverki þess sem álitinn er eiga á brattann að sækja, en skoðanakannanir hafa sýnt Obama með nokkurt forskot í Ohio að undanförnu.

Obama hefur aukið forskot sitt í könnunum með því að minna linnulaust á tengsl McCains og stefnu hans við hinn óvinsæla fráfarandi forseta, repúblikanann George W. Bush, og stefnu hans sem flestir Bandaríkjamenn álíta eiga talsverðan hluta af sökinni á efnahagskreppunni sem skollin er á.

Í nýrri könnun AP og Yahoo mælist fylgi Obama 51 prósent meðal líklegra kjósenda í Bandaríkjunum öllum, en McCains 43 prósent. Samkvæmt könnuninni eiga þó 14 prósent mjög erfitt með að ákveða sig eða telja mögulegt að þeim snúist hugur um hvaða frambjóðanda þeir styðji þegar í kjörklefann er komið. - aa



**Í HAM** John McCain og eiginkona hans Cindy heilsa stuðningsfólki á kosningafundi í Hanoverton í Ohio í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Áttu von á næturgestum?

ILVA
einfaldlega betri kostur

Havana svefnsófi
SPARAÐU
50.000,-




**Havana.** Tvíbreiður svefnsófi með Alfatex® áklæði, legubekk og geymsluhólfi. Stærð á rúmi 140x200 cm. Verð 149.500,- **NÚ 99.500,-** **Kube.** Sófaborð, hvítt háglans. 40x100 cm. Verð 19.900,- **Nelson.** Sjónvarpsborð m/snúningsstykki. H. 45 cm, B.110 cm, D. 50 cm. Verð 49.900,- **Bubble.** Gólflampi, gler og króm. H. 150 cm. Verð 29.900,- **NÚ 19.900,-** **Olivo.** Motta úr 100% ull. Svört/hvít eða rauð/svört. Verðdæmi: 140x200 cm. Verð 19.900,- **Malibu.** Kommóða, 5 skúffur. Hvít eða svört. H. 111 cm, B. 86 cm, D. 41 cm. Verð **49.900,-**



**Jens Kjær.** Málverk. 90x90 cm. Verð 34.800,- **NÚ 24.990,-**
**Marion.** Málverk. 100x100 cm. Verð 49.900,- **NÚ 39.990,-**
**Lynn.** Málverk. 70x100 cm. Verð 44.900,- **NÚ 29.900,-**
**Jens Kjær.** Málverk. 70x100 cm. Verð 37.900,- **NÚ 18.950,-**

allt að **50%** af völdum málverkum




**Jellyfish.** Stóll úr lycra örtrefjaefni með uppblásnum bolta. Ýmsir litir.
H. 48 cm. Verð 8.900,- **NÚ 4.900-**
H. 60 cm. Verð 9.900,- **NÚ 6.900,-**




**Graciella.** Fléttuð sporöskjulaga karfa.
Stór. Verð 3.900,- **NÚ 2.900,-**
Millistærð. Verð 2.900,- **NÚ 1.900,-**
Lítil. Verð 1.900,- **NÚ 1.490,-**




**Campo.** Borðstofuborð úr gegnheilu olíubornu tekki með krómfótum. 100x220 cm. Verð 109.900,- **NÚ 69.900,-**
**Cebu.** Stóll, fléttuð sessa og stólbak. Silfurlitaðir fætur. Verð 12.900,- **NÚ 7.500,-**




**Trento.** 2ja sæta sófi með Montana leðri.
L. 162 cm. Verð 178.800,- **NÚ 149.900,-**



**20%** af völdum mottum






**VISA Lán** - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

**Skoðaðu tilboðsbæklinginn á www.ilva.is - tilboðin gilda til 2. nóv. - sendum um allt land**

**ILVA** Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík **s:** 522 4500
mánudaga - föstudaga **11-19** laugardaga **10-18** sunnudaga **12-18**

## GENGIÐ 31.10.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,05 | 120,63 |
| Sterlingspund | 194,2 | 195,14 |
| Evra | 153,07 | 153,93 |
| Dönsk króna | 20,555 | 20,675 |
| Norsk króna | 17,902 | 18,008 |
| Sænsk króna | 15,413 | 15,503 |
| Japanskt jen | 1,2304 | 1,2376 |
| SDR | 178,74 | 179,8 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,7121

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tekjutenging atvinnuleysisbóta lengd úr þremur mánuðum í allt að sex:

# Reynt að sporna við uppsögnum

**ATVINNUMÁL** Launafólk sem semur um lækkað starfshlutfall við vinnuveitanda sinn kemur til með að eiga rétt á bótum frá ríkinu, samkvæmt frumvarpi félagsmálaráðherra.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra greindi frá því í erindi á þingi Vinnumálastofnunar í gær. Í frumvarpinu felst að heimilt verði að greiða fólki tekjutengdar atvinnuleysisbætur lengur en áður í samræmi við lækkað starfshlutfall; atvinnuleysisbætur vegna launagreiðslna fyrir hlutastarf verða ekki felldar niður og áunnin réttindi starfsfólks verða tryggð.

Að sögn Jóhönnu er tilgangur frumvarpsins sá að sporna við frekari uppsögnum; í stað uppsagna eða launalækkana, semji fyrirtæki um lækkað starfshlutfall við starfsfólk. Á móti greiði Atvinnuleysistryggingasjóður tekjutengdar atvinnuleysisbætur vegna þess starfshlutfalls sem skerðist.



**FRUMVARPIÐ KYNNT** Jóhanna Sigurðardóttir kynnti hugmyndirnar í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Fyrir manneskju með um 315 þúsund krónur í mánaðarlaun myndi þetta þýða að ef starfshlutfallið yrði lækkað úr 100 prósentum í 50 prósent héldi launþeginn 85 prósentum af fyrri launum í allt að hálft ár.

Ríkisstjórnin hefur þegar samþykkt frumvarpið og sent til meðferðar þingsins. Jóhanna sagði kostnaðarmat munu liggja fyrir eftir helgi. Hún vonar að frumvarpið fái skjóta meðferð á Alþingi og það komi til framkvæmda sem fyrst. - bs

Atlantsolía og Bensínorkan:

# Bensíndropinn lækkar í verði

**NEYTENDUR** Tvö olíufyrirtæki lækkuðu verð í gær.

Bensínorkan lækkaði bensínlítrann um fjórar krónur og dísil um tvær krónur lítrann. Almennt verð á bensíni er eftir breytingarnar 153,10 krónur og á dísil 174,80. Lægsta eldsneytisverð á Orkustöðvunum er á Dalvegi í Kópavogi og Kænunni í Hafnarfirði. Þar er verðið á bensíni 149,10 og á dísil 170,80.

Atlantsolía lækkaði verð á bensíni um tvær krónur og á dísil um eina krónu. Algengasta verð á bensíni hjá Atlantsolíu verður 155,20 og á dísil 175,90. - hhs


**MÓTMÆLIN AFHENT** Bergljót Rist afhenti Magnúsi Þór Gylfasyni, aðstoðarmanni borgarstjóra, undirskriftalistann.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Mótmæli gegn slökkvistöð:

# Yfir tvö þúsund skrifuðu undir

**SKIPULAGSMÁL** Forvígismenn undirskriftasöfnunar gegn byggingu slökkvistöðvar í Elliðaárdal afhentu mótmælabréfin í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær. Að sögn Bergljótar Rist, eins forsvarsmanna mótmælendanna, rituðu 2.300 einstaklingar nafn sitt á mótmælin. Í Ráðhúsinu hafi jafnframt verið lesið eftirfarandi úr bókinni „Elliðaárdalur, land og saga“: „Skipulag Reykjavíkur er ávallt í endurskoðun, breytt viðhorf og nýjar forsendur verða oft til þess að nýjar hugmyndir fæðast. Með núverandi skipulagi Elliðaárdals er þó mörkuð ákveðin stefna, út frá samþykktri heildarsýn, sem auðveldar alla ákvarðanatöku og dregur úr hættu á að vanhugsaðar skyndiákvarðanir verði að veruleika.“ - gar

**ALÞINGI**

### Hvað gerir ríkið?

Jón Bjarnason vill vita hvort stjórnvöld ætli að draga til baka kæru bankanna á hendur Íbúðalánasjóði til Eftirlitsstofnunar EFTA. Hann vill líka vita hvort ríkisstjórnin ætli að draga til baka áform sín um uppskiptingu og hlutafélagavæðingu Íbúðalánasjóðs.

# Þúsundum sagt upp og launin lækkuð

**Hundruðum manna var sagt upp starfi síðustu dagana fyrir mánaðamót og þúsundir fengu uppsagnarbréf í október. Einnig mikið um lækkanir á launum og minnkað starfshlutfall. Byggingariðnaðurinn fer verst út úr hópuppsögnum.**

**ATVINNUMÁL** „Það er ljóst að margir hafa misst vinnuna um þessi mánaðamót. Við fengum engar tilkynningar um hópuppsagnir í dag (í gær) en hins vegar hefur lækkun á launum og starfshlutfalli verið mjög áberandi,“ segir Gunnar Páll Pálsson, formaður VR. Hundruð uppsagnarbréfa voru afhent landsmönnum síðustu dagana fyrir fyrstu eiginlegu kreppumánaðamótin. Samkvæmt Vinnumálastofnun skiptir tala þeirra sem fengu uppsagnarbréf í október þúsundum.

Að sögn Gunnars hefur byggingariðnaðurinn farið verst út úr hópuppsögnum, en hann nefnir einnig starfsmenn fjármálafyrirtækja og bílainnflutningsfyrirtækja sem algeng fórnarlömb uppsagna.

Að sögn Finnbjörns A. Hermannssonar, formanns Sambands iðnfélaga, fékk sambandið tvær tilkynningar um hópuppsagnir í gær. Um miðjan dag í gær sagðist hann áætla að tala starfsmanna í byggingariðnaðinum sem fengu uppsagnarbréf í október sé komin yfir 700. „Þetta eru svakaleg mánaðamót í þessum iðnaði. Nú tel ég bara mínúturnar í mánaðamótin og vonast til að þessu fari að ljúka í bili. Maður heyrir ekki af svona miklum uppsögnum í öðrum greinum,“ segir Finnbjörn.

Spurður um hvað taki við hjá atvinnulausu fólki í byggingariðnaðinum segir hann að sem betur fer hafi það flest langan uppsagnarfrest, eða tvo til þrjá mánuði. „Þetta er því ekki komið til framkvæmda enn, og þegar það gerist förum við eins og aðrir á tekjutengdar bætur fyrstu þrjá mánuðina, sem eru þó að hámarki 227.000 krónur. Þá taka lágmarksbætur við, þannig að þetta er ansi mikið fall fyrir fólk sem hefur verið með þokkalegar tekjur.“ Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra tilkynnti í gær að hún hefði sent tillögu að lengingu tímabils tekjutenginga bóta til þingflokka.


**UPPSAGNIR Í BYGGINGARIÐNAÐI** Áætlað er að yfir 700 starfsmenn byggingariðnaðarins hafi fengið uppsagnarbréf í október.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


**GUNNAR PÁLL PÁLSSON**


**FINNBJÖRN A. HERMANNSSON**

Meðal verktakafyrirtækja sem gripu til hópuppsagna eru Bygg, sem sagði upp 200 manns, Ris ehf. og Ístak, sem sögðu upp sextíu manns hvort fyrirtæki og Klæðning sem sagði upp fimmtíu starfsmönnum.

Uppsagnir gærdagsins tóku einnig til ýmissa annara atvinnugreina. Yfir 20 starfsmenn úr öllum deildum fjölmiðlafyrirtækisins 365 og 26 starfsmenn Árvakurs fengu uppsagnarbréf í gær, en áður hafði Skjárinn sagt upp öllum starfsmönnum sjónvarpsstöðvarinnar Skjás eins.

Iceland Express sagði upp níu flugfreyjum og Úrval Útsýn tilkynnti um 50 prósenta lækkun starfshlutfalls hjá öllum starfsmönnum. Þá ætla tölvufyrirtækið Nýherji og Skipti, móðurfélag Símans og Mílu, að lækka laun starfsfólks um tíu prósent, en áður hafði meðal annars Mjólkursamsalan valið sömu leið til þess að freista þess að komast hjá uppsögnum.

kjartan@frettabladid.is

Steinunn Valdís Óskarsdóttir:

# Vill kynjakvóta í bankastjórnir

**STJÓRNMÁL Festa á í lög að í stjórnum fjármálafyrirtækja sitji sem næst jafnmargar konur og karlar, að mati Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur og fleiri þingmanna Samfylkingarinnar. Frumvarp þess efnis var lagt fram á Alþingi í gær.**


**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR**

**Í greinargerð segir að atburðir síðustu vikna sýni að þörf sé á nýrri nálgun og nýrri hugsun í stjórnun fjármálafyrirtækja. Á það er bent að í samræmi við jafnréttislög beri að gæta kynjajafnréttis við stjórnarkjör í nýju ríkisbönkunum en Steinunn og meðflutningsmenn telja eðlilegt að reglan nái til allra fjármálafyrirtækja.** - bþs

Dæmdur fyrir fjölmörg brot:

# Bíll upptækur til ríkissjóðs

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir ítrekuð brot. Hann var sviptur ökurétti ævilangt og ríkissjóður gerði bíl hans upptækan. Það er í fyrsta sinn sem lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu fer fram á slíkt.

Maðurinn var sakfelldur fyrir að stela dekkjum og felgum undan bíl. Jafnframt fyrir akstur í níu skipti án ökuréttinda.

Þá hefur hann verið sakfelldur fyrir að aka bifreið í fjögur skipti undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Loks hefur hann verið sakfelldur fyrir ölvunarakstur.

Maðurinn játaði sök fyrir dómi. - jss


MEÐAN HJARTAÐ SLÆR
-lífsreynslusaga Vilhjálms Þórs Vilhjálmssonar




Einstök bók um mann sem mætt hefur meiri mótbyr en gengur og gerist, en býr þó yfir fádæma lífsgleði og baráttuþreki og horfir ávallt fram á veginn.

MEÐAN HJARTAÐ SLÆR
-í senn hugljúf og skemmtileg bók

BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**SÓL Í DAG, RIGNING Á MORGUN**

Enda þótt víðast sé bjart í dag skyggir á að víða blæs hann hraustlega. Rétt er að benda á að horfur eru á hviðukenndu veðri víða um land, einkum norðan til og austan en smám saman lægir í dag, síst við NA-ströndina. Á morgun vex vindur af suðaustri með vætu og hlýindum um mest allt land.



Á MORGUN
Víðast 5-10 m/s

MÁNUDAGUR
5-13 m/s hvassast norðvestan til

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Amsterdam | 10° |
| Basel | 15° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 14° |
| Eindhoven | 10° |
| Frankfurt | 11° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 9° |
| New York | 16° |
| Orlando | 25° |
| Osló | 3° |
| París | 9° |
| Róm | 21° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



„Íslensk er vonin af bjartsýni full“*

Nú er brýnna en nokkru sinni fyrr að styðja
við bakið á íslensku atvinnulífi.

Við Íslendingar erum sterk baráttuglöð þjóð
sem stendur saman þegar á reynir.

Sem tákn um samstöðu okkar verða
SS vörurnar sérmerktar næstu vikurnar.

**ÁFRAM ÍSLAND!**

ÁFRAM ÍSLAND

SS

Stofnað 1907



* Fyrirsögnin er tilvitnun í ljóð Margrétar Jónsdóttur, Ísland er land þitt.

## KJÖRKASSINN



*Þekkir þú einhvern sem hefur misst vinnuna í þessum mánuði?*

| | |
|---|---|
| Já | 72,1% |
| Nei | 27,9% |

*Telur þú æskilegt að RÚV fari af auglýsingamarkaði?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Segir að ríkissaksóknarar njóti trausts í umfjöllun um hugsanleg lögbrot:

# Umboðsmaður fjalli um hæfi

**STJÓRNMÁL** „Ég tel að störf þeirra njóti trausts,“ segir Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, um störf Valtýs Sigurðssonar ríkissaksóknara og Boga Nilssonar, fyrrverandi saksóknara.

Dómsmálaráðherra hefur falið Valtý að vinna skýrslu til að fara yfir starfsemi íslenskra peninga- og fjármálastofnana í aðdraganda hrunsins. Markmiðið er að kanna hvort eitthvað hafi átt sér stað sem gefi tilefni til lögreglurannsóknar. Valtýr hefur fengið Boga til liðs við sig við verkið.

Valtýr er faðir Sigurðar Valtýssonar, annars forstjóra Exista,



VALTÝR SIGURÐSSON



BOGI NILSSON

helsta eiganda Kaupþings og Bogi er faðir Bernhards Bogasonar, yfirlögfræðings Stoða, áður FL Group.

Lögfræðingar sem Fréttablaðið hefur rætt við telja óvíst að Valtýr og Bogi teljist vanhæfir í skilningi stjórnsýslulaga. Fram kom í Morgunblaðinu að þeir telja sig ekki vanhæfa.

Ágúst Ólafur telur að ekkert hafi komið fram sem stefni hæfi þeirra í hættu. „En ég treysti á að umboðsmaður Alþingis taki málið upp, jafnvel að eigin frumkvæði, telji hann ástæðu til þess.“

Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður segir ekkert hafa verið ákveðið formlega í þessum efnum. „Ég hef fylgst með þróun mála,“ segir Tryggvi.

Hann bendir á að þeir sem telja brotið á sér í stjórnsýslulegri meðferð geti lögum samkvæmt leitað til embættisins. **- ikh**

Höfuðborgarsvæðið:

# Fíkniefnasali með haglabyssu

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan handtók tvo fíkniefnasala í fyrrakvöld. Karlmaður á þrítugsaldri var handtekinn í miðborg Reykjavíkur með um 70 grömm af marijúana og 150 þúsund krónur í peningum. Grunur leikur á að peningarnir séu til komnir vegna fíkniefnasölu. Í kjölfarið var farið í húsleit á heimili mannsins og þar fannst meira af fíkniefnum svo og haglabyssa og skot. Maðurinn viðurkenndi sölu fíkniefna.**

**Annar karlmaður var einnig stöðvaður í miðborginni í fyrradag með 20 grömm af marijúana. Hann viðurkenndi sölu fíkniefna.** **- jss**

Jón Bjarnason VG:

# Alþingi fær ekkert að vita

**STJÓRNMÁL** Jón Bjarnason, þingmaður VG og fjárlaganefndarmaður, segir nefndinni og Alþingi algjörlega haldið utan við öll áform stjórnvalda um efnahagsaðgerðir. Engar upplýsingar sé að hafa og þaðan af síður sé haft samráð við þingið þó samþykkt þess sé á endanum forsenda margvíslegra ráðstafana.



JÓN BJARNASON

„Allri vinnu og öllum upplýsingum er haldið frá Alþingi,“ segir Jón og telur valdhroka stjórnvalda yfirgengilegan.

Í ofanálag viti stjórnarþingmenn ekki hvaða stefnu beri að taka í ríkisútgjöldum, sumir vilji auka þau en aðrir skera niður. **- bþs**

## DÓMSTÓLAR

### Skaðabætur fyrir hnefahögg

Karlmaður á Selfossi hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi og til að greiða öðrum manni á fimmta hundrað þúsund í skaðabætur fyrir að hafa slegið hann í andlitið.

# Misvísandi skilaboð frá forystu stjórnarflokkanna

**Misræmis gætir í yfirlýsingum frá Samfylkingunni og Sjálfstæðisflokknum. Ágreiningur um Evrópusambandið og Seðlabankann. Formaður og varaformaður Sjálfstæðisflokks ósammála í veigamiklum málum.**

**STJÓRNMÁL** Stjórnarflokkarnir eru ósammála í veigamiklum málum. Augljósustu ásteytingarsteinarnir snúa að Evrópusambandinu og Seðlabankanum. Áherslumun er þó að finna í öðrum málum.

Fljótlega eftir að efnahagskreppan skall á af fullum þunga fór samfylkingarfólk að tala fyrir aðild að ESB. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði í grein í Morgunblaðinu 13. október að ef ekki yrði gengið í ESB myndu Íslendingar hverfa til fortíðar. Geir H. Haarde kvaðst á þingi daginn eftir ósammála því. Hinn 15. október lýsti Jóhanna Sigurðardóttir þeirri skoðun sinni að allt væri uppi á borðinu á milli stjórnarflokkanna; jafnvel aðild að ESB. Daginn eftir sagði Geir það misskilning.

Oddvitar flokkanna hafa ólíka afstöðu til bankastjórnar Seðlabankans. Geir H. Haarde hefur ítrekað lýst yfir stuðningi við hana, en hver samfylkingarmaðurinn á fætur öðrum hefur hins vegar óskað eftir brotthvarfi hennar, í



**ÓLÍKAR ÁHERSLUR** Vel fór á með oddvitum stjórnarflokkanna í stjórnarmyndunarviðræðum í fyrra. Ágreiningur í veigamiklum málum hefur hins vegar verið áberandi í kreppunni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

það minnsta Davíðs. Ingibjörg Sólrún sagði í viðtali við RÚV, 14. október, skynsamlegt að bankastjórnin viki.

Þá má nefna að í umræðum á Alþingi 15. október talaði samfylkingarfólk mjög á félagslegum nótum. Björgvin G. Sigurðsson sagði nýja tíma „með félagslegum, sanngjörnum og siðferðilegum undirstöðum“ nú taka við og efla ætti „jöfnuð og félagslegan stöðugleika“. Félagsmálaráðherra sagði þá nýfrjálshyggjuna hafa beðið mikinn hnekki og af því þyrfti að draga lærdóm. Miður væri að ekki hefði verið byggt upp traustara velferðarnet í uppsveiflu síðustu tíu ára.

Athyglisverður er ósamhljómur í málflutningi formanns og varaformanns Sjálfstæðisflokksins. Þorgerður Katrín sagði í grein í Fréttablaðinu 12. október að háir stýrivextir Seðlabankans væru öfugmælavísa og sagði breyttar forsendur kalla á endurnýjað hagsmunamat varðandi Evrópusambandið. Samfylkingarfólk hefur einnig talað fyrir lægri stýrivöxtum.

Geir H. Haarde lýsti því hins vegar yfir á blaðamannafundi 9. október að hann myndi koma því á framfæri teldi hann lækkun stýrivaxta þarfa. Það hefur hann ekki gert enn. Ráðherrar hafa þó allir sagt hækkun stýrivaxta tímabundið í 18 prósent nauðsynlega.

Í vikunni sagði Geir að aðild að ESB væri ekki lausn á vanda þjóðarinnar. Um Evrópumál ætti þó að ræða þegar um hægist.

**kolbeinn@frettabladid.is**

LAGADEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS
100 svarar kröfum tímans

Rosalyn Higgins forseti Alþjóðadómstólsins

Recent challenges and developments at the International Court of Justice

Mánudagur 3. nóvember kl.12:30
Hátíðasalur Háskóla Íslands

Rosalyn Higgins er fyrsta konan sem skipuð var í starf dómara við Alþjóðadómstólinn í Haag árið 1995 og kjörin forseti dómstólsins árið 2006. Áður átti hún langan og farsælan feril sem einn fremsti fræðimaður Bretlands á sviði þjóðaréttar og prófessor við háskólann í Kent og London School of Economics.



Allir velkomnir!

Utanríkisráðuneytið

Lagadeild

www.lagadeild.hi.is

Fundarstjóri Björg Thorarensen, prófessor og forseti lagadeildar



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Vonast til að heilsulind við vatnsmikinn hver lokki ferðamenn á Vesturland:

# Jarðböð við Deildartunguhver

**FERÐAIÐNAÐUR** Kjartan Ragnarsson leikstjóri undirbýr stofnun félags um jarðböð og heilsulindir við Deildartunguhver í Reykholtsdal og vill atbeina Orkuveitu Reykjavíkur til að koma verkefninu í gang.

Kjartan vill sjálfur ekkert segja um málið að svo stöddu og vísar á Orkuveituna. Guðlaugur Sverrisson, formaður stjórnar Orkuveitunnar, segir erindi Kjartans enn til skoðunar. Fyrirmyndirnar séu meðal annars Bláa lónið og Jarðböðin í Mývatnssveit sem gengið hafi vel.

„Kjartan er með flottar hugmyndir um að efla ferðaþjónustu og sveitina um leið. Hægt sé að búa til viðskiptatækifæri og fjölga um leið gistinóttum á svæðinu. Gistinætur á hótelum á Norðurlandi og Suðurlandi eru 250 þúsund á ári en aðeins 150 þúsund á Vesturlandi. Kjartan telur að eitthvað vanti til að fá fólk til að staldra lengur við og bendir á að nú þegar komi 50 þúsund manns árlega að Deildartunguhver,“ segir Guðlaugur og minnir á hversu vel Kjartani og konu hans Sigríði Guðmundsdóttir hafi tekist upp með Landsnámssetrið í Borgarnesi. „Menn telja að það hafi verið mikill viðskiptaauki.“

Guðlaugur segir Orkuveituna sinna samfélagsskyldum víða. „Þegar hugmyndir eru þannig að samfélagið njóti góðs af þá telur Orkuveitan sér skylt að skoða það. Við gætum hugsanlega komið að verkefninu með tækniaðstoð eða fjárframlag á frumstigi en ætlum alls ekki þátt í neinum rekstri.“ **- gar**



KJARTAN RAGNARSSON

GUÐLAUGUR SVERRISSON



**VIÐ DEILDARTUNGUHVER** Orkuveitan á afnotaréttinn að vatnsmesta hver Evrópu og gæti selt heitt vatn fyrir jarðböð og heilsulindir þar við hliðina. MYND/SKESSUHORN

# Skóaðu þig upp!

## skór á alla fjölskylduna



# Afnemum VSK
## af öllum skóm

Vincent™ a big step for small feet www.vincentshoestore.com SWEDEN · BE WILD! FOOTWEAR · VAGABOND · Clarks Shoes designed for living · ecco

aze · Trigger · STUDIO London · FILANTO · bullboxer · VIKING Guaranteed waterproof footwear

true · DreamTeam · Reebok · grisport · LATIBÆR · Barbie · DORA

melania · Sanita · Waterland · SPIDERMAN

Gildir til 2. nóvember eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hver skoraði tvö mörk í landsleik Íslendinga og Íra á Laugardalsvelli á fimmtudag?*
2. *Hver hefur verið skipaður ríkissáttasemjari?*
3. *Hversu margar milljónir bóka eftir Arnald Indriðason hafa selst um heim allan?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Álagningaskrá Reykjavíkur 2008 með gjöldum lögaðila lögð fram:

# Ríkið borgar mest í Reykjavík

**SKATTAMÁL** Ríkissjóður greiddi hæstu opinberu gjöldin af lögaðilum í Reykjavík, samkvæmt álagningaskrá 2008 sem Skattstjórinn í Reykjavík lagði fram í gær. Reykjavíkurborg greiðir tæpa 5,7 milljarða í tryggingagjald. Þá greiðir Landsbanki Íslands alls rúma 5,6 milljarða. Í þriðja sæti yfir greiðendur hæstu opinberra gjalda í Reykjavík 2008 er svo Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki sem greiðir rúmlega 1,5 milljarða.

Samtals greiða lögaðilar rúmlega sextíu milljarða í opinber gjöld. Þar af eru það 7.816 aðilar sem greiða rúmlega 34,5 milljarða í tekjuskatt og 7.365 aðilar sem greiða rúmlega 25 milljarða í tryggingagjald. 81 aðili greiðir fjármagnstekjuskatt upp á 190 milljónir og 2.478 aðilar greiða iðnaðarmálagjald upp á tæpar 202 milljónir. 46 aðilar greiða rúmlega 35 milljónir í búnaðargjald og 28 aðilar greiða tæplega 39 milljónir í jöfnunargjald alþjónustu. Alls eru 11.261 lögaðili á skrá.

Landsbankinn var sá lögaðili sem greiddi hæsta tekjuskattinn, þar með talið fjármagnstekjuskatt, rúmlega 4,7 milljarða. Þá kom Straumur-Burðarás sem greiddi rúmlega 1,4 milljarða. Í þriðja sæti er svo Byggingarfélag Gylfa og Gunnars sem greiddi tæplega 338 milljónir í tekjuskatt. - ss

### GREIÐENDUR HÆSTU OPINBERRA GJALDA Í REYKJAVÍK 2008

| Lögaðili | Krónur |
|---|---|
| Ríkissjóður Íslands | 5.694.373.337 |
| Landsbanki Íslands | 5.609.450.826 |
| Straumur-Burðarás | 1.549.755.104 |
| Reykjavíkurborg | 1.367.146.004 |
| Bechtel International | 620.392.258 |
| Icelandair ehf. | 453.523.494 |
| BYGG | 397.147.981 |
| VBS Fjárfestingarbanki | 305.685.097 |
| Icebank | 272.553.800 |
| Síminn | 264.281.699 |

HEIMILD: SKATTSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Umhverfisverðlaun LÍÚ:

# Veraldarvinir fá verðlaun LÍÚ

**UMHVERFISMÁL Veraldarvinir hlutu Umhverfisverðlaun LÍÚ árið 2008 fyrir framlag sitt við hreinsun strandlengju Íslands. Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra afhenti Þórarni Ívarssyni, forsvarsmanni samtakanna, verðlaunin á 69. aðalfundi LÍÚ.**

**Veraldarvinir eru samtök sjálfboðaliða með það markmið að vinna með sveitarfélögum á Íslandi í samvinnu við alþjóðlega samstarfsaðila að vitundarvakningu um umhverfismál. Vel á þriðja þúsund sjálfboðaliðar víðs vegar að úr heiminum hafa unnið að ýmsum verkefnum á vegum samtakanna.** - shá


Samfylkingin

Framtíðin er á dagskrá
- Úr vörn í sókn á Íslandi



Opinn borgarafundur

Í Iðnó sunnudaginn 2. nóvember kl. 15

Frummælendur

- Finnska leiðin út úr kreppunni
  Stefán Ólafsson félagsfræðingur
- Velferðarmál eru undirstaða árangurs
  Sólveig Reynisdóttir, framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts.
- Þekking: Auður þjóðar
  Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri opna háskólans við HR
- Samfélagslegt réttlæti
  Vilhjálmur Árnason heimspekingur
- Dagur B. Eggertsson oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík ýtir starfi framtíðarhóps á sveitarstjórnarstigi úr vör.

Fundarstjóri er Guðríður Arnardóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogi

Á Hótel Kea Akureyri sunnudaginn 2. nóvember kl. 14

Frummælendur

- Hörmungar og hallæri á 20. öld
  Kjartan Ólafsson, lektor við HA
- Sóknarfæri til eflingar sveitastjórnarstigsins
  Kristín Sigursveinsdóttir, framkvæmdastjóri búsetudeildar Akureyrar
- Farvegir sóknar í nýsköpun og frumkvöðlastarfi
  Berglind Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar
- Hermann Jón Tómasson formaður bæjarráðs Akureyrar ýtir starfi framtíðarhóps Samfylkingarinnar á sveitarstjórnarstigi úr vör.

Fundarstjóri er Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri á Dalvík.

Allir velkomnir - Sveitastjórnarráð Samfylkingarinnar!

Nánari upplýsingar á vef Samfylkingarinnar: www.samfylking.is



Auglýsingasími
512 50 50



– Mest lesið




LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNA Breyta þurfti fjölda greina í reglum um Lánasjóðinn til að aðgerðirnar mættu ná fram að ganga. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

# Námsmenn í neyð fá hjálp

**Aðgerðir til hjálpar námsmönnum í vanda erlendis voru kynntar í gær. „Það kemur í ljós hvort þetta er nóg, við vitum ekkert um það," segir formaður SÍNE. Hann telur aðgerðirnar þó góða skammtímalausn.**

**EFNAHAGSMÁL** Menntamálaráðherra kynnti í gær víðtækar breytingar á reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Þær miða að því að létta undir með námsmönnum erlendis við þær aðstæður sem nú eru uppi í íslensku efnahagslífi. Áætlað er að aðgerðirnar kosti íslenska ríkið 300 milljónir árið 2009.

Námsmönnum í sárri neyð verður nú veittur kostur á aukaláni sem samsvarar tveggja mánaða framfærslu. Vaxtastyrkur vegna yfirdráttarlána er hækkaður, tekjuskerðing minnkuð, endurgreiðslur gerðar sveigjanlegri auk þess sem sérstakt tillit verður tekið til þeirra sem verða fyrir tekjumissi. Þá er verulega létt undir með skiptinemum með því að reikna lán þeirra út frá genginu 26. september síðastliðinn í stað 1. júní.

Garðar Stefánsson, formaður Sambands íslenskra námsmanna erlendis, SÍNE, fagnar aðgerðunum en segir þó enn mikla óvissu ríkja. „Það kemur í ljós hvort þetta er nóg, við vitum ekkert um það," segir hann og vísar til óvissunnar um gengisþróun og gjaldeyrisflutninga. „En það er frábært hvað stjórnvöld, sérstaklega ráðuneytið og Lánasjóðurinn bregðast fljótt við kröfum og athugasemdum SÍNE," segir hann. Sérstaklega segir hann aðgerðirnar koma skiptinemum vel.



GARÐAR STEFÁNSSON

„Þetta er góð skammtímalausn, en til langs tíma þarf að taka reglurnar í gegn. Það þarf að hækka námslánin, gera kerfið sveigjanlegra og fólk á ekki að þurfa að sætta sig við yfirdráttarvexti," segir Garðar. Hann vill helst að námslán verði greidd mánaðarlega til að fyrirbyggja yfirdráttarlánin.

stigur@frettabladid.is

### BREYTINGARNAR Í MEGINATRIÐUM

- Þeir námsmenn sem verst verða úti eiga kost á aukaláni sem samsvarar tveggja mánaða framfærslu. Sækja þarf sérstaklega um lánið og metur stjórn LÍN hvert tilvik. Námsmenn á Íslandi eiga kost á helmingi lægra aukaláni.
- Styrkur sem ætlað er að mæta vaxtakostnaði vegna yfirdráttarlána er hækkaður úr 250 krónum á hverja þreytta ECTS-einingu í 400 krónur.
- Tekjuskerðing námslána lækkar úr tíu prósentum í fimm prósent.
- Útreikningur lána skiptinema miðast við gengið 26. september í stað 1. júní.
- Greiðendum í vanskilum verður gefinn kostur á greiðslusamkomulagi til þriggja mánaða í stað tveggja áður, gegn þriðjungsinnborgun skuldar í stað helmingsinnborgunar áður.
- Þeir sem verða fyrir fyrir 20 til 30 prósenta tekjutapi á milli áranna 2008 og 2009 eiga kost á lækkun tekjutengdrar afborgunar láns haustið 2009. Þeir sem tapa yfir 30 prósentum geta fengið afborgunina fellda niður.










# 20 % afsláttur

## af öllum ljósaseríum um helgina

SIRIUS

## AMERÍSKU JÓLATRÉN

– úrvalið er í Garðheimum



endast ár eftir ár

## jólastjörnunar komnar



## Skapaðu hlýleika heima með fallegum ljósaseríum

**munið**

**kósí konukvöld**

6. nóvember
19.00 - 22.00

GARÐHEIMAR

*heimur skemmtilegra hluta og hugmynda*

Stekkjabakka 6 - sími 540 3300 - www.gardheimar.is

NÝTT Í GARÐHEIMUM




KYNNINGARTILBOÐ

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
651 **+2,01%**

**Fjöldi viðskipta:** 48
**Velta:** 117 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ALFESCA | +27,27% | ATORKA GROUP | -23,08% |
| BAKKAVÖR | +9,47% | ÖSSUR | -1,22% |
| MAREL | +1,97 | ICELANDAIR | -0,37% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR: 207,9 +0,97%**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,20 +27,27% ... Atorka 0,50 -23,08% ... Bakkavör 5,20 +9,47% ... Eimskipafélagið 1,34 +0,75% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 13,60 -0,37% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 72,40 +1,97% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 89,40 -1,22%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn*

**Þeir ríku verða ríkari** …
„Mun þessi vinningur hafa merkjanleg áhrif á líf mitt? Nei," sagði Keenan Altunis, 33 ára, þegar hann tók við fyrstu greiðslunni af „Ein milljón á ári"-vinningi ríkishappdrættis New York. Altunis, sem vinnur hjá fjárfestingarbanka í London og er margmilljónamæringur, mun héðan í frá þiggja eina milljón í viðbót, á ári.

Altunis segist vera „forfallinn lottóspilari" og ekki geta staðist freistinguna að biðja mömmu sína um að kaupa fyrir sig fjóra 30 dollara miða í happdrættinu þegar hann var í heimsókn hjá henni í haust. Nú, eftir að hann hefur unnið, segist hann þó hafa blendnar tilfinningar til vinningsins. Hann vill því forðast sviðsljósið og tala sem minnst um vinninginn, sérstaklega vegna þess hversu margir af vinum hans hafa tapað vinnunni. „En ekki misskilja mig, milljón á ári er fullt af peningum." Engar fréttir hafa enn borist af því hvort Altunis hyggist gefa hluta vinningsins til góðgerðarmála.



**… og fátækari fá betri græjur**
Áhugi verslunarkeðjunnar WalMart á sjálfbærri þróun hefur vakið athygli. Fyrirtækið býst við stórfelldum breytingum á neyslumunstri um allan heim. Nýverið lýsti Lee Scott, forstjóri WalMart, því yfir að til dæmis myndi fólk hætta að kaupa ódýr raftæki sem entust aðeins í skamman tíma. „Neytendur verða æ meðvitaðri um sjálfbæra þróun og munu því hætta að kaupa fjögurra dollara brauðristir sem endast bara í eitt ár. Í staðinn mun fólk kaupa hluti sem endast þeim alla ævi." WalMart hyggst græða á þessari þróun með því að selja heimilistæki sem endast lengur, tíu til fimmtán ár að jafnaði.

## Icesave-peningar ekki til Marels

Inneignir Icesave-reikninga í Hollandi fóru ekki í að fjármagna kaup Marel Food Systems á Stork Food Systems. Hörður Arnarson, forstjóri Marel Food Systems, segir fullyrðingar um annað í hollenska blaðinu Volkskrant vera rangar.

„Fyrst er á það að benda að kaupin voru að 50 prósentum fjármögnuð með eigin fé og svo með sambankaláni átta evrópskra banka," segir hann og bendir á að í ofanálag hafi fjármögnunin átt sér stað á síðasta ári, fyrir tilkomu Icesave.

Hörður segir þegar hafa verið farið fram á að aðrir hollenskir fjölmiðlar birti réttar upplýsingar um málið, en fréttin ranga var einnig tekin upp hér innanlands. **- óká**

## Össur þakkar stuðninginn

„Þetta er þakklætisvottur til starfsmanna sem hafa stutt okkur með ráð og dáð," segir Jón Sigurðsson, forstjóri stoðtækjaframleiðandans Össurar.



**JÓN SIGURÐSSON**

Fyrirtækið bætti hundrað þúsund krónum í launaumslag starfsmanna hér á landi í gær. Þeir eru 250 talsins og nemur greiðslan því 25 milljónum króna.

Jón segir aðstæður í efnahagslífinu erfiðar og vilji fyrirtækið með þessu móti létta undir með starfsmönnum sínum.

Össur hagnaðist um rúma 1,5 milljarða króna á þriðja ársfjórðung og er því að nokkru leyti að þakka aðhald í rekstrinum, að sögn forstjórans. **- jab**

## Japanar lækka vexti

Japanski seðlabankinn lækkaði stýrivexti í gær vegna aðstæðna í efnahagslífinu niður í 0,3 prósent.

Bankastjórnin greip til örþrifaráða í kjölfar efnahagslægðar sem reið yfir Asíu fyrir rúmum áratug og núllstillti stýrivextina árið 2001 til að blása lífi í einkaneyslu. Þeir hafa svo verið hækkaðir í tvígang síðan þá. Þetta er fyrsta vaxtalækkun bankans frá núllstillingunni.

Vextirnir stóðu þar til í gær í 0,5 prósentustigum og ljóst að stýrivextir í Japan eru þeir lægstu í nokkru iðnvæddu ríki.

Niðurstaðan var í takt við væntingar en Nikkei-vísitalan féll um fimm prósent í kjölfarið.

Seðlabankar víða um heim hafa tekið höndum saman upp á síðkastið og lækkað stýrivexti. Seðlabanki Bandaríkjanna reið á vaðið fyrir rúmu ári og hefur nú lækkað vextina úr 5,25 prósentum niður í eitt prósent.



**BANKASTJÓRNIN** Seðlabankastjóri Japans, hér fyrir miðið, studdi lækkun stýrivaxta í landinu til að sporna við alvarlegri fjármálakreppu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Síðasta vaxtalækkun bankans var í vikunni. Væntingar eru um frekari stýrivaxtalækkun á næstunni skili aðgerðin ekki þeirri niðurstöðu sem horft er til, að sögn Bloomberg-fréttastofunnar. Gangi það eftir hafa stýrivextir aldrei verið lægri. **- jab**




# Tryggingarnar þóttu of rúmar

**Hundruð milljarða króna vofa yfir Tryggingasjóði innistæðueigenda. Viðbrögð eru óákveðin. Byrjað var á endurskoðun laga um sjóðinn í fyrravor.**

Ákveðið var á vordögum í fyrra að kanna sérstaklega hvort Tryggingasjóður innistæðueigenda veitti of víðtæka tryggingavernd. Viðskiptaráðherra skipaði sérstaka nefnd til starfans. Hún átti að ljúka störfum í september í fyrra, en starfar enn.

Lög um Tryggingasjóð eru byggð á tilskipun Evrópusambandsins.

Samkvæmt lögum má ætla að sjóðurinn þurfi að ábyrgjast Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi og Hollandi og Edge-reikninga Kaupþings í Þýskalandi. Þessir reikningar voru í útibúum ytra.

Hundruð milljarða króna lágu þar á reikningum yfir 400 þúsund viðskiptavina.

Áslaug Árnadóttir, formaður nefndarinnar, segir að nefndin hafi, á mörgum fundum, meðal annars fjallað um hvort lögfesta ætti undanþágur frá tryggingavernd sem heimilar séu í tilskipuninni. Þar sé heimilt að undanskilja ríki, sveitarfélög, tryggingafélög og aðra sem talist gætu fagfjárfestar. Það er að þeir ættu ekki rétt á greiðslum úr sjóðnum. Meðal þeirra sem áttu innistæður á Icesave-reikningum voru sveitarfélög. Vísað var til þeirra þegar sem mestur hávaði var í Bretlandi vegna reikninganna.

Bretar og Hollendingar hafa nýtt sér þessar heimildir, segir Áslaug. Hún segir að nefndin hafi leitað álits utan frá, en ekkert hafi verið ákveðið.



**Á BLAÐAMANNAFUNDI Í IÐNÓ** Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra og Geir H. Haarde forsætisráðherra á blaðamannafundi vegna Icesave. FRÉTTABLAÐIÐ/

Heimildir Markaðarins herma að snemma á árinu hafi áhyggjur viðskiptaráðuneytisins vegna Icesave-reikninga í Bretlandi og vinna því tengd leitt til þess að ekki var litið á þessa þætti nefndarstarfsins sem forgangsmál.

Fjármálaeftirlitið hefur tilkynnt að greiðsluskylda hafi stofnast hjá Tryggingasjóðnum vegna gamla Landsbanka og gamla Kaupþings. Fram kemur á heimasíðu Tryggingasjóðsins að óákveðið sé hvernig greiðslunum verður háttað.

**ingimar@markadurinn.is**

# Margar leiðir færar í frumskóginum

„Við erum eins og stefnumótaþjónusta. Þið sendið okkur línu og við finnum deitin. Ykkar er að ákveða hvort þið viljið vera saman." Svo komst Kolbrún Halldórsdóttir, verkefnisstjóri hjá Evrópumiðstöð Impru, að orði um aðstoð og ráðgjöf fyrir sprotafyrirtæki, stofnanir, háskóla og fyrirtæki sem vinna að rannsókn og þróun í gegnum netverkið Enterprise Europe Network (EEN). Ekki er um styrkjakerfi að ræða heldur samstarfsvettvang.

Kolbrún og Snæbjörn Kristjánsson hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og fulltrúi í stjórn Eurostars fjölluðu um umsóknir og leiðir til að komast í kynni við samstarfsaðila í gær.

Eurostars-áætlunin er sérsniðin fyrir sprotafyrirtæki sem stunda rannsóknir og þróun. Tækniþróunarsjóður fjármagnar bestu verkefnin. Að áætluninni standa 31 Evrópuríki og ESB en fjármögnun verkefna kemur frá þessu 31 landi auk ESB sem toppar upp með viðbótarfé.



**SPROTAMÖNNUM VÍSAÐ VEGINN** Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Impra leiddu menn áleiðis um styrkja- og tengslastigana á meginlandi Evrópu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

EEN-verkefnið var sett á laggirnar í vor en Eurostars í fyrra. Tvö íslensk fyrirtæki lögðu fram umsókn þá en fengu ekki styrk.

Fullt var út úr dyrum á fundinum og varð að færa hann í stærra rými. **- jab**


NÓATÚN
TILBOÐ
Ódýrt og girnilegt!
Úr kjötborði
Grísakótelettur
998 kr./kg
Verð áður 1.498
Bestir í kjöti!
Úr kjötborði
Ungnautahakk
798 kr./stk
Verð áður 1.398
Úr kjötborði
Kindahakk
698 kr./stk
Verð áður 899
Úr kjötborði
Grísafille með ostafyllingu
2.198
Verð áður 2.798
Nóatúns kjúklingabringuskip m/chilli & lime
1.189 kr./kg
Nýtt í Nóatúni
30% afsláttur
Maryland kex
89 kr./pk
Verð áður 115
45% afsláttur
Tómatar cherry box
149 kr./pk
Cocoa Puffs 465g
359 kr./pk
3 fyrir 2
Coke 1 L
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl
EXPO - www.expo.is
www.noatun.is
Léttir þér lífið!
NÓATÚN

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Gjaldþrot blasa víða við eftir fall bankanna.

## Fólk þarf að eiga sér viðreisnar von

ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON SKRIFAR

Í þeim aðstæðum sem þjóðin stendur nú frammi fyrir eftir að fjármálakerfi landsins hefur orðið alþjóðlegu fjármálakreppunni að bráð og óvissa ríkir um framtíðarhorfur margra ríður á að huga að því hvernig þjóðfélagið verður reist við á ný. Í þeim efnum er að mörgu að hyggja. Eitt er uppgjör við fortíðina.

Meðal þess sem skoða þarf er hver raunveruleg staða bankanna var undir lok síðasta mánaðar. Hvort þeim hafi í raun verið allar bjargir bannaðar og eigendur þeirra nú í sporum gjaldþrota manna sem kenna öllum öðrum en sjálfum sér um hrakfarirnar, sér í lagi bankanum sínum, líkt og Geir H. Haarde sagði í tíufréttum Sjónvarps 29. þessa mánaðar.

Að slíkri skoðun þurfa að koma erlendir sérfræðingar sem fjallað geta hlutlaust um mál án þess að vera plagaðir af tengslum og smæð íslenska kunningjasamfélagsins og eru engum háðir. Með skipan umdeildra stjórnmálamanna í stól seðlabankastjóra geta stjórnmálamenn sjálfum sér um kennt að grunur vakni um annarlegar hvatir í mikilsverðum ákvörðunum um framtíð bankanna.

Samhliða öllu uppgjöri þarf svo að huga að því hvernig við ætlum að fá byggt hér upp samfélagið á ný. Margt bankafólk sem núna stendur frammi fyrir tekjutapi í kjölfar atvinnumissis hefur líka tapað verulegum fjárhæðum vegna fjárfestinga í hlutabréfum sem eru orðin verðlaus við fall bankanna. Sama á við um fjölda einstaklinga. Gjaldþrot blasir víða við. Þarna er ekki um að ræða óreiðufólk sem ekki hefur staðið í skilum, heldur eru þarna fórnarlömb einstakra aðstæðna í fjármálaheiminum, líkt og segja má að bankarnir hafi verið.

Í Bandaríkjunum eru til fordæmi þess að dómstólar fjalli um einstök gjaldþrotamál og létti, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, skuldbindingum af þeim sem orðið hafa gjaldþrota þannig að þeir geti hafið uppbygginguna eigin lífs á ný. Hreyft hefur verið við hugmyndum um að búa hér til einhverja slíka leið.

Líkast til myndi þetta kalla á sérstaka, jafnvel tímabundna lagasetningu, þar sem gjaldþrotadómstóll fengi úrskurðarvald í málum gjaldþrota einstaklinga og legði mat á hvort um sé að ræða gjaldþrot af ytri aðstæðum eða vegna óreiðu.

Aðgerða er þörf til þess að fórnarlömb fjármálahrunsins geti átt sér hér einhverja framtíð, án þess að vera hundelt af kröfuhöfum og þurfi ekki að flýja land til að byggja upp tilveru sína á ný. Þarna er ungt og duglegt fólk sem þjóðin þarf á að halda við framtíðarverðmætasköpun. Fólk sem lendir í gjaldþroti við hrun hagkerfisins verður að eiga sér viðreisnar von.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



**Þau voru ljós á leiðum okkar**

Tónlistardagskrá við kertaljós í Fossvogskirkju

á minningardegi látinna sunnudaginn 2. nóvember

| | |
|---|---|
| 14.00 | Keith Reed |
| 14.30 | Helga Rós Indriðadóttir |
| 15.00 | Lay Low |
| 15.30 | Magnús Ragnarsson og kór Áskirkju |

**Aðgangur ókeypis og öllum frjáls.**

Kirkjugarðarnir í Fossvogi, Gufunesi, Kópavogi og við Suðurgötu opnir.
Friðarkerti Hjálparstarfs kirkjunnar til sölu við Fossvogskirkju.

*Reykjavíkurprófastsdæmin og Kirkjugarðarnir*

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Neibb

Seðlabankinn braut ekki trúnað með frægri athugasemd á fimmtudag þar sem vitnað var í samkomulag stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Geir H. Haarde forsætisráðherra kvað upp úr um það á þingi í gær. Í athugasemdinni var nítjándi töluliður samkomulagsins opinberaður en í honum segir að stýrivextir skulu vera átján prósent. Geir sagði að þar sem vextirnir voru hækkaðir á þriðjudag hafi vaxtaprósentutala samkomulagsins ekki verið leyndarmál á fimmtudag. Þar með var athugasemdin ekki trúnaðarbrot. Það er gott að vita.



### Sjálfstæðið

Menn hafa líka velt vöngum yfir hvort Seðlabankinn hafi enn sjálfstæði um vaxtaákvarðanir eins og lög segja til um. Helgast það af því að bankinn virtist hlýða því sem kveðið er á um í samkomulaginu við gjaldeyrissjóðinn. En Geir efast ekki. „Það er auðvitað bankinn sjálfur sem formlega tekur þessa ákvörðun lögum samkvæmt og kynnir hana …“ sagði hann í þinginu í gær. Gott og vel. En Geir sagði líka: „Að baki þessari ákvörðun liggur samkomulag sem gert hefur verið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til að tryggja fyrirgreiðslu á hans vegum.“ Seðlabankinn er sumsé sjálfstæður, hvort sem hann ákveður vextina sjálfur eða um þá er samið.



### En …

Og svo er það samkomulagið. Hverjir ætli standi að því? Geir sagði í þinginu í gær að það væri milli ríkisstjórnarinnar, Seðlabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Seðlabankanum virðist á hinn bóginn ekki kunnugt um eigin aðild því í athugasemd hans á fimmtudag sagði að samningsgerðin væri milli ríkisstjórnar Íslands og sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hvort ætli Seðlabankinn vilji ekki kannast við eigin aðild að samkomulaginu eða viti ekki af henni? Sé hið síðarnefnda raunin, getur ríkisstjórnin þá samið um vexti bankans við þriðja aðila? Hvar er þá sjálfstæðið?

bjorn@frettabladid.is

## Evróputrúboðið



HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON

**Í DAG** | Kreppan framundan

Í janúar sl. ritaði ég grein í Morgunblaðið undir fyrirsögninni Sjúkt og ósjálfbært efnahagskerfi. Þar benti ég á fjölmörg teikn um aðsteðjandi kreppu og sagði m.a.: „En kreppa samtengds fjármála- og efnahagskerfis heimsins er langtum djúpstæðari en atburðir síðustu mánaða vitna um. Driffjöður þessa kerfis er neysla og ofurneysla á Vesturlöndum þvert ofan í þá vitneskju sem fyrir liggur um áhrifin á umhverfið og heilsu manna í þokkabót. Hnattvædda efnahagskerfið sem innleitt var í núverandi mynd með hömlulausum rafrænum fjármagnsflutningum fyrir 15-20 árum er orðið að meinvætti sem seint verður ráðið við, ef bábyljan um óskeikulleika markaðarins verður höfð að leiðarljósi.“ Þróunin það sem af er þessu ári hefur því miður staðfest svörtustu hrakspár. Ráðamenn og almenningur sitja nú yfir brunarústum vængbrotins efnahagskerfis og þörfin fyrir endurmat og nýja hugsun er brýn.

**Fáránlegt ákall eftir ESB-aðild**

Hérlendis hefur mest farið fyrir ákalli eftir að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu og að tekin verði upp evra sem gjaldmiðill í stað krónu. Árinni kennir illur ræðari. Gjaldþrot bankanna og fall íslensku krónunnar var afleiðing óstjórnar síðustu ára en ekki orsök. Ef hér hefði verið skapleg efnahagsstjórn og eðlilegar skorður verið settar við útrás og skuldsetningu hefði Ísland ekki verið verr sett nú en aðrar Norðurlandsþjóðir í þeirri alþjóðlegu kreppu sem yfir gengur. Útrásarbrjálæðið íslenska gerðist raunar í skjóli EES-samningsins. Nú vilja margir ganga lengra í von um evru og skjól frá Evrópska seðlabankanum, sem tómt mál er að tala um næstu árin. Það grafalvarlega í stöðunni er að það er annar ríkisstjórnarflokkurinn, Samfylkingin, sem ásamt fleirum heldur þessum gamla stefnumáli sínu um ESB-aðild til streitu í stað þess að leggjast á árar á raunsæjum forsendum um endurreisn íslensks efnahagslífs og verjast um leið frekari áföllum.

Aðild að Evrópusambandinu snýst um fjölmörg atriði, þar á meðal grundvallarspurningar er varða fullveldi, forræði yfir náttúruauðlindum og stöðu Íslands meðal þjóða. Það er í senn ósiðlegt og andstætt góðum lýðræðishefðum að ætla að knýja fram afstöðu í svo örlagaríku máli með þjóðina í losti eftir þau áföll sem nú hafa dunið yfir.

**Hvað verður um myntbandalag ESB?**

Þær hremmingar sem nú ganga yfir efnahagskerfi veraldar eiga eftir að hafa djúpstæð áhrif og innan tíðar getur blasað við gjörbreytt landslag í viðskiptum og alþjóðamálum. Það á m.a. við um forsendur hnattvæðingarinnar og ríkjasamsteypur eins og Evrópusambandið. ESB og Evrusvæðið innan þess er afar illa búið undir þá kreppu sem nú ristir æ dýpra í efnahagslíf heimsins. Þýskaland, sem ásamt Frakklandi er burðarás í Evrumyntbandalaginu, er sem vöruútflytjandi afar viðkvæmt fyrir samdrætti. Þótt Evru-löndin séu ekki skuldsettari á heildina litið en Bandaríkin hefur hagvöxtur þar verið langtum minni og aldurssamsetning önnur og óhagstæðari og hið sama á einnig við um Japan. Að auki er atvinnuleysi innan ESB þegar gífurlegt vandamál, um 70% meira en í Japan og tvöfalt meira en verið hefur í Bandaríkjunum. Efnahagsvöxturinn sem átt að fylgja innri markaðnum hefur látið á sér standa og ESB er þannig afar illa undir frekari samdrátt búið. Leiðandi ríki á Evrusvæðinu hafa að undanförnu brotið meginreglur Maastricht-sáttmálans um ríkisfjármál, skuldsetningu og efnahagslegan stöðugleika. Aðsteðjandi kreppa getur því fyrr en varir sett myntbandalagið í uppnám. Kjarninn í hertum áróðri hérlendis fyrir að Ísland sæki um aðild að ESB hvílir þannig á ótraustum grunni, svo ekki sé litið til annarra þátta sem mæla gegn aðild. Heilvita menn ættu að sjá að við núverandi aðstæður og dýpkandi alþjóðlega kreppu framundan væri hreint glapræði að fara að bindast Evrópusambandinu í meira mæli en orðið er.

Í stað villuljósa er verkefnið framundan að brjótast út úr skuldafjötrum og sníða stakk að vexti. Halda þarf þétt utan um auðlindir landsins og óspillta náttúru, efla menntun og rækta fjölþjóðasamstarf sem byggi á því besta sem Ísland hefur að bjóða umheiminum.

*Höfundur er fyrrverandi ráðherra.*

## Fjölskyldur í forgang

UMRÆÐAN

Sigrún Elsa Smáradóttir skrifar um efnahagsmál



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Verð á nauðsynjum hækkar, launin lækka og atvinnuleysi knýr dyra. Langtímalán þenjast út um leið og verðgildi húsnæðis hríðfellur. Helmings hækkun stýrivaxta gerir horfurnar enn dekkri.

Þetta reikningsdæmi gengur ekki upp og ef ekkert verður að gert verða íbúðalán fljótlega komin langt upp fyrir íbúðaverð. Það er engin lausn að lengja í þessum lánum. Fólk hneppir sig ekki sjálfviljugt í ævilangan þrældóm til að borga af himinháum lánum með veði í verðlítilli eða óseljanlegri íbúð. Ungt fólk sem skuldar hlutfallslega mest og keypti í þenslu undanfarinna fimm ára, mun varla hafa annan kost í stöðunni en að lýsa sig gjaldþrota. Nóg verður samt fyrir þetta fólk að borga af skuldum ríkisins, flýi það ekki land.

Gjaldþrotum fjölskyldna mun fylgja enn meiri lækkun á verði fasteigna og mikil útlánatöp hjá lánveitendum; lífeyrissjóðum og ríkinu. Því hin veðsetta eign mun aðeins duga upp í hluta útlána.

Einnig má spyrja hvort verðtrygging við þessar aðstæður sé ekki að tryggja rangt verðgildi krónunnar, þann kaupmátt sem byggður var á sandi og hefur nú hrunið. Er eðlilegt að þeim kaupmætti sé viðhaldið í hluta hagkerfisins?

Er ekki skárra að frysta verðtryggingu lána tímabundið meðan gengisleiðrétting-in á sér stað? Þannig rýrna útlánin vissulega, en þannig halda lánveitendur skuldurunum og þaki yfir þjóðinni. Hægt er að frysta verðtrygginguna við 4% sem eru yfirlýst þolmörk samkvæmt verðbólgumarkmiðum Seðlabankans.

Annar möguleiki er að setja lög um að verðtrygging uppreiknist ekki sjálfkrafa um mánaðamót. Staðan verði svo metin yfir þriggja mánaða tímabil. Þá sjá menn betur hvert stefnir og geta betur fyrirséð afleiðingar verðtryggingar. Þá verður hægt að ákveða hvort og að hve miklu leyti skynsamlegt er að taka tillit til verðtryggingar.

Þriðji möguleikinn væri að breyta forsendum verðtryggingar: minnka vægi innfluttra vara og notast ekki við neyslukannanir úr góðærinu til að reikna út verðbólguna. Það verður að grípa til aðgerða núna áður en fjöldagjaldþrot heimila er staðreynd og áður en verðtryggingin nær að magna upp verðbólgubálið.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is*
**ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Jólaseríur

SAMA VERÐ

ALLAR JÓLASERÍUR Á SAMA VERÐI OG Í FYRRA



blómaval

HÚSASMIÐJAN




verð frá
**4.999**

**Starlight**
útiseríur

**Díóðuseríur**
LED

verð frá
**2.243**

**Blick**
inni- og útiseríur

verð frá
**199**

SAMA VERÐ
ALLAR JÓLASERÍUR
Á SAMA VERÐI
OG Í FYRRA

# Allar jólaseríur á sama verði og í fyrra



**3.890**
~~5.349~~

**Blandari, Bomann**
m/glerkönnu
1840828



**3.890**
~~5.349~~

**Vöfflujárn, Bomann Estate**
1840842



Bökunarform
**25%**
**afsláttur**



**6.999**

**Lukt, B&D**
Hleðsluljós, 12V eða 220V
3m kapall, veðurþolið
5023970



**Hleðsluborvél, Verto**
14,4V, 2 rafhlöður, fjöldi fylgihluta
5245007

**7.899**

blómaval

HÚSASMIÐJAN

# Jólalandið í Skútuvogi opnar í dag!

**Gunni og Felix** skemmta gestum, opna Jólalandið og tendra ljósin á jólatrénu

**Dagskrá hefst kl. 13.00**







## Kaffi Garður

Heitt súkkulaði með rjóma og súkkulaðibitakaka
milli kl. 14:30-17:00
alla helgina 190kr

**GÚLLASSÚPA MEÐ BRAUÐI**
**190kr**
milli kl. 11:30-14:00
alla helgina



**Ís 10 kr.**
í Blómavali Skútuvogi

# Jólalandið opnar í Skútuvogi



3stk **Erika** **499**



verð frá **199**




Glös
**Erik Bagger**
**20%**
afsláttur





Blandaðir vendir og rósavendir
**899**



2pk á mann
**Mackintosh**
**299**
aðeins í Skútuvogi

# Fjármálaþjónusta í uppnámi

**UMRÆÐAN**
Halldór Kristjánsson skrifar um alþjóðlegt samhengi aðstæðna á Íslandi


HALLDÓR KRISTJÁNSSON

Til að setja afleiðingar algjörs hruns á heilli atvinnugrein hér á landi í samhengi við atburði á heimsvísu má nefna nokkrar nýlegar aðgerðir sem gripið hefur verið til í þeim tilgangi að styðja bankakerfin í flestum vestrænum ríkjum. Hér er yfirlit um aðgerðir ýmissa þjóða til að styðja bankakerfi sín:

**1.1.** Ástralía ábyrgist öll innlán í áströlskum bönkum, þ.m.t. útibú og dótturfélög erlendis og ábyrgist lántökur þarlendra banka í öllum myntum til allt að 5 ára.

**1.2.** Austurríki ábyrgist öll innlán og veitir ábyrgð á lántökum banka upp að tilteknum mörkum (€85 milljarðar). Leggur bönkum til nýtt hlutafé allt að €15 milljarða.

**1.3.** Belgía hækkar innlánatryggingu í €100.000 og fellir tiltekin lífeyrissparnað undir tryggingar. Veitir verulega nýju eigin fé í bankana og ábyrgist lántökur þeirra til 31. okt. 2011. Hefur lagt til nýtt hlutafé í banka að fjárhæð €8 milljarðar.

**1.4.** Danmörk ábyrgist öll innlán, erlend og innlend, hjá bönkunum og veitir ábyrgð á lántökum.

**1.5.** Frakkland hefur í raun ábyrgst greiðsluhæfi allra banka, veitt miklu fé í bankana sem hlutafé (€40 milljarðar þegar tilkynntar) og ábyrgst lántökur.

**1.6.** Þýskaland ábyrgist öll innlán, ábyrgist lántökur og getur keypt ótrygg innlán. Stöðugleikasjóður stofnsettur með allt að €400 milljarðar til skuldabréfakaupa og €70 milljarða til að auka hlutafé.

**1.7.** Grikkland hefur í raun ábyrgst allar innistæður, veitt ríkisábyrgð á allt að €15 milljarða í nýjar lántökur banka og veitt €5 milljarða í nýtt hlutafé.

**1.8.** Írland ábyrgist alla stærri banka og þ.m.t. innistæður og skuldabréf. Ábyrgðin jafngildir a.m.k. tvöfaldri landsframleiðslu.

**1.9.** Ítalía hækkar innlánstryggingar í €100.000 og ábyrgist nýjar lántökur bankanna til 31. des. 2009. Veitir einnig nýtt eigið fé í bankana.

**1.10.** Holland hækkar innlánstryggingar í €100.000 og ábyrgist millibankalán fyrir allt að €200 milljarða. Hefur styrkt eigið fé Fortis og nú síðast ING um €4 milljarða og €10 milljarða í hvern banka.

**1.11.** Noregur veitir lausafjárstuðning fyrir Nkr. 350milljarða eða um €40 milljarða.

**1.12.** Spánn hækkar innlánatryggingu í €100.000 og veitir víðtækar ábyrgðir vegna lántöku banka eða allt að €100 milljarða og kaupir tvísýn eignasöfn fyrir allt að €50 milljarða.

**1.13.** Svíþjóð tvöfaldar innlánatryggingar, ábyrgist nýjar lántökur banka fyrir €150milljarða til 31. ágúst 2009 og leggur til nýtt eigið fé í banka allt að €3,3 milljarða.

**1.14.** Sviss hækkar innlánstryggingar í áföngum og kaupir USD60 milljarða af erfiðum eignum frá UBS og eykur eigið fé UBS um €4 milljarða.

**1.15.** Bretar hækka innlánstryggingar í GBP 50.000 og ríkið ábyrgist yfir GBP 500 milljarða af lántökum breskra banka. Bretar dæla eigið fé í alla sína helstu banka (RBS, HBOS Loyds, Barclays og Nationwide) eða um GBP 37 milljarða. Bretar veita lausafjáraðstoð um GBP 200 milljarða og veitir ríkisábyrgðir fyrir víkjandi eigin fé.

**1.16.** Bandaríkjamenn auka innlánstryggingar úr 100 þúsund dölum í 250 þúsund dali og veita víðtækar ábyrgðir á millibankalánum og veita 250 milljörðum dala í nýtt eigin fé. Þetta er hluti af USD 700 milljarða ríkisaðstoðinni. (Jafnframt hafa svo nokkur fjármálafyrirtæki farið í þrot).

Best reknu bankar heims hafa þurft aðstoð skv. ofangreindu, þar á meðal Bank of America, Barclays, Loyds, HSBC, UBS, ING, Fortis, Swebank, SEB, Danske Bank, Bank of Ireland til að nefna nokkur heimsþekkt nöfn. Þegar haft er í huga að við vorum nánast án bakstuðnings alþjóðasamfélagsins var ljóst að íslenskir bankar gætu lent í vanda vegna heimskreppunnar. Vafalaust mátti víðar betur gera, sérstaklega á síðustu vikum fyrir fall bankanna, en bíðum úttektar forsætisráðherra áður en dómar eru felldir.

## 2. Mat á ofangreindum aðgerðum og valkostir Íslands

Samkvæmt ofanrituðu yfirliti hafa flest ríki kosið að beita víðtækum og dýrum aðgerðum til að verja bankakerfi sín falli. Þetta er gert með allsherjar innlánstryggingum, hlutafjárframlögum, víðtækum ríkisábyrgðum á lánatökum, beinum lausafjárstuðningi, samruna bankanna og kaupum á vandamálalánum. Kostir íslenskra stjórnvalda þegar Glitnir stóð frammi fyrir þegar lausafjárkreppan féll hér á með fullum þunga voru eftirfarandi:

**2.1.** Að veita víðtækar innlánsábyrgðir, greiða nýtt eiginfé í bankana og kaupa vandamálalán og ná fram samruna eininga. Þetta hefði leitt til útgjalda og verulegrar áhættutöku sem ekki var að fullu mælanleg. Þetta hefði mátt gera samhliða samruna stærstu eininganna, sem til umræðu hafði komið áður.

**2.2.** Slá skjaldborg um innlánseigendur og ná aðgreiningu innlendrar og erlendrar starfsemi. Þetta mætti gera með því að meta kostnað og áhættu og gera reikninga upp strax.

Margir í fjármálaþjónustunni hefðu talið mikils virði að láta reyna á leið 2.1. hér að ofan og þá ásamt með samruna tveggja banka til að styrkja kerfið. Valið var hins vegar ekki einfalt vegna þeirra miklu fjárhæða sem undir voru samanborið við landsframleiðslu. Þarna voru tímamótin í málinu og leitt að skortur á alþjóðlegum stuðningi takmarkaði alla möguleika.

Niðurstaða ríkisstjórnar var því að fara leið 2.2. hér að ofan og slá skjaldborg um innlánsþega sem er að hluta í takt við aðgerðir stjórnvalda í vestrænum ríkjum síðustu mánuði og eru raktar að ofan. Það sem var frábrugðið í leið 2.2. var að aðgreina innlenda og erlenda hagsmuni. Það fylgir þeirri leið að uppgjör erlenda hlutans fer fram strax og greiðslan skilgreind í stað þess að ábyrgjast óskilgreint tjón til frambúðar. Meðal þess kostnaðar sem gæti komið til greiðslu að hluta nú eru erlend innlán að því marki sem eignir hrökkva ekki til sem við vissulega treystum að verði. Hafa ber í huga að alþjóðleg innlán af þessu tagi eru rúm 10% af heildar erlendum skuldum fjármálakerfisins. Þegar taka alþjóðlegra innlána hófst, t.d. í Landsbankanum árið 2004 og síðar árið 2006 í útibúum erlendis var það gert til að dreifa áhættu af fjármögnun og styrkja stoðir vaxandi íslensks fjármálakerfis. Þessi nýbreytni hlaut lof greiningaraðila og engan óraði fyrir að vandi gæti af því skapast og allt gert til að afstýra því.

## 3. Staða íslensku bankanna:

Íslensku bankarnir hefðu viljað sjá aðgerðir hér á landi líkar þeim sem Írar, Danir, Norðmenn, Grikkir og Hollendingar beittu. Þær hefðu bætt starfsgrundvöll, a.m.k. tveggja banka. Á síðustu vikunum voru slíkar hugmyndir viðraðar í tengslum við samruna Landsbanka og Glitnis og síðar samruna Glitnis, við Landsbanka og Kaupþing sem hefðu þá styrkt stöðu sína, m.a. með aukningu innlána. Sú aðgerð hefði ásamt flýtimeðferð á samruna eininga Landsbankans í Bretlandi getað einfaldað úrvinnslu þeirra mála sem unnið var að varðandi innlán Landsbankans í Bretlandi. Sú leið hefði reynt á hliðaraðgerðir ríkisvaldsins hér í formi lausafjárstuðnings, hlutafjáraukningar og einhverrar ríkisábyrgðar, sbr. megindrætti í aðgerðum þeirra 16 ríkja sem rakin eru hér að ofan. Leitt er að þetta tókst ekki. Til mikils var að vinna við að verja hundruð starfa, verja fjármálakerfið og þar með eina mikilvægustu atvinnugrein landsins og óhemju verðmætar eignir. Allir þeir sem hafa tapað vinnu og eignum eiga samúð mína.

Miðað við þau stærðarhlutföll sem hér voru verðum við að sýna því skilning að stjórnvöld töldu of áhættusamt að verja bankana í heild, en hluta fjármálakerfisins mátti a.m.k. reyna að verja og var það sannarlega skoðað. Hitt á því miður engum að koma á óvart að allar þjóðir munu bera kostnað af uppgjöri heimsvíðtækrar fjármálakreppu, bæði hið opinbera, einstaklingar og fyrirtæki. Hér á landi var valið að gera þetta upp strax með tilheyrandi sársauka en það flýtir hugsanlega endurreisninni.

Mikilvægast nú er að allar verkfærar hendur vinni að uppbyggingunni, sem hugsanlega getur orðið hraðari hér vegna mikilla auðlinda og aðlögunarhæfni. Stuðningur á grundvelli vinnu með IMF mun auka líkur á árangri.

*Höfundur er fyrrverandi bankastjóri.*

Opnum í dag
útsölumarkað
að Laugavegi 86.

Mikið úrval af merkjavöru

sævar karl. verslun
Opnunartími mánudaga – föstudaga 11 – 18, laugardaga 11 - 17



# Löng helgi - kynnum frábær jólatilboð

Laugardag frá kl. 11-17 , sunnudag frá kl. 13-17

Sjóðheitt kaffi og nýbakaðar kleinur alla helgina



Gravity Zero: Stillanlegt heilsurúm
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 669.920



Temprakon hiajöfnunarsæng
100% hreinn gæsadúnn
Stærð: 140x200
Jólatilboð: Kr. 31.920



Chiro Royal heilsurúm
Stærð: 160x200
Jólatilboð: Kr. 171.920



Joop sængurver
Stærð: 140x200
Jólatilboð: Kr. 13.520

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-17
Sunnudag frá kl. 13-17

# Ný spil á hendi!

Í dagbók **Þráins Bertelssonar** er fjallað um fjarstaddan ræðumann, hengilmænu og harmleik. Einnig er minnst á ofbeldishneigðan kött og nýjan spilastokk og sagt frá ódýrustu og afkastamestu stofnun á landinu.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**



**LAUGARDAGUR, 25. OKTÓBER.**

### Fjarstaddur maður tekur til máls

Mbl.is í dag:

„Nokkur fjöldi tók þátt í blysför frá Austurvelli að Ráðherrabústaðnum í Reykjavík á fimmta tímanum. Yfirskrift mótmælanna var „Rjúfum þögn ráðamanna og göngum til lýðræðis.“ ... Meðal ræðumanna á Austurvelli voru Þorvaldur Gylfason, Jón Baldvin Hannibalsson, Þráinn Bertelsson og Páll Óskar Hjálmtýsson ...

Efnt verður til sams konar mótmæla á Austurvelli næstu þrjá laugardaga.“

Mér finnst rétt að halda því til haga að ég tók alls ekki til máls á þessum fundi þótt annað sé fullyrt á mbl.is.

Ástæðan fyrir því að ég mætti ekki í mótmælin og fór heldur í sund er sú að mér sýndist dóttir fyrrverandi stjórnmálamanns og einhverjir með henni vera að reyna að taka yfir þau mótmæli sem Hörður Torfason hefur haldið utan um að undanförnu. Að frumkvæði Harðar sagði ég fáein orð á fundi á Austurvelli fyrir viku, enda voru engir stjórnmálamenn þar á mælendaskrá.

Ég hef sem betur fer hvorki hæfileika né sjálfstraust sem pólitískur endurlausnari svo að ég ætla ekki að reyna að stofna né stjórna mótmælahreyfingu. Dóttur stjórnmálamannsins gengur sjálfsagt gott eitt til með framlag sitt þótt ég sé á því að faðir hennar sé kominn fram yfir síðasta neysludag – sem stjórnmálamaður.

Við frú Sólveig fórum í mikið indælis kvöldverðarboð í Kópavogi hjá þeim Samper-hjónum Kristjönu og Baltasar að borða saltfisk að hætti Katalóníumanna. Maturinn var svo góður að enginn fann sig knúinn til að setja á svartsýnisræður um kreppuna. Það næsta sem við komumst efnahagsmálum var að ræða um ýmiss konar aðlaðandi tilboð frá símafyrirtækjum sem þrátt fyrir örlæti sitt við viðskiptavinina virðast alltaf ná á okkur góðum snúningi um hver mánaðamót.

**SUNNUDAGUR, 26. OKTÓBER.**

### Snemmbúið vetrarfrí

Það er fjögurra daga samfellt vetrarfrí í Landakotsskóla kringum þessa helgi frá föstudegi til mánudags.

Litla Sól, fimm ára, ákvað að tími væri til kominn að fá að gista eina nótt hjá Lilju vinkonu sinni og nágranna hérna í Mjóstrætinu í um fimmtíu metra fjarlægð frá okkur. Þessi fyrsta „vinkonugisting“ ævinnar mun hafa gengið mjög vel og verið mikið grín.




Andri, tíu ára, sem er lífsreyndari, bauð Gumma vini sínum og skólabróður að gista hérna hjá okkur og ég sofnaði við pískur og hlátrasköll sem bárust út úr herberginu þeirra.

Mér finnst þetta vetrarfrí vera soldið vanhugsað. Skólinn er til þess að gera nýbyrjaður og ekki farið að votta fyrir skólaþreytu hjá krökkunum nema síður sé. Gott væri að tímasetja vetrarfrí þannig að hægt væri að tengja þessi frí við einhverja daga sem von er til að foreldrar eða forráðamenn barna geti notað tímann til að gera eitthvað skemmtilegt með börnunum.

**MÁNUDAGUR, 27. OKTÓBER.**

### Ofbeldi, hengilmænuháttur og harmleikur

Þá er helgin liðin með hefðbundnum ofbeldisverkum í Reykjavík og nágrenni.

Í sambandi við ofbeldið í Reykjavík þá getur það tekið á sig ótrúlegar myndir. Til dæmis þekki ég svartan kött sem er búsettur einhvers staðar hérna í Grjótaþorpinu og er svo gegnsýrður af ofbeldishugsun að hans afþreying er að sitja fyrir vegfarendum ofarlega í Fischerssundi, rétt neðan við Garðastræti.



Hugsanlega er það gjaldþrot bankanna ellegar hengilmænuháttur forsætisráðherra og harmleikurinn í Seðlabankanum sem hefur gert útslagið á vitstola hugarástand kattarins. Hann situr á miðri gangstétt og fylgist vandlega með umferð um Fischersund og er að sigta út fórnardýr að ráðast á, einkum ef fólk er í göngutúr með risastóra hunda hjólar kötturinn í þá með klóm og kjafti og þeir eiga fótum fjör að launa.

Um daginn sá ég að einhver maður ætlaði að gera sér dælt við kisa og skoða nafnspjald sem hann er með í ól um hálsinn en var fljótur að draga sig til baka því að kötturinn beit hann snarlega í lúkuna og hann mátti þakka fyrir að halda handleggnum.

Þessi árásargirni hlýtur að hafa smitast í köttinn meðan hann var enn þá kettlingur og Range Rover- og Armani-herforingjarnir marséruðu hér um stræti eins og þeir hefðu hernumið landið og þjóðin væri réttmætt herfang þeirra; skriðdrekana sína geymdu þeir í bílastæðahúsinu hérna við Mjóstræti.

Bókin mín „Ég ef mig skyldi kalla – seinþroskasaga“ kom úr prentsmiðjunni í dag. Það er skrýtin tilfinning að fá í hendur bók sem maður hefur eytt ótal andvökustundum í að hugsa um og mörgum vinnustundum í að skrifa.

Nú er stundin slegin. Nú er að sjá hvernig viðtökur þetta bókarkorn fær. Ég er í senn vongóður og kvíðafullur og stundum fyllist ég örvæntingu. Það er mitt jafnaðargeð.

**ÞRIÐJUDAGUR, 28. OKTÓBER.**

### „Menningarvitamálastofnun Íslands“



Egill Helgason er maður ekki einhamur. Í gamla daga var sægur af svokölluðum „menningarvitum“ sem tjáðu sig í blaðagreinum eða á öldum ljósvakans um jafnóskyld menningarmál sem stjórnmál og listir. Egill hefur komið í staðinn fyrir mestallan þennan hóp. Með Silfri Egils og Kiljunni og daglegu bloggi á Eyjunni er Egill orðinn að stofnun í þjóðfélaginu, eins konar „Menningarvitamálastofnun“ sem lýsir öllum sæfarendum á fiskimiðum menningar og stjórnmála.

Á sumrin fer Egill svo til Grikklands sér til heilsubótar og á meðan Menningarvitinn logar ekki dettur engum í hug að minnast á bækur né pólitík. Þetta er sennilega ódýrasta og afkastamesta stofnun á landinu.

Þar sem ekkert virðist vera svo smátt að það fari framhjá Agli gerði hann mér orð í tilefni af útkomu „Ég ef mig skyldi kalla“ og bað mig um að koma í viðtal, hvað ég og gerði. Mér leið vel í viðtalinu því að Egill kann bæði að spyrja og hlusta og hefur hlýlega nærveru.

**FIMMTUDAGUR, 30. OKTÓBER.**

### Fjórtán þúsund gjaldþrot



Það er hörmulegt að lesa þessa frétt á visir.is:

„Hartnær fjórtán þúsund Íslendingar eru í alvarlegum fjárhagserfiðleikum ... Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá Creditinfo Ísland.“

Það óhugnanlega er að þessar tölur segja bara frá ástandinu í dag í upphafi kreppunnar og aðrar tölur og enn þá svakalegri eru væntanlegar á næstunni.

Það er greinilegt að kapítalisminn sem trúarbrögð hefur brugðist okkur eins og kommúnisminn hefur brugðist öðrum þjóðum. Nú er spurningin hvort við lærum af reynslunni og reynum að reisa hér úr rústum nýtt þjóðfélag samstöðu og samábyrgðar sem snýst um hagsmuni fólksins í landinu.

Í landi þar sem fólkinu líður vel mun fyrirtækjum og atvinnurekstri einnig vegna vel.

Í því spili sem spilað hefur verið undanfarna áratugi var frá upphafi vitlaust gefið. Nú er ekki nóg að þykjast ætla að stokka spilin. Við verðum að fá okkur flunkunýjan spilastokk – og nú er komið að þjóðinni sjálfri að gefa.

Þeir sem spila um líf og hamingju annars fólks eiga hvergi heima nema á betrunarhælum.

Opinn fyrirlestur

Jonas Gahr Støre

utanríkisráðherra Noregs



“Iceland and Norway – Neighbours in the High North“

**Opinn fyrirlestur með utanríkisráðherra Noregs, *Jonas Gahr Støre*, í hátíðasal Háskóla Íslands mánudaginn 3. nóvember kl. 11.15 á vegum utanríkisráðuneytisins, norska sendiráðsins og Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands.**

Fundarstjóri er ***Ólafur Þ. Harðarson***, forseti Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI
UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ
NORSKA SENDIRÁÐIÐ

# BIÐIN ER Á ENDA ERLENDUR KEMUR Í DAG

**Myrká er níunda bókin um Erlend rannsóknarlögreglumann**

**Sama verð og í fyrra. Við hækkum ekki bókaverð milli ára!**

**Kynningarverð:**
**3.590 kr.**
**Fullt verð: ~~4.790~~ kr.**






**Í tilefni af útgáfunni tekur Lögreglukórinn nokkur lög og Hjalti Rögnvaldsson leikari les upp úr bókinni. Dagskráin hefst kl. 16 í Eymundsson Austurstræti.**

**Boðið verður upp á molakaffi og kleinur að hætti Erlends í verslunum okkar í Austurstræti og Hafnarstræti Akureyri.**

TE & KAFFI

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
40% AFSLÁTTUR
ALI GRÍSAKÓTILETTUR
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
40% AFSLÁTTUR
ALI GRÍSAGÚLLAS OG GRÍSASNITSEL 1127 kr./kg. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.
499
ALI GRISABÓGUR 499 kr./kg.
40% AFSLÁTTUR
ALI GRÍSA HELGARSTEIK
1139 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR./KG.
698
ALI GRÍSABÓGUR REYKTUR 698 kr./kg.
683
KS FROSINN LAMBABÓGUR
683 kr./kg.
NÝSLÁTRAÐ
35% AFSLÁTTUR
KS FROSIN LAMBASVIÐ
194 kr./kg. MERKT VERÐ 299 KR./KG
30% AFSLÁTTUR
NAUTAVEISLU NAUTAGÚLLAS
1498 kr./kg.
MERKT VERÐ 2140 KR./KG
30% AFSLÁTTUR
NAUTAVEISLU-NAUTASNITSEL
1498 kr./kg.
MERKT VERÐ 2140 KR./KG.
498
NAUTAHAMBORGARAR
4 STK M/BRAUÐI
498 kr.
98
MYLLU
FJÖLKORNABRAUÐ
375g 98 kr.
898
ÞORSKBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR
898 kr./kg.
798
BÚHNYKKUR ÝSUBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR
798 kr./kg.
898
BLEIKJUBITAR
BEINHREINSAÐIR
898 kr./kg.
798
HARÐFISKUR
200g 798 kr.
ÍSLENSK PRÓTEINBOMBA.
359
BÓNUS LÝSI
500 ml 359 kr.
Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



50% AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKAR KJÚLINGABRINGUR MEÐ PÍRI-PÍRI KRYDDPOKA
1699 kr./kg. MERKT VERÐ 3398 KR./KG.



40% AFSLÁTTUR

ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
599 kr./kg. MERKT VERÐ 998 KR./KG



KJARNAFÆÐI

25% AFSLÁTTUR

KF KOFAREYKT HANGILÆRI M/BEINI
1424 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR./KG.



198

BÓNUS SPELT PIZZADEIG
400g 198 kr.



98

BRAZZI
APPELSÍNU & EPLA
1 ltr 98 kr.

EGILS KRISTALL +
1 ltr 89 kr.

COKE ZERO
2 ltr. 98 kr.

PEPSI MAX
1 ltr. 89 kr.



89 98 89



498

BÓNUS WC PAPPÍR 18 RÚLLUR 498 kr.
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.30

# Ég er ekki komin í formannsslag

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir** menntamálaráðherra segir engan ágreining um það í ríkisstjórn að endurskoða peningamálastefnuna. Hún gagnrýnir hart að Landsbankanum hafi verið leyft að setja IceSave-reikninga á fót í Hollandi eftir að athugasemdur höfðu verið gerðar við reikningana í Bretlandi. Hún sagði *Svavari Hávarðssyni* að hún væri ekki komin í formannsslag.

Hvernig metur þú stöðu Sjálfstæðisflokksins í dag og ábyrgð hans á efnahagsástandinu.

„Það er ekki hægt að draga dul á það að Sjálfstæðisflokkurinn er í erfiðri stöðu. Við erum í forystu í ríkisstjórn á viðsjárverðustu tímum í sögu þjóðarinnar. Efnahagslífið er hrunið, það er gjaldeyriskreppa og atvinnuleysi hefur aukist og verður töluvert á næstu árum. Það kemur því ekki á óvart að það gefi á bátinn hjá okkur. Við verðum að horfast í augu við það að við höfum gert einhver mistök en við höfum ekki verið ein í ríkisstjórn þessi ár. Ein af ástæðunum fyrir því að við höfum náð miklum árangri á undanförnum árum er stöðugt stjórnarfar. Það var lykilatriði fyrir vexti í þjóðarbúinu. Með því eru stjórnir bærar til að taka erfiðar ákvarðanir sem við höfum þurft að gera. Gleymum því ekki að á þeim tíma sem við höfum verið í stjórn hefur þjóðin áður átt erfið ár. Núna þegar kreppir verulega að, fullyrði ég að við erum ríkisstjórn sem stendur við sitt en vandinn sem við er glímt er tilkominn vegna ábyrgða einstaklinga og fyrirtækja á markaði. Að því sögðu er skiljanlegt að fólk hugsi ekki langt til baka enda eru einstaklingar að missa vinnuna eða töluverða fjármuni. Maður spyr á hverjum degi hvað við hefðum átt að gera öðruvísi og hvað getum við gert til þess að þjóðfélagið komist í gegnum þennan vanda til að halda áfram. Ég, eins og kannski þjóðin öll, horfi á börnin mín sofandi og hugsa hvað bíður þeirra í framtíðinni.“

*Sérðu fyrir þér átök innan Sjálfstæðisflokksins á næstunni og mikla endurnýjun í ljósi breyttra aðstæðna í samfélaginu. Þarf flokkurinn ekki að fara í gagngera endurskoðun á hugmyndafræði sinni og stefnu.*

„Nei, ég held ekki að það séu harðvítug átök innan flokksins fram undan. Það hefur alltaf verið mikið umburðarlyndi í Sjálfstæðisflokknum. Allir vita að það hafa verið skiptar skoðanir innan flokksins, til dæmis um Evrópumál. Það er ekkert umræðubann. Við höfum rætt þetta í þaula og komist að niðurstöðu sem við höfum fylkt okkur um. Þetta er farvegurinn innan lýðræðislegrar hreyfingar. Ég held að á næstunni verði mikil umræða innan flokksins um mörg mál og við verðum að horfast í augu við að aðstæður í samfélaginu hafa gjörbreyst. Það neitar því enginn. Við sögðum árið 2007 að okkar hag væri betur borgið utan ESB, eins og málum er háttað núna. Í dag hins vegar verðum við að endurmeta okkar hagsmuni í ljósi nýrra aðstæðna. Það mun ekki sundra flokknum; þvert á móti styrkja hann. Ég er heldur ekki hrædd við þær rökræður sem eru óumflýjanlegar.“

*Ert þú komin í formannsslag með því að leiða evrópusinnaða sjálfstæðismenn?*

„Ég er ekki komin í formannsslag. Ég er einfaldlega að fylgja minni sannfæringu í þessu máli og til þess er ég í stjórnmálum. Því er ekki beint gegn neinum; allra síst formanni flokksins. Ég styð hann heilshugar og okkar samstarf er afburðagott. Við tölum saman á nær hverjum degi, við erum ekki alltaf sammála en það er líka hollt. Ég styð hann nú sem fyrr. Hann er góður maður, víðsýnn og umburðarlyndur og ég trúi því að hann sé rétti maðurinn til að leiða okkur í gegnum þá erfiðleika sem að okkur steðja núna.“

*Ákvarðanir stjórnvalda að undanförnu hafa verið gagnrýndar harðlega, þar á meðal hvað þið vissuð mikið og hvenær. Hvenær vissir þú að staða bankanna var jafn alvarleg og raun ber vitni og hvenær varð þér ljóst að grípa þyrfti inn í?*

„Það var ekki fyrr en nokkrum dögum áður en bankarnir hrundu. En það voru ákveðin viðvörunarljós og þess vegna lagði Geir það meðal annars til í ágúst að sameina Glitni og Landsbankann. En í ágúst óraði engan fyrir því að þessar hörmungar myndu ganga yfir þjóðina. Ef þetta er skoðað í samhengi þá verður að hafa hrun Lehmann-banka í september í huga og viku síðar er algjör lánsfjárþurrð staðreynd. Þetta hafði miklu víðtækari afleiðingar en við áttuðum okkur á að yrði staðreynd. Jafnvel bankamennirnir sjálfir skildu ekki samhengið. Svo er Kaupþing sér kapítuli í þessu öllu saman; við trúðum því að hann myndi standa þetta af sér miðað við okkar upplýsingar og sterka stöðu. Svo fer breska fjármálaeftirlitið inn í Singer & Friedlander, kannski í hefndarhug, og allt hrynur. Annars vil ég sem minnst tala um Bretana, þetta er allt svo niðurlægjandi fyrir þá. Þeir geta ekki kallað sig stórveldi lengur; þetta er smámennaháttur. Stórþjóð í mínum huga í dag eru Færeyingar.“

*Hvað með hlut Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins?*

„Auðvitað spyr maður sig margra spurninga þessa dagana. Maður spyr sig af hverju Landsbankanum var leyft að setja IceSave laggirnar í Hollandi eftir að byrjað var að reyna að vinda ofan af þessu í Bretlandi? Af hverju stoppaði ekki kerfið þetta? Af hverju var ekki hægt að nota bindiskylduna eða Fjármálaeftirlitið farið og sagt hingað og ekki lengra? Ég gagnrýndi það á sínum tíma og tel að Seðlabankinn hafi þar gert mistök, að leyfa bönkunum ekki að gera upp í evrum. Menn voru á alþjóðlegum markaði og ég held að þetta sé hluti af því að þetta fór allt svo af stað. Við hefðum líka átt að stemma stigu við vexti bankanna. Áttum við að fara í viðræður við Kaupþing um að flytja höfuðstöðvar sínar þar sem bankinn var orðinn of stór? Við hefðum vissulega séð eftir skatttekjunum en þá hefði starfsemi bankans hér heima verið trygg. Af hverju var ekki gripið inn í þetta í ársbyrjun 2006 í litlu fjármálakreppunni og af hverju byrjaði Seðlabankinn ekki að styrkja gjaldeyrisforðann með öflugri hætti á þeim tíma? Það eru margar erfiðar spurningar sem stjórnvöld, Seðlabankinn, Fjármálaeftirlitið og ekki síst forystumenn þeirra fyrirtækja sem um ræðir verða að svara. Ég vona bara að menn læri af þessu. Ég legg mikla áherslu gegnsæi og að farið verði yfir þessa sögu alla án þess að komi til illdeilna. Það má ekki skapast tortryggni á milli fólks vegna þessara atburða þótt hún sé skiljanleg um tíma.“

*Telur þú ástæðu til þess að endurvekja Þjóðhagsstofnun?*

„Ég útiloka það ekki. Það getur vel verið að það þurfi að endurvekja Þjóðhagsstofnun. Það er allavega ljóst í ljósi nýrra tíma að ríkið þarf að hafa aðgang að hlutlausum aðilum sem geta sett fram hagtölur á ábyrgan hátt. Ef það verður til þess að rekstur og stefnumótun ríkisins verði betri þá er sjálfsagt að það gerist.“

*Umræða um kosningar og endurskoðun stjórnarsáttmálans hefur verið áberandi síðustu daga. Þurfa stjórnmálamenn ekki að endurnýja umboð sitt við fólkið í landinu þar sem mikið vantraust virðist vera á stjórn, þingi og embættismannakerfinu.*

„Gott og vel, ef fólk segir að alltaf þegar vandi steðjar þá skulum við kjósa. Ef það er almenna reglan þá eigum við að kjósa. Ég hins vegar er þeirrar skoðunar að á meðan við göngum í gegnum þennan efnahagslega vanda, sem mun leiða af sér félagslegan vanda, þá verði stjórnmálamenn að axla ábyrgð. Ég býð ekki í það ef við fáum stjórnmálakreppu fast á hælana á efnahagskreppu.“

*Getur ríkisstjórnin setið áfram út næsta ár án þess að koma sér saman um sameiginlega stefnu peningamála?*

„Endurskoðun peningamálastefnunnar er eitt stærsta verkefnið sem við stöndum frammi fyrir og við ætlum að gera það sem fyrst. Um það er enginn ágreiningur.“



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Menntamálaráðherra segist ekki hafa hafið formannsslag þótt hún viðri skoðanir sínar á Evrópumálum. Hún segist einfaldlega fylgja sinni sannfæringu í stjórnmálum og því sé ekki beint gegn neinum, allra síst Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formanni flokksins. Hún telur engan hæfari til að leiða þjóðina í erfiðum tímum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

*Hvað finnst þér um hugsanlegt myntbandalag við Noreg?*

„Það er eflaust hægt að finna kosti við það að tengjast Norðmönnum. Hins vegar held ég að í því fælist algjört valdaafsal því þetta yrði væntanlega einhliða tenging. Ég tel þetta því vart raunhæft. Þetta gerist alltaf þegar umræðan um ESB tekur á loft. Þá er bent á aðrar lausnir. Auðvitað er sjálfsagt að skoða þær en ég held að ef við ætlum að hverfa frá þeirri peningamálastefnu sem nú er þá sé það eðlilegt að við leitum inn í Evrópusambandið. Við höfum EES-samninginn og erum mjög tengd Evrópu á svo margan hátt. Ég tek því undir með aðalhagfræðingi Seðlabankans sem segir að annað hvort endurnýjum við núverandi peningamálastefnu eða við leitum á mið evrunnar.“

> Endurskoðun peningamálastefnunar er eitt stærsta verkefnið sem við stöndum í frammi fyrir og við ætlum að gera það sem fyrst. Um það er enginn ágreiningur.

*Nú er ljóst að draga verður úr útgjöldum hins opinbera. Verður skorið niður í þínu ráðuneyti?*

„Opinberi geirinn í heild verður að taka ábyrgð og þá er mitt ráðuneyti ekki undanskilið því. Ég ætla ekki að svara því hér og nú hvernig það verður gert en ég er búin að funda með forstöðumönnum stofnananna svo þeir séu meðvitaðir um að þeir geti ekki leyft sér að fara út fyrir það svigrúm sem veitt hefur verið samkvæmt fjárlögum. Við verðum að sýna fram á aga, um leið og við þorum að byggja upp. Langtímahagsmunir okkar liggja í menntun og rannsóknum og þeirri nýsköpun sem af því getur leitt. Ég er sannfærð um það að ef við byggjum áfram upp menntun í landinu þá verður það okkur mikið gæfuspor. Við höfum nú þegar tekið risaskref í menntamálum. Fjármagn verður að setja á rétta staði og hafa eftirlit með því. Fyrst og síðast verðum við svo að gera kröfur um gæði í gegnum allt skólakerfið.“

*Staðan á fjölmiðlamarkaði er alvarleg. Er ekki ljóst að RÚV verði að fara alfarið af auglýsingamarkaði í ljósi þess að frjáls fjölmiðlun lifir ekki í því umhverfi sem henni er búið í dag.*

„Ef sú aðgerð ein og sér myndi bjarga fjölmiðlamarkaðnum á morgun þá tæki ég þá ákvörðun, já. Ég lagði minnisblað fyrir ríkisstjórn í morgun þar sem ég mun skipa vinnuhóp sem fer yfir þetta. Ég er að koma með nýja fjölmiðlalöggjöf á þessum vetri sem byggir á neytendarétti og samhliða ætlaði ég að láta skoða hvernig við myndum takmarka hlut Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Ég hef verið hlynnt því en um það hefur ekki náðst pólitísk samstaða. En ég er sannfærð um að það sé hljómgrunnur fyrir þessu núna. Við erum að bíða eftir áliti frá Samkeppniseftirlitinu um stöðuna á auglýsingamarkaði. Við vitum að RÚV hefur ekki verið að auka hlutdeild sína á undanförnum árum gagnvart Skjánum og Stöð 2 og auglýsingar eru ekki stærsti þátturinn í slæmri stöðu ljósvakamiðla. Menn verða líka að horfa í eigin barm varðandi skuldsetningu. Ef brotthvarf RÚV af auglýsingamarkaði, að hluta til að minnsta kosti, stuðlar að því að frjálsir fjölmiðlar eigi meiri tækifæri til að halda áfram rekstri þá er það vinna sem ég mun fara mjög hratt í. Ég get ekki til þess hugsað að sú skelfilega staða kæmi upp að við sætum uppi með einn ríkismiðil. Það sama á við um prentmiðlana. Mann hryllir við tilhugsuninni ef þetta fer á versta veg.“

*Efst í huga þjóðarinnar um þessi mánaðamót er hvernig verður komið til móts við þá einstaklinga og fjölskyldur sem í orðsins fyllstu merkingu horfa fram á gjaldþrot á næstu dögum. Sérðu fyrir þér einhverjar aðgerðir sem geta aðstoðað þennan stóra hóp með beinum hætti á næstu vikum?*

„Það eru fjölmörg mál sem við erum að ræða og verða kynnt á næstunni af fagráðherrunum. Ég vil koma því á framfæri, og vona að ég nái að koma því til skila til fólks, að ríkisstjórnin mun gera allt sem í hennar valdi stendur til að milda höggið fyrir fólkið í landinu. Við reynum að koma okkur út úr þessu eins hratt og auðið er, en það verður erfitt. Ég ætla ekki að setja fram einhverja tálsýn hvað það varðar. Ég efast ekki um að allir munu leggjast á árarnar og það er í okkar karakter að vinna okkur út úr vanda. Við getum verið reið, enda er fátt eins mannlegt. En þá ítreka ég það sem amma mín sagði: Það er mannlegt að reiðast en djöfullegt að vera langrækinn. Ég held að við ættum að hafa þetta hugfast núna og þá mun okkur ganga vel.“


SÖNGVABORGAR
DAGUR Í
SMÁRALIND
Í DAG
13-17
Aðgangur ókeypis
SÖNGVABORGIN
Í VETRARGARÐINUM
Kl. 13 Nýja Söngvaborgin á stórum skjá.
Kl. 15 Sigga og María skemmta, ásamt Lóu, Masa, Subba sjóræningja og Silju.
Kl. 16-17 Atriði úr Madonnu-sýningunni á Broadway, atriði frá Magadanshúsinu, nemendur úr söngskóla Maríu Bjarkar.
Kl. 12-18 Hoppukastalar
SÖNGVA BORG 5
TILBOÐ
Sérstök tilboð verða í tilefni dagsins frá kl. 13.00-17.00 í Vetrargarðinum.
Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000
Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA




KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

Opnunartímar í Krónunni:

Krónan Höfða alla daga 11-19
Krónan Lindum alla daga 11-19
Krónan Granda alla daga 11-19

# KRÓNAN fyrst og fremst ódýr




| Krónan Breiðholti | Krónan Hafnarfirði | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Akranesi | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði |
|---|---|---|---|---|---|
| virka daga 11-21<br>lau. 11-21 sun.12-21 | virka daga 11-21<br>lau. 11-21 sun. 12-21 | virka daga 10-20<br>helgar 10-19 | alla daga 10-19 | alla daga 11-19 | virka daga 11-19<br>lau. 11-19 sun.12-16 |

# Nú þarf gömul gildi en nýtt fólk

Nú ríður á að hæfasta fólkið komi að stjórn landsins og að þjóðin láti af sjálfsblekkingum og minnist gamalla gilda. Flengingar á börnum hafa verið aflagðar en svo virðist sem þjóðin þurfi enn á þeim að halda. Við getum þó lært af Finnum sem spyrntu frá botni og hafa verið meðal þeirra efstu síðan.

Það var fámennt við umræðuborð Fréttablaðsins þessa vikuna en engu að síður góðmennt. Jón Sigurður Eyjólfsson tók á móti þremur framkvæmdastjórum sem koma úr jafnmörgum áttum. Þeir eru Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, frá Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum, Sigríður Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og rekstrarstjóri Frumkvöðlaseturs, og loks Benedikt Jóhannesson frá útgáfufyrirtækinu Heimi.

Benedikt var stjórnarformaður Eimskipafélagsins árið 2003 en hann lét af formennsku skömmu eftir að Samson ehf. og Landsbankinn urðu stærstu hluthafar þess. Það var því freistandi fyrir blaðamann að spyrja hvort hann hafi séð fyrir í hvað stefndi í íslensku viðskiptalífi.



**UMRÆÐUR Í FULLUM GANGI** Að fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja. Nú þarf að huga að gömlu gildunum aftur en hins vegar má endurnýja í hópi þeirra sem halda um stjórnartaumana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Gömlu gildin í stað sjálfsblekkingar

**Benedikt:** „Það er nú þannig að maður hefur alveg óskaplega sjálfsblekkingarhæfileika," segir Benedikt og þessi upphafsorð vekja mikla kátínu fundarmanna. „Það er reyndar þannig að við sem höfum ákveðinn bakgrunn í hagfræði og viðskiptum sjáum það strax að það eru ákveðnir hlutir sem geta ekki gengið upp. En aftur og aftur verður reynslan að minna okkur á það að ef eitthvað er of gott til að vera satt þá er það yfirleitt ekki satt. Til dæmis fengum við ágætis áminningu um þetta þegar netbólan svokallaða sprakk en svo kemur bara ný bóla. En það breytir því hins vegar ekki að til að reka fyrirtæki þurfa menn að standa skil á þremur þáttum og þeir eru; menn þurfa að geta borgað kostnaðinn, launin og svo lánin. En þegar menn eru farnir að getað búið til verðmæti bara með því að segja að þeir séu með verðmæti þá er kominn upp veruleikaskekkja sem gengur náttúrulega ekki til lengdar. Ég held að besta dæmið um þetta sé Sterling sem svo til sömu mennirnir voru alltaf að kaupa og selja."

**Sigurgeir Brynjar:** „Það hafa auðvitað þrifist sjálfsblekkingar í sjávarútveginum líka. Þorskstofninn er náttúrulega okkar mikilvægasti stofn og þar höfum við gengið á höfuðstólinn og eytt um efni fram af einskærri sjálfsblekkingu. Ég var að tala við Helga Áss Grétarsson, sérfræðing við lagadeild Háskóla Íslands, sem hefur verið að rannsaka fiskveiðistjórnun og samkvæmt hans kokkabókum hafa verið veidd um 500 þúsund tonn með lögmætum hætti en umfram leyfilegan hámarksafla. Þá er ég að tala um sóknarmark smábáta, línutvöföldun og fleiri sértækar aðgerðir. Ef því er svo bætt við sem stjórnvöld hafa úthlutað umfram ráðleggingar fiskifræðinganna þá erum við komin með eina til eina og hálfa milljón tonna. Þannig að við höfum eytt um efni fram mjög lengi svo það er ekki annað á dagskrá hjá okkur en að byggja upp að nýju. Það er því um að gera að dusta rykið af gömlu gildunum sem við berum jú öll innra með okkur; nægjusemi, dugnað og eljusemi. Við Íslendingar verðum bara að gera okkur grein fyrir því það er ekki endalaust hægt að græða með því að hrifsa sífellt úr greipum Ægis."

**Sigríður:** „Ég get að mörgu leyti tekið undir þetta en þótt við séum að tala um að hverfa aftur til gömlu gildanna þá má ekki taka því sem svo að við viljum þjóðfélag eins og það var fyrir fjörutíu árum þegar frystihús var í hverju þorpi og meirihluti þjóðarinnar vann við sjávarútveg og landbúnað. Við viljum að sjálfsögðu ekki vera með öll eggin í sömu körfunni svo við þurfum að byggja upp fjölbreytta atvinnustarfsemi. Þegar Finnar gengu í gegnum kreppu við upphaf tíunda áratugarins þá var hreinlega tekin stjórnarfarsleg ákvörðun um það að byggja á nýsköpun og mannauði. Þá fóru þeir markvisst í það að laga sitt lagaumhverfi með það í huga. Þeir fóru að mennta fólkið sitt í massavís og byggja upp flott nýsköpunarfyrirtæki. Og enn í dag, þegar verið er að mæla samkeppnishæfni þjóða, þá tróna þeir alltaf meðal þeirra efstu þar sem þeir hafa nú þennan sterka grunn undir fjölbreytta atvinnustarfsemi til að byggja á. Þetta er eitthvað sem við ættum að hafa hugfast; ég held að það sé lag núna að skoða allt laga- og regluumhverfi í kringum nýsköpunar- og þróunarfyrirtæki. Við eigum nóg af auðlindum til að vinna með hvort sem litið er til manns eða náttúru."

### Nýtt fólk við stjórnvölinn

**Sigurgeir Brynjar:** „Þá erum við nú komin að nokkru sem ég tel mikilvægt að hafa í huga þegar þú talar um stjórnskipunina. Margir þeirra sem sitja á þingi eru góðir menn en algjörlega á rangri hillu og þetta á líka við um margan manninn í stjórnkerfinu og í stofnunum okkar; í Seðlabankanum og fleiri stöðum. Þetta eru þeir staðir þar sem við verðum að nýta okkar besta fagfólk. Við verðum að skapa það umhverfi í kringum okkar grunnstoðir að þangað laðist að okkar hæfasta fólk. Síðustu ár hefur það eflaust séð hag sínum betur borgið annars staðar en nú þegar kreppir að tel ég að við verðum að fá hæfara fólk inn í stjórnkerfið og stjórnmálin. Ég ætla nú ekki að fara að tala illa um nokkurn mann en ég tel að ef það hefði verið úr meiri fagþekkingu að moða í stjórnkerfinu og meira skipulagi þá hefði verið hægt að afstýra miklu af því tjóni sem nú er orðið; en alls ekki öllu."

**Blaðamaður:** „Var ekki bara hæfasta fólkið upptekið í einkageiranum þar sem mesta spennan var?"

**Benedikt:** „Ja, sjáðu bara hvað gerðist þar engu að síður."

### Höfum ekki efni á því að slást núna

**Blaðamaður:** „En heldur þú að okkur takist nú ekki að byggja á traustari grunni en þessari sjálfsblekkingarbólu sem síðan springur framan í okkur eins og gerðist með netbóluna og síðan núna?

**Benedikt:** „Menn virðast alltaf þurfa að reka sig á aftur og aftur. Allir vita hvers konar vitleysa það er að neyta eiturlyfja en samt er alltaf til ákveðinn hópur sem neytir þeirra. Þannig að þótt við höfum fengið ærlega á baukinn núna þá held ég að við getum ekki sagt sem svo að nú höfum við lært lexíuna í eitt skipti fyrir öll."

**Sigurgeir Brynjar:** „Því miður þá held ég að þetta sé rétt, ég veit að flengingar á börnum voru aflagðar fyrir nokkru en sá tími virðist ekki enn runninn upp að þjóðin þurfi ekki á þeim að halda svona við og við." Fundarmönnum var skemmt yfir þessu fjörlega líkingarmáli Binna, eins og hann kallar sig sjálfur.

### Óskabarn þjóðarinnar fór villur vegar

**Benedikt:** „En það má ekki gleymast að hér eru allir innviðir fyrir hendi og við eigum mörg flott fyrirtæki. Við sjáum það að fólk er til í að taka á sig launalækkanir svo slík fyrirtæki geti siglt í gegnum þetta eða allavega þannig að starfsemin lognist ekki út af. Mörg fyrirtækjanna eru ágætlega rekin þótt núna séu þau nokkuð illa sett þar sem þau skulda svo mikið.

Nú þegar ég nefni vel rekin fyrirtæki þá dettur mér í hug okkar ástkæra óskabarn þjóðarinnar, Eimskip, en einn félagi minn sagði þegar hann lét þar af störfum fyrir nokkrum árum að það fyrirtæki væri það stöndugt að það tæki þó nokkur ár með mjög einbeittum vilja að koma því í klandur." Fundarmönnum þótti þetta nokkuð skondið í ljósi stöðunnar í dag. „En svona er þetta, auðvitað var það ekki markmið stjórnenda að koma fyrirtækinu í klandur. En það var vikið frá þessari hefðbundnu leið í fyrirtækjarekstri og þeim gildum sem þar liggja að baki og þá var fyrirtækið komið út í eitthvað allt annað.

Ég held að nú ættum við að fara þá leið sem við þekkjum best. Það er skynsamlegra að líta á grunngildin sem eru að baki rekstrinum en láta ekki glepjast af skrautlegum excel-skjölum sem sýna væntanlegan gróða."

**Sigurgeir Brynjar:** „Já, það er alltaf miklu skynsamlegra að leggja mesta áherslu á það sem fer þér best frekar en að rembast við að verða bestur í því sem allir eru að gera. Þó svo að handbolti sé ekki vinsælasta íþrótt í heimi þá er ég mun stoltari yfir því að geta sagt að við séum næstbestir í handbolta frekar en að segja að við séum númer 102 í fótboltanum. Svona eigum við líka að hugsa í atvinnumálum okkar, leggja áherslu á það sem fer okkur best frekar en að reyna að slá um okkur þar sem nógur hamagangur er fyrir. En það er ekki þar með sagt að við eigum ekki að reyna að bæta okkur þar sem við erum ekki nógu sterk. Til dæmis hefur það verið sagt í sjávarútveginum að við séum góð í að veiða fisk og vinna hann en síðri í því að markaðssetja hann og úr því verðum við að bæta."

**Sigríður:** „Peter Drucker sagði einmitt: „Maður lifir ekki á því sem maður framleiðir heldur því sem maður selur"."

**Sigurgeir Brynjar:** „Já, mikið rétt. En svo er það annað, ég held að mest af mínum tíma sem stjórnanda fari í að pexa um það við aðra Íslendinga hvernig fiskveiðistjórnunarkerfið og fiskveiðiréttindin eigi að vera. Það væri mjög gott ef sátt fengist í þau mál. Þá fengi maður loksins meiri tíma til að einbeita sér að því að selja og markaðssetja fisk. Nú höfum við bara ekkert efni á því að vera að slást þegar við þurfum að skapa meiri verðmæti til að losa okkar við þessar skuldir."

**Sigríður:** „Það minnir mig á það hvað allt þetta tal um þjóðnýtingu kvótans er alveg út úr korti."

### Allt til alls, vantar bara peninga

**Benedikt:** „Þetta er nú ein af þeim hættum sem við okkur blasa núna; að fólk fari að gerast helst til miklir lýðskrumarar. Við heyrum núna bununa út úr þingmönnum frá öllum flokkum þar sem þeir sæta lagi nú þegar fólkið er reitt og ætla að tryggja sér fylgispekt með alls konar svoleiðis bulli. Hvort sem það er um upptöku eigna, þjóðnýtingu kvóta eða þessi saga um að krónan henti íslensku þjóðfélagi svo vel þar sem aðlögunarhæfni hennar sé svo mikil. Raunin er hins vegar sú að hún hentar íslensku þjóðfélagi hreint ekkert vel. Ég veit ekki hvað það eru mörg ár sem sjávarútvegurinn er í raun undir þeirri arðsemi sem hann þyrfti að vera einungis vegna þess að gengið hefur verið svo hátt skráð og til hvers er það? Jú, til þess að við höfum getað keypt flatskjái og fyrirtæki í útlöndum."

**Sigurgeir Brynjar:** „Það sama má segja um þetta ábyrgðarlausa tal um að auka veiðiheimildirnar vegna ástandsins."

**Benedikt:** „Já, nú þurfum við einmitt forystumenn sem kunna að leiða þjóðina í gegnum þetta bæði með því að taka réttar ákvarðanir við stjórnunina og eins með því að greina fólki frá stöðunni og drífa það með sér svo menn leggi ekki árar í bát. Það veldur mér til dæmis vonbrigðum með okkar ágætu valdhafa að þeir hafa undanfarin ár getað komið sér hjá því að ræða um aðild að ESB, þetta hefur annað hvort ekki verið tímabært eða ekki á dagskrá. Og þeim, sem hafa talað fyrir því að hér verði tekin upp önnur mynt, hefur verið svarað með barnalegum hætti, eins og að Lehmann-banki hafi nú farið á hausinn án þess að krónan kæmi þar við sögu, Írar hafi komið sér í vanda án þess að vera með krónuna og svo þar fram eftir götunum. Þetta er náttúrulega ekki sú pólitík sem við þurfum á að halda núna."

**Sigurgeir Brynjar:** „Ég vil bara ítreka að þótt ég hafi talað fyrir gömlu gildunum þá vil ég alls ekki að menn fari að þjóðnýta og setja svart bann á allt sem viðkemur útrás. Ástandið er kannski svart í svipinn en það væri nú ekki til að bæta það að byggja Ísland upp eftir albanskri eða kúbverskri forskrift. Við eigum mjög góð markaðsfyrirtæki, meðal annars í sjávarútvegi, sem eru að gera það gott á erlendri grundu og það væri alveg hrikalegt að tapa þeim öllum í þessari kreppu. Þurfa svo að biðja guð og Kastró að hjálpa sér að byggja upp á nýtt."

**Sigríður:** „Það mikilvægasta fyrir okkur nú er að minnast þess sem Michael Porter hefir haldið fram; að ríki fá ekki samkeppnisstöðu sína í arf. Hæfni fyrirtækjanna til nýsköpunar og þróunar er það sem skiptir meginmáli fyrir samkeppnishæfnina. Þjóðir skapa sér samkeppnisforskot í þeim greinum þar sem umhverfið heima fyrir ber vott um mesta framsýni, er sveigjanlegast og mest krefjandi."

**Sigurgeir Brynjar:** „Þetta er alveg hárrétt, við eigum ekki bara að vera að stappa í slori."

**Benedikt:** „Við höfum mjög sterka innviði, vel menntað fólk og rekstrarhæfa starfsemi á flestum sviðum. Það eina sem okkur vantar eru peningar."

LAMBAKJOT.IS



„... en það er bara svo gaman að sjúga svona núðlur
- get bara ekki hætt ..."

# SNILLDARBRAGÐ
## grallarans



## Kínverskar lambakjötsnúðlur

300 g eggjanúðlur • 4 - 500 g meyrt lamba- eða kindakjöt • 2 msk olía • 1 lítill rauðlaukur, saxaður 2 - 3 hvítlauksgeirar, saxaðir smátt • 1 msk ferskur engifer, saxaður smátt • 1 lítið rautt chili-aldin, fræhreinsað og skorið í þunnar sneiðar • 1 msk rautt karrímauk (red curry paste) • 150 g sykurbaunir (snjóbaunir) • 1 - 2 gulrætur, skornar í mjóar ræmur • 150 ml vatn • 1 tsk sykur • safi úr 1 límónu

Eldið núðlur samkvæmt leiðbeiningum. Skerið kjötið í mjög þunnar sneiðar þvert á vöðvaþræðina. Hitið 1 msk af olíu vel á wokpönnu eða þykkbotna pönnu og snöggsteikið við háan hita. Steikið í nokkrum skömmtum og takið svo af með gataspaða þegar það hefur tekið lit á báðum hliðum. Setjið afganginn af olíunni á pönnuna og steikið rauðlauk, hvítlauk, engifer og chili í 1 - 2 mínútur. Setjið kjötið aftur á pönnuna, ásamt karrímauki, snjóbaunum og gulrótum. Hellið vatninu yfir og sjóðið í 2 - 3 mínútur. Bragðbætið með sykri og límónusafa. Látið renna af núðlunum í sigti og setjið þær á pönnuna og steikið í 1 - 2 mínútur til viðbótar. Fljótlegt og ljúffengt - verði ykkur að góðu!

10 - 15 mínútur

H:N markaðssamskipti / SÍA

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA EINFALT

# Endurskoðum gildin í kreppunni

Hvað er hamingja? **Páll Matthíasson** geðlæknir hefur velt hamingjunni fyrir sér og hann sagði *Sigríði Björgu Tómasdóttur* eitt og annað athyglisvert um hamingjuna, hvar hana er að finna og hvar ekki.

Það er skollaleikur að ætla að leita að hamingju í eignum. Hvers vegna heldurðu að Imelda Marcos hafi átt yfir þúsund skópör?“ segir Páll Matthíasson geðlæknir. Páll hefur kynnt sér rannsóknir um hamingjuna sem sálfræðingar og aðrir fræðimenn hafa sinnt um langt skeið.

Í þeim efnahagslegu þrengingum sem nú ríða yfir íslenskt þjóðfélag er ekki úr vegi að velta hamingjunni fyrir sér, til að mynda tengslunum á milli peninga og hamingju. „Peningar tengjast hamingju en ekki á þann hátt sem fólk heldur oft,“ segir Páll. „Fólk sem á ekki neitt og fær peninga sem nægir því til að sinna grunnþörfum á borð við að koma sér þaki yfir höfuðið og kaupa sér mat verður hamingjusamara, en eftir að þessum grunnþörfum hefur verið sinnt þá hætta peningar að skipta máli.“

Páll segir í þessu samhengi athyglisvert að skoða að hamingja hafi aukist á Vesturlöndum fram um 1950, eftir það hafi hún ekki vaxið þrátt fyrir sívaxandi velmegun. „Það virðist vera eins og nýjar eignir færi eigendum hamingju í fyrstu en sú hamingja varir stutt. En ef þú ert að leita að ofsagleðinni sem fylgir því að eignast eitthvað nýtt þá viltu alltaf meira og meira, samanber Imeldu og skóna, en það er skollaleikur að ætla að finna hamingju í eignum,“ segir Páll.

### Sátt og jafnvægi mikilvægt

En hvað er hamingja? Páll segir hamingju ekki felast í ofsagleði heldur hafi verið sýnt fram á að hamingjusamari séu þeir sem eru sáttir og í jafnvægi, í sátt við guð og menn eins og sagt er. „Ef maður eltir stundarhamingju þá lendir maður í ógöngum.“

Ýmislegt er sameiginlegt með hamingjusömu fólki eftir því sem rannsóknir sýna og það eru þeir eiginleikar sem forvitnilegt er að fræðast um. „Hamingjusamt fólk hefur sínar eigin skilgreiningar á því hvað er mikilvægt,“ segir Páll. Hér útskýrir Páll að það sé manninum eiginlegt að bera sig saman við aðra og þeir sem til dæmis sífellt bera sig saman við þá sem eiga meiri peninga eða líta betur út séu óhamingjusamari en þeir sem velja sér réttan samanburð ef svo má segja. Samanburður er fólki svo mikilvægur að sýnt hefur verið fram á að flestir myndu velja lægri launahækkun í krónum talið ef hinir fengju það sama en ef að manni stæði veruleg hækkun til boða, til dæmis hálf milljón, en samstarfsmennirnir fengju eina milljón.

Fyrir utan að velja sér samanburð skiptir miklu máli að vera í stöðugu og langvarandi sambandi og á það einkum við um karlmenn. Það virðist ekki skipta hamingju kvenna jafn miklu máli að vera í sambandi.

Vinir skipta gríðarlega miklu máli segir Páll. „Rík vináttutengsl færa fólki hamingju, ekki síst þeim sem eldri eru, jafnvel meira en fjölskyldan sem tengist því kannski að maður velur vini sína en ekki fjölskyldu.“ Að þessu sögðu ber þó að ítreka að fjölskyldan skiptir auðvitað mjög miklu máli fyrir hamingju fólks.

### Fjöldauppsagnir eins og náttúruhamfarir

Vinnan skiptir miklu máli fyrir hamingju fólks, bæði að vinna og finnast vinnan skipta máli. Hæfilegt álag í vinnu er gott en of mikið álag dregur úr hamingju fólks að því er rannsóknir sýna. Uppsögn úr starfi, sama hversu ánægt fólk er með vinnunna sína, er áfall og dregur úr hamingju fólks. Fjöldauppsagnir, eins og nú ganga yfir þjóðfélagið, eru ekki sami skellurinn á egói fólks. Þær eru að sumu leyti eins og náttúruhamfarir og alveg eins og fólk heldur oft ró sinni í náttúruhamförum getur sama verið upp á teningnum þegar fjöldauppsagnir, samdráttur og kreppa ganga yfir.

„Fólk tekur hlutunum með ró, að hluta til vegna þess að áfallið leggst á alla. Ef allir hafa minna úr að moða þá skiptir það hamingju fólks ekki eins miklu máli,“ segir Páll sem vill þó taka fram að annað sé trúlega upp á teningnum ef öryggi fólks sé ógnað, það eigi á hættu að missa húsnæði eða eiga ekki í sig eða á.

Almennt segir Páll hins vegar að þegar litlir peningar séu í umferð í þjóðfélaginu þá neyðist fólk til þess að vera íhugulla, í raun þurfi fólk fyrst og fremst á hamingjuráðum að halda þegar góðæri ríkir, þá eltir fólk hamingjuna í efnislegum gæðum þar sem hana er ekki að finna.

### Trúað fólk hamingjusamt

En aftur að mikilvægi vinnunnar. Rannsóknir sýna að það skiptir hamingju fólks verulegu máli að það telji vinnu sína skipta máli, vera mikilvæga, sérstaklega í samfélagslegu samhengi. Þessu skylt er ugglaust sú staðreynd að hamingjusamt fólk er líka iðulega félagslega virkt, það tekur þátt í félagsstarfi einhvers konar. „Það skiptir máli að vera í Amnesty, Samhjálp eða hvers konar góðgerðarsamtökum, láta sig meira varða en sjálfan sig,“ segir Páll.

Að vera samfélagslega virkur skiptir líka máli, til dæmis að kjósa. „Kosningaþátttaka fer alls staðar minnkandi í hinum vestræna heimi og það er vandamál, samfélagið verður ólýðræðislegra fyrir vikið og þar með verra.“

Meðal þess sem hefur dregið úr félagslegri virkni fólks er sjónvarp, segir Páll sem segir alveg ljóst að mikið sjónvarpsgláp ýti undir vanlíðan og óhamingju. „Það er oft talað um svokallað flæði eða „flow“ í hamingjufræðum og þá notað um það að geta gleymt stund og stað. Fólk sem er til dæmis mjög ánægt í sinni vinnu gleymir stund og stað. Frístundir sem veita þér þetta eru líka mjög mikilvægar en sjónvarpsgláp er andstaða við flæði. Það er passíf iðja og fjölmargar rannsóknir sýna að hamingja og vellíðan fólks minnkar með vaxandi sjónvarpsglápi.“

Trú tengist líka hamingju segir Páll og bendir á að trúað fólk sé oft sáttara og hamingjusamara en þeir sem eru ekki trúaðir. „Trúin gefur stærra samhengi, fyrirheit og kennir auðmýkt og fyrirgefningu,“ segir Páll sem bendir á að jákvæð sálfræði nýtir sér þessa þætti trúarbragða. Jákvæði sálfræði hefur vaxið fiskur um hrygg undanfarin ár. Hún snýst um að bæta vellíðan fólks, frekar en að lækna sjúkdóma eins og geðlækningar og klínísk sálfræði gera.

### Fréttir geta valdið kvíða

Aftur til Íslands. Hingað til hafa Íslendingar ætíð komið vel út úr könnunum þegar spurt er um hamingju og segir Páll það ekkert ótrúlegar niðurstöður þótt kannanirnar séu ekki hávísindalegar, hér á landi séu svo margir þættir til staðar sem stuðla að hamingju fólks; einsleitt þjóðfélag, nálægð við fjölskyldu og vini, stuttur tími sem fer í samgöngur til og frá vinnu.

Annað mál er að íslenska þjóðarsálin litast oft mjög af einhverju einu álitamáli og þjóðarhamingjan, ef svo má segja, sveiflast upp og niður eftir því hvaða mál allir eru að tala um. Páll segist hafa tekið eftir því þegar hann bjó erlendis hvernig annaðhvort allir voru að fara á límingunum út af einhverju, til dæmis Kárahnjúkavirkjun, eða þá að allir voru í svakalegri uppsveiflu, eins og í góðærinu.

Eðlilega hafa fréttir af gjaldþrotum og efnahagshruni verið langmest áberandi undanfarið og um fátt meira rætt manna í millum eða í netheimum. Ekki er úr vegi að spyrja Pál að lokum hvaða áhrif þær fréttir og ástandið á Íslandi komi til með að hafa á heill og hamingju þjóðarinnar?

„Til lengri tíma litið held ég að kreppan neyði okkur til þess að endurskoða gildi okkar, horfa meira til þeirra hluta sem raunverulega hafa gildi fyrir vellíðan okkar. Að því leyti kemur kannski eitthvað gott út úr þessu að lokum. En til skemmri tíma þá fyllast margir óöryggi og kvíða. Eilífar hörmungafréttir gefa fólki þá tilfinningu að ekkert annað skipti máli en „kreppan“ og að allt sé að fara fjandans til. Það er vel þekkt úr hamingjurannsóknum að þeir sem fylgjast mikið með fréttum eru kvíðnari og telja sig búa í ótryggari heimi en þeir sem minna fylgjast með þeim – það eru jú engar fréttir að allt sé í lukkunar velstandi einhvers staðar eða að enginn glæpur hafi verið framinn í einhverju þorpi árum saman. Svo að fréttir gefa mjög skekkta mynd af raunveruleikanum. Það er ágætis ráð að reyna að takmarka aðeins fréttaglápið og fara frekar út að ganga eða sinna fjölskyldunni. Það minnir mann á að sólin kemur nú þrátt fyrir allt enn þá upp og að þeir hlutir sem ættu að skipta mann mestu eru enn til staðar.“



**GAMAN MEÐ VINUNUM** Góð tengsl við vini skipta miklu máli, samkvæmt hamingjufræðum. „Rík vináttutengsl færa fólki hamingju, ekki síst þeim sem eldri eru, jafnvel meira en fjölskyldan sem tengist því kannski að maður velur vini sína en ekki fjölskyldu,“ segir Páll. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Til lengri tíma litið held ég að kreppan neyði okkur til þess að endurskoða gildi okkar, horfa meira til þeirra hluta sem raunverulega hafa gildi fyrir vellíðan okkar. Að því leyti kemur kannski eitthvað gott út úr þessu að lokum.

Til lengri tíma litið held ég að kreppan neyði okkur til þess að endurskoða gildi okkar, horfa meira til þeirra hluta sem raunverulega hafa gildi fyrir vellíðan okkar. Að því leyti kemur kannski eitthvað gott út úr þessu að lokum.



**PÁLL MATTHÍASSON** Hamingjan felst ekki í ofsagleði heldur í sátt við guð og menn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Lottó eða slys?

**Hvort myndir þú heldur vilja vinna í lottóinu eða lenda í alvarlegu bílslysi?** Spurning sem býður upp á einfalt svar að mati flestra, auðvitað væri betra að vinna í lottóinu.

Hamingjurannsóknir hafa hins vegar leitt í ljós að þeir sem vinna stóran vinning í lottóinu eru síst hamingjusamari en þeir sem lenda í alvarlegu bílslysi. Raunar eru þeir sem lenda í bílslysi hamingjusamari ári eftir atburðinn en vinningshafarnir.

Ástæðan getur verið margþætt segir Páll, til dæmis að þeir sem lenda í slysi fara að endurmeta allt í kringum sig og fjölskyldan þjappar sér í kringum þá, með þeim afleiðingum að þeir verða ekki óhamingjusamir þrátt fyrir gjörbreyttar aðstæður.

Þeir sem vinna stóran vinning í lottói hætta hins vegar kannski að vinna, þeir fara að tortryggja vini og kunningja sem leita til þeirra eftir að vinningurinn kemur til sögunnar. Þegar allt kemur til alls færir peningaupphæðin mikla þeim ekki aukna hamingju.



**KK** heldur tónleika í Draugasetrinu á Stokkseyri klukkan 21 í kvöld, í tilefni af útkomu nýrrar plötu hans sem nefnist Svona eru menn.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

TILBOÐ VIKUNNAR

ÞÚ SPARAR 87.000kr

Íslensk framleiðsla

Hornsófi 2+h+2 ROMA
FÁANLEGT Í 4. TEG. ÁKLÆÐA

99.900kr
Verð áður 186.900.-

Fáanlegt í Smáralind og Holtagörðum
Tilboðið gildir til 4. nóvember

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

DÍVA
Sími 55 10 10 2 - www.diva.is

Komdu með auglýsinguna og fáðu 10% afslátt þegar þú pantar

Nudd
Snyrtistofa
Hársnyrtistofa
Varanlegförðun
Naglastofa
Hárlengingar

OPNUM KL 08:00 Á MORGNANA

Bjóðum í afmæli 1. nóv frá 19:00 - 21:00
Viðskiptavinir og aðrir velkomnir

Hverfisgötu 125 við Hlemm (móti Devitos pizza)



„Ég geri ekki mikinn mun á helgum og rúmhelgum dögum. Ég er ekki svo kristilega þenkjandi, sjáðu til," segir Steindór Andersen söngvari.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Allt sem hugurinn girnist

**Helgin er fram undan, skipulögð út í æsar hjá ýmsum en er fyrir öðrum sem óskrifað blað. Steindór Andersen kvæðamaður tilheyrir síðarnefnda hópnum eins og eftirfarandi símaspjall ber vott um.**

-(Um miðjan dag á fimmtudag) *Sæll Steindór, er eitthvað á döfinni hjá þér um helgina?*

„Blessuð vertu, ég er ekki farinn að hugsa svo langt. (Smá þögn) Þar lendir þú í vandræðum með viðtalið. Ég er akkúrat ekki að fara að gera neitt."

*-Það er nú engin skylda að hafa allt planað.*

„Nei. Ég hef lengst af verið afskaplega frjáls að því hvað ég geri og hvenær."

*-En hvað gerir þú svona yfirleitt á laugardögum og sunnudögum?*

„Allt sem hugurinn girnist og sjaldnast skipulagt. Það vill nú þannig til að oft eru fundir í kvæðamannafélaginu Iðunni um helgar. Samt ekki núna heldur um þá næstu á eftir."

*-Þar hefur þú þá einhvern fastan punkt.*

„Já, annars geri ég ekki mikinn mun á helgum og rúmhelgum dögum. Ég er ekki svo kristilega þenkjandi, sjáðu til."

*-Koma ásatrúarmenn ekkert saman á vikumótum?*

„Jú, þeir gerðu það um síðustu helgi. Þá var blót hjá þeim og ég var að góla fyrir þá. Ég er ekki ásatrúarmaður sjálfur þótt ég hafi oft verið að sniglast í kringum þá og þekki þá vel. Margir halda hins vegar að ég sé ásatrúar. Sennilega vegna þess að ég er að kveða rímur og þær eru eiginlega eina tónlistin sem á við hjá ásatrúarmönnum, sérstaklega í kringum athafnir. Það passar ekki að spila sálma þar."

*-En það eru sem sagt bara rólegheit næstu dagana.*

„Já, loksins hittir þú á mann sem gerir ekkert sérstakt um helgar."

*-Ég vona samt að þú eigir ánægjulegar stundir.*

„Já, sömuleiðis. Hafðu það bara ennþá betra en ég."

*gun@frettabladid.is*

Veldu gæði og trausta þjónustu

Vetrardekk fyrir fólksbíla og jeppa

Við eigum **Bridgestone** loftbóludekk og nagladekk fyrir flestar gerðir fólksbíla og jeppa

Bridgestone loftbóludekk eru umhverfisvænn kostur
Engir naglar = minna svifryk

Við geymum dekkin á dekkjahóteli fyrir þig!

ALORKA
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
REYKJAVÍK - Tangarhöfði 1, s. 577 3080
AKUREYRI - Réttarhvammur 1, s. 464 7900
www.alorka.is

Umboðsaðili á Íslandi fyrir
BRIDGESTONE

# ;HELGIN

**KAMMERKÓRINN** Schola Cantorum verður með tónleika undir stjórn Harðar Áskelssonar í Hallgrímskirkju klukkan 17 á sunnudag en þá er allra heilagra messa. Hlutur endurreisnartónlistar verður mikill auk þess sem samtímaverk eftir Þorkel Sigurbjörnsson og Eric Whitacre verða flutt.





Íris Marelsdóttir, formaður Hjálparsveita skáta í Kópavogi, vonast til að landsmenn sjái sér fært að styrkja björgunarsveitirnar um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Varla vika liðið án útkalls

**Hægt verður að leggja góðum málstað lið um helgina með því að kaupa neyðarkallinn sem björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar munu selja. Hagnaðurinn fer í að efla starfsemi sveitanna.**

„Þetta er í raun ákall til Íslendinga að styðja hjálparsveitirnar í landinu,“ segir Íris Marelsdóttir, formaður Hjálparsveita skáta í Kópavogi, um átakið Neyðarkall frá björgunarsveitum sem fer fram um helgina.

Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar munu þá selja lítinn neyðarkall, sem kostar 1.000 krónur, við helstu verslunarsvæði á landinu. Á vissum svæðum verður kallinn seldur í hús. Hagnaður af sölunni verður notaður til að efla og styrkja þjálfun björgunarsveitarmanna landsins sem hefur að sögn Írisar aldrei verið mikilvægara en einmitt nú. „Til marks um það hefur sveitin í Kópavogi aldrei fengið jafn mörg útköll og nú í ár, eða samanlagt 43 talsins. Segja má að varla hafi vika liðið án þess að útkall hafi borist.“

Íris nefnir í því samhengi að sjóslysum hafi fjölgað í kjölfar aukningar á almennri bátaeign. „Við erum síðan oft fengin til að leita að fólki sem hefur týnst og eins vorum við kölluð austur vegna jarðskálftanna,“ bendir hún á og bætir við að aukningu neyðarkalla megi líka rekja til þess að menn átti sig sífellt betur á því yfir hversu góðri þjálfun, þekkingu og reynslu björgunarsveitarmenn búi. Því séu þeir oftar kallaðir út.

„Færri vita hins vegar að eitt og hálft ár tekur að þjálfa björgunarsveitarmann. Það kostar sitt og sömuleiðis tækja- og leitarbúnaður, þótt við munum auðvitað huga vel að öllum innkaupum, sérstaklega í ljósi efnahagsástandsins. Starfið sjálft er hins vegar allt saman unnið í sjálfboðavinnu,“ nefnir Íris, sem hefur sjálf starfað innan sveitanna síðan árið 1978 og hefur fengið alla fjölskylduna til liðs við sig. „Ég er með eiginmanninn, tvö börn mín og tengdason í þessu. Þetta er lífsstíll,“ segir hún og hlær.

Íris mun ásamt fjölskyldunni selja neyðarkallinn í Smáralindinni um helgina og segist binda miklar vonir við að menn leggi sitt af mörkum til að styðja góðan málstað. „Ekki síst með tilliti til þess að við búumst allt eins við að það dragi úr flugeldasölunni sem hefur verið okkar helsta tekjulind, en styrkir frá hinu opinbera eru í minna lagi þótt fyrirtæki hafi alltaf stutt okkur vel. Auðvitað er þó alltof snemmt að segja til um það. En það er ekki spurning að þessi styrkur kemur okkur sérstaklega til góða þar sem nú eru blikur á lofti.“

*roald@frettabladid.is*


LAGERSALA
LAGERSALA
Opið hús í Heildverslun að Dalshrauni 17, Hafnarfirði, fimmtudaga frá kl. 12-18 og laugardaga frá kl. 12-15.
SKART • HÁRSKRAUT
TÖSKUR • HÚFUR
VETTLINGAR • SOKKAR
FATNAÐUR OG MARGT FLEIRA
KOMIÐ OG GERIÐ GÓÐ KAUP FYRIR JÓLIN



Toppskórinn
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 18
LAU. 11 - 16
SUN. 11 - 16

Barna kuldaskór
Beaver SPR377-257 - Svartir
Verð nú: 3.995 kr.-
SÉRVERÐ


Barna kuldaskór
Beaver SPR377-257 - Bleikir
Verð nú: 3.995 kr.-
SÉRVERÐ


Herraskór
SPR641106
Verð nú: 3.995 kr.-
SÉRVERÐ


Götuskór
SPR641801
Verð nú: 4.995 kr.-
SÉRVERÐ


Kuldaskór
NEUR38041701
Verð nú: 3.995 kr.-
SÉRVERÐ


Kuldaskór
SPR121018
Verð nú: 4.995 kr.-
SÉRVERÐ


Toppskórinn
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 18
LAU. 11 - 16
SUN. 11 - 16
SENDUM Í PÓSTKRÖFU











Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854





Vetrarstígvél
Nýkomið úrval af flottum leðurstígvélum fóðruðum með flís.
Margar gerðir.
Litir: svart, brúnt og rautt.
Stærðir: 36 - 42
Verð frá 16.785.- til 22.895.-
Misty skór
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf



;ALLT HEIMILI
Mánudaga og fimmtudaga



Ragnheiður Gröndal syngur blús í Bíóhöllinni á Akranesi í kvöld með hljómsveit sinni, sem heitir Landsliðið. Einnig koma fram hljómsveitirnar Magnús, Ferlegheit og The Devil´s Train. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Jón Páll Bjarnason leikur á gítar með hljómsveitinni JP3 Tríó. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Blús á Skaganum í kvöld

**Blús- og djassfélag Akraness stendur fyrir blús- og djasstónleikum um helgina. Þeir listamenn sem koma fram eru flestir heimamenn eða tengdir Skaganum á einhvern hátt.**

Mikið verður um að vera á Akranesi um helgina en auk bæjarhátíðarinnar Vökudaga stendur nýstofnað Blús- og djassfélag Akraness fyrir tónleikum í kvöld og annað kvöld. Tónleikarnir fara fram í Bíóhöllinni klukkan 21 bæði kvöldin en húsið er nýuppgert. Viðar Engilbertsson, formaður félagsins, segir góða blús- og djassstemningu á Akranesi.

„Jú, það er mjög góð djass- og blúsmenning hér á Skaganum. Það eru allir eða flestir listamennirnir annaðhvort héðan eða tengdir Skaganum sem er mjög skemmtilegt.“

Áhersla verður lögð á blús í kvöld og svo tekur djassinn völdin á sunnudagskvöldið. Meðal þeirra sem koma fram í kvöld eru The Devil´s train og hljómsveitin Magnús sem er skipuð Skagamönnum, þeim Ólafi Páli Gunnarssyni, betur þekktum sem Óla Palla, Eðvarði Lárussyni, Loga Guðmundssyni og Ragnari Knútssyni. Einnig kemur fram hljómsveitin Ferlegheit þar sem Viðar sjálfur syngur og spilar á gítar. Fjórða hljómsveit kvöldsins er svo Landsliðið með þeim Ragnheiði Gröndal og Guðmundi Péturssyni innanborðs. Blús- og djassband Toska, Jazzband Andreu Gylfa og JP3 Tríó koma fram á sunnudagskvöldið.



Jazzband Andreu Gylfa treður upp annað kvöld á Blús- og djasshátíð Akraness um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

„Við ætlum okkur að gera þetta að árlegum viðburði. Þetta er fyrsta verkefni félagsins en við stefnum á dagskrá í vetur, meðal annars langar okkur að bjóða upp á fleiri tónleika hér á Akranesi með listamönnum héðan.“

Miðaverð á hvora tónleika er 2.000 krónur en hægt er að kaupa miða á bæði kvöldin á 3.000 krónur í forsölu á staðnum.

*heida@frettabladid.is*



Óli Palli þenur raddböndin með hljómsveitinni Magnús í kvöld en hann er einmitt frá Akranesi.


LANGUR LAUGARDAGUR

30% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM TÖSKUM Í TILEFNI DAGSINS

Tösku og hanskabúðin

Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is

Kanarí

26. nóv.

Frá kr. 89.990




Frábær ferð - 24 nætur

Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum 26. nóvember í 24 nætur á frábæru sértilboði. Bjóðum frábær sértilboð á Roque Nublo, Dorotea, Parquesol og Liberty, nokkrum af allra vinsælustu gististöðum okkar á Kanarí. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað við góðan aðbúnað.

Verð kr. 89.990
Netverð á mann, m.v. 2-4 í búð / smáhýsi á Parquesol eða Dorotea 26. nóv. í 24 nætur. Gisting á Liberty, Parque Cristobal og Roque Nublo kostar kr. 5.000 aukalega.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

VINNUPALLAR Í ÖLLUM STÆRÐUM

Við bjóðum nú síðustu vinnupallana á gamla genginu.

Hafðu samband í síma 422-7722 615-1515.




topdrive.is

Smiðjuvöllum 3
230 Reykjanesbæ
422 7722 - 615 1515

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

# heimili&hönnun

LAUGARDAGUR 1. NÓVEMBER 2008




● Í ALDANNA RÁS

## Stóllinn Skata framleiddur á ný

● ATHAFNAKONAN RAGNA ERWIN

## Rekur textílfyrirtæki í London

● INNLIT

## Golfvöllur í eldhúsinu

FRÉTTABLAÐIÐ





HEIMILISHALD
HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR

# Hugsað á nýjan máta

Gaman er að hugsa út fyrir kassann þegar verið er að innrétta híbýli því oft búa húsgögn og hlutir yfir fjölbreyttara notagildi en í fyrstu virðist. Dæmi um það er að finna hér í Heimili og hönnun í dag en þar fékk viðmælandi okkar þá sniðugu hugmynd að setja gervigras á eldhúsið hjá sér. Nú fussa kannski margir og sveia en sannleikurinn er sá að gervigrasið hefur reynst henni vel og vekur ávallt athygli. Ekki er erfitt að fitja upp á umræðuefni við gesti þegar gervigras blasir við í eldhúsinu og getur svona hugmyndaauðgi í hönnun því nýst vel á á ýmsan máta.

Skrítnir og skemmtilegir hlutir eru ákaflega vel til þess fallnir að örva heilabúið og koma af stað samræðum sem síðan geta færst um víðan völl. Ágætis samræðukveikjur eru til dæmis bollarnir hans Hrafnkels Birgissonar, sem kallast „Hoch die Tassen“, en þar notar hönnuðurinn gamla bolla og skellir þeim á háan glerfót. Einnig er gaman að eiga í íbúðinni að minnsta kosti eitt áberandi húsgagn eða skrautmun sem vekur athygli. Ef hluturinn er fjörgamall og sérstakur í útliti þá er oftar en ekki skemmtileg saga á bak við hann en einnig getur sagan af því hvernig hluturinn endaði á núverandi stað verið áhugaverð.

Þótt vissulega sé gaman að kaupa sér nýja og fallega hluti og hugvitssama hönnun þá þarf ekki endilega að leita langt yfir skammt. Hægt er að láta gamla og lúna hluti ganga í endurnýjun lífdaga með smá málningu eða skrauti en auk þess má velta fyrir sér hvort hægt sé að nýta hlutinn á óhefðbundinn hátt, samanber gervigras sem gólfefni. Dæmi um öðruvísi innanhússhönnun er til dæmis að hengja myndir á hvolf til tilbreytingar eða hengja þær upp á óhefðbundnum stöðum. Litlar hillur má nota sem náttborð, sturtuhengi sem borðdúk, vírherðatré sem skartgripasnaga, gardínur sem rúmteppi, skyrtur í koddaver, kistur sem borð, hengja má upp hluti og ramma í kringum þá, sultukrukkur má nýta sem ljósaluktir og svona mætti lengi telja.



Skrítnir og skemmtilegir hlutir eru ákaflega vel til þess fallnir að örva heilabúið og koma af stað samræðum sem síðan geta færst um víðan völl.

Nýir notkunarmöguleikar bjóða upp á nýja sýn og hressa upp á heimilið. Auk þessa má líka velta fyrir sér hagnýtu notagildi og nýtni og þá má til dæmis nota litla kassa til að hólfa niður skúffur, keflið úr klósettpappírnum má skreyta og nota til að halda snúrum á sínum stað en einnig er hægt að nota teygjubindi og afklippta sokka í sama tilgangi, sýna má fjölskyldumyndir í spjaldskrá og geyma má klósettpappír í háum og kringlóttum glervösum inni á baði. Sturtuhillur nýtast vel fyrir hvaðeina, til dæmis hreinlætisvörur og þvottaefni og hólfaskiptir skópokar geta breyst í fína kryddhillu. Möguleikarnir eru óþrjótandi og því er um að gera að láta hugann reika og vera ófeiminn við að prófa nýjar útfærslur. Útkoman gæti orðið snilldarleg!



Geir Helgi situr hér í rókókó-sófanum með tryllta trommuheilann, sem hann varð sér úti um á netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kaupir húsgögn og hljóðfæri á Netinu

Geir Helgi Birgisson gerir góð húsgagna- og hljóðfærakaup á Netinu. Hann heldur mest upp á trylltan trommuheila frá Svíþjóð sem hann mundar í gömlum rókókó-sófa.

Listamaðurinn Geir Helgi kaupir bæði húsgögn og hljóðfæri á netinu. Flestöll hljóðfæri sín hefur hann keypt á vefnum en af þeim heldur hann mest upp á trommuheila frá Svíþjóð og Rhodes-rafmagnspíanó frá New York.

Trommuheilinn heitir Elektorn Machinedrum. „Þetta er ótrúlega tryllt tæki og örugglega fallegasta hljóðfæri sem ég hef séð,“ segir Geir Helgi.

Á trommuheilann býr hann til heilu og hálfu lögin þótt hann noti gjarnan fleiri tæki og tól við þá iðju. „Hann er keyptur notaður á „vintage-synth“-spjallborði en er þó alveg eins og nýr,“ segir Geir Helgi sem kaupir auk þess mikið á eBay og craigslsist.com sem er bandarísk smáauglýsingasíða.

Þótt Geir Helgi líti fyrst og fremst á sig sem listamann er hann í hljómsveitinni Golden line og býr bæði til bakgrunns-, stemnings-, dans- og popptónlist. „Sum lögin bý ég eingöngu til á trommuheilann og þá allt eins uppi í sófa,“ segir hann hæstánægður með þessi góðu kaup.

Rókókósófann keypti hann líka á Netinu. „Mér finnst skemmtilegast að kaupa hluti á Netinu og held að sú baktería sé komin frá pabba mínum sem kaupir mikið af veiðidóti á vefnum.“

Geir Helgi, sem er nemandi í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands, var nýlega valinn í hóp framúrskarandi ungra listamanna hjá Art is It, sem er vettvangur ungra listamanna frá öllum heimshornum, og stefnir að því að sækja um í Universität der Kunst í Berlín í vor. - ve



**Forsíðumynd:** Arnþór Birkisson tók mynd á heimili Ölfu Freysdóttur **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

**KÖKU- OG TÆKIFÆRISDISKAR** Keramiklistakonan Þóra Breiðfjörð á heiðurinn að þessum fallegu köku- og tækifærisdiskum. Hugmyndin að þeim er sprottin út frá gömlu riffluðu álbökunarformunum sem mæður okkar og ömmur hafa notað í gegnum árin til að töfra fram alls kyns góðgæti. Þóra blæs nýju lífi í þetta gamla form með það að markmiði að vekja gleði og kátínu þeirra sem njóta, en diskarnir fást í hinum ýmsu pastellitum. Diskarnir fást í Kraum í Aðalstræti 10.






TENGI

Mikið úrval hreinlætistækja

Hannaðu heimilið með Tengi

Smiðjuvegi 76 Kópavogur | Baldursnes 6 Akureyri | www.tengi.is | Opið virkadaga 8.00 -18.00 laugardaga 10.00 -15.00

# VAXTALAUSIR DAGAR



**DÆMI UM VERÐ**
King Koil Avery
(Queen size 153x203)
**kr. 9.119**
í 18 mánuði eða
**kr. 155.000** staðgreitt



**DÆMI UM VERÐ**
T-140 svefnsófi
**kr. 11.631**
í 18 mánuði eða
**kr. 198.900** staðgreitt



**DÆMI UM VERÐ**
Leður rúmstæði
með heilsudýnu (160x200)
**kr. 14.394**
í 18 mánuði eða
**kr. 247.181** staðgreitt



**DÆMI UM VERÐ**
Fjölstillanlegt þýskt heilsurúm
með heilsudýnu (2x80x200)
**kr. 22.669**
í 18 mánuði eða
**kr. 391.800** staðgreitt

## SEGJUM VERÐBÓLGUNNI STRÍÐ Á HENDUR

Nú getur þú eignast rúmið sem þig langar í og skipt greiðslunni niður á 18 mánuði með Visa eða Euro og ekki greitt krónu í vexti.



**DÆMI UM VERÐ**
Clove svefnsófi
**kr. 5.617**
í 18 mánuði eða
**kr. 93.800** staðgreitt



**DÆMI UM VERÐ**
Sophia svefnsófi
**kr. 4.587**
í 18 mánuði eða
**kr. 75.800** staðgreitt

## AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.

Rekkjan hefur frá upphafi selt bandarísku heilsurúmin frá King Koil sem þykja með þeim allra bestu í heiminum í dag. Sem dæmi má nefna að dýnurnar frá King Koil eru þær einu á markaðnum í dag sem eru með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknarsamtök kíropraktora) og Good housekeeping sem eru stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum.

COMFORT solutions By King Koil

Good Housekeeping Promises — Limited warranty to consumers — Replacement or refund if defective

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16



Ábreiðan á rúminu er gerð úr gömlum gluggatjöldum.



Alfa reif burt panel af veggjunum á baðherberginu og þakti með viðgerðarmúr.



Alfa greiddi á sínum tíma 7.000 krónur fyrir gervigrasið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Púttað heima í eldhúsinu

Alfa Freysdóttir varð sér úti um ódýrt gólfefni á eldhúsið sem átti að vera tímabundin lausn en hefur fengið að halda sér vegna gæða. Í leiðinni eignaðist hún fínasta golfvöll.



Alfa er hagsýn að eðlisfari.

Ekki er öllum gefið að vera bæði hagsýnir og nýtnir. Þeim eiginleikum er Alfa Freysdóttir, starfsmaður auglýsingastofunnar Ennemm, svo sannarlega gædd en hún brá meðal annarra á það ráð að leggja gervigras á gólfið í eldhúsinu heima þegar hana vantaði gott og ódýrt gólfefni.

„Ég hafði rifið af gólfinu parket sem var skemmt. Undir því var ljótur dúkur sem fékk líka að fjúka. Ég málaði gólfið en það reyndist vita vonlaust að þrífa það. Systir mín, sem er innanhússarkitekt, datt þá í hug að leggja gervigras á gólfið, sem var á tilboði í Byko. Það reyndist hlýtt og gott og hefur því fengið að vera síðan. Og þar sem ég er ekki með svalir er þetta garðurinn minn í þokkabót.“

Alfa viðurkennir að marga reki í rogastans þegar grænn völlurinn blasir við í eldhúsinu. Segir þó flesta taka vel í hugmyndina. Til marks um það hafi hún fengið golfsett fyrir krakka gefins í leynivinaleik í vinnunni, sem sé dregið fram úr skáp þegar sá gállinn er á henni. En hvernig skyldi ganga að halda grasflötinni ræktarlegri? „Það er lítið mál að þrífa þetta,“ segir Alfa, sem íhugar að leggja gras á fleiri stöðum í íbúðinni enda ágætlega handlagin að eigin sögn. „Ég þakti til dæmis veggi á baðherberginu með viðgerðarmúr og málaði lagnirnar í appelsínugulum lit, enda meira gefin fyrir liti. Hef ekki verið að eltast við nýtískulegan stíl. Gamlir hlutir með sál, sem ég hef fengið frá ömmu og afa eða í Góða hirðinum, eiga meira upp á pallborðið.“

Að auki reynir Alfa að nýta allt sem til fellur og nefnir sem dæmi að þannig hafi áklæði utan af gömlum sófa endað sem áklæði á púða. „Svo hef ég gert ábreiðu úr gömlum gluggatjöldum,“ segir hún og hlær. „Hér þarf engan handlaginn heimilisföður. Hingað til hef ég bara komist ágætlega af með því að treysta á eigin getu.“ - rve






## Í ALDANNA RÁS

# Skata í framleiðslu á ný

Húsgagna- og innanhússarkitektinn Halldór Hjálmarsson, sem er hvað kunnastur fyrir hönnun sína á kaffihúsinu Mokka, hannaði stólinn Skötu í lok sjötta áratugarins og var hann upphaflega framleiddur á bilinu 1959 til 1973. Framleiðslan hófst að nýju nú í ár og er stóllinn seldur í Saltfélaginu og Kraum.



Hönnun stólsins hófst sem tilraun til að betrumbæta og einfalda áður þekktar aðferðir við smíði stóla úr samlímdum krossviði. Þessi aðferð, sem var meðal annars þróuð af Ray og Charles Eames, varð hvað þekktust í meðförum starfsmanna Arne Jacobsen, sem þróuðu hina frægu þrífætlu Maurinn. Halldór vildi hanna nýstárlegan íslenskan stól í svipuðum anda en gera hann um leið stöðugri, sterkari og endingarbetri.

En hvernig er nafnið til komið? „Upphaflega hugmyndin var að gera stól sem hefði almenna tilvísun í fiskitegundina Skötu. Hugmyndin að nafninu kemur þó frá Ray Eames, helsta frumkvöðli formbeygðra stóla, en nafnið Ray þýðir einmitt Skata á íslensku, útskýrir arkitektinn Örn Þór Halldórsson, sonur hönnuðarins. Skata á 50 ára hönnunarafmæli á næsta ári og þá er von á afmælisútgáfu.


ego dekor
STÓR OG MJÚKUR
Comfort tungusófi
Stærð: 327cmX197cm
Fáanlegur í nokkrum litum
Verð áður: 198.000,-
TILBOÐSVERÐ NÚ: 178.200,-
Romeo leðursófasett
Fáanlegt í svörtu, brúnu og hvítu leðri.
4 sæta leðursófi
Verð: 178.000,-
3 sæta leðursófi
Verð: 145.000,-
Leðurstóll
Verð: 75.000,-
Einnig fáanlegur í tungusófa
FLOTTIR SÓFAR Á GÓÐU VERÐI
New England tungusófi
Stærð: 252cm X 165cm
Færanleg tunga
Fáanlegur í nokkrum litum
Verð: 154.000,-
Wonder leðurtungusófi
Stærð: 270cmX170cm
Fáanlegur í svörtu og hvítu leðri
Verð áður: 218.000,-
-20%
VERÐ NÚ: 174.400,-
Caviar tungusófi
Stærð: 315cm X 160cm
Fáanlegur í nokkrum litum
Verð: 168.000,-
East Cost 3 sæta sófi
Stærð: 260cm X 113cm
Fáanlegur í nokkrum litum
Verð: 139.000,-
Romeo leðurtungusófi
Stærð: 320cmX165cm
Einnig fáanlegur í svörtu, hvítu og dökkbrúnu leðri
Verð: 245.000,-
Madrid leðurtungusófi
Stærð: 305cmX220cm
Verð áður: 258.000,-
-40%
Verð nú: 154.800,-
Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is

## kósí stund

**●ÚTVARPSLEIKHÚSIÐ** Fátt er betra en að koma sér vel fyrir uppi í sófa og hlusta á útvarpsleikrit. Öll fjölskyldan getur sameinast með rjúkandi kakó í bollum í kringum útvarpstækið og átt saman notalega stund meðan kuldaboli krafsar á gluggann.

Ríkisútvarpið frumflytur á morgun klukkan 14, útvarpsleikritið Annar maður eftir Brian FitzGibbon. Ólafur Darri Ólafsson fer með aðalhlutverk í leikritinu sem fjallar um miðaldra mann sem missir stjórn á eigin lífi þegar hann heldur sig feigan. Hann heldur inn í ringulreið stórborgarinnar og leitar huggunar í áfengi. En spurningin er hvort hann sé virkilega kominn að leiðarlokum eða að hefja nýtt líf.



Aðrir leikendur eru meðal annars Margrét Guðmundsdóttir, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Róbert Arnfinnsson og Þórhallur Sigurðsson. Edda Heiðrún Backman leikstýrir en leikritið þýddi Karl Ágúst Úlfsson. Höfundurinn er írskur að uppruna en hefur búið hér á landi frá árinu 1996. Ríkisútvarpið hefur áður flutt eftir hann leikritin Farðu til helvítis og Paparnir.

# Allt valt á einum steini

Einstök húsagerð hefur verið áberandi í Pugliahéraði á Suður-Ítalíu í aldaraðir, einkum í bænum Alberobello. Trulli eða trullo eru húsin nefnd og eru hlaðin úr steinum án sements. Þökin eru eins og keila í laginu og mörg þeirra eru með táknum, meðal annars kristnum. Húsin hafa verið á náttúruminjaskrá UNESCO síðan 1996.

Þótt rekja megi aðferðina við byggingu trullo til Grikkja sem voru fjölmennir í Puglia á 8. öld þá ruddi hún sér einkum til rúms á 17. öld. Sagan hermir að þá hafi skattar verið hækkaðir ótæpilega í héraðinu og að fátækir bændur sem ekki gátu staðið í skilum hafi getað rifið húsin sín með litlum fyrirvara ef fréttist af skattheimtumönnum á leiðinni. Einn steinn í þakinu var nefnilega burðarsteinn og hægt var að láta þakið hrynja með því að taka þann stein úr. Slíkt hrun er ekki óþekkt nú á dögum.



**Bærinn Alberobello er auðugur af trullo. Hægt er fá húsin keypt en sérstakar verndunarreglur gilda um endurbætur á þeim.** MYND/ANNA BETA GÍSLADÓTTIR



**Íslensk náttúra veitti Rögnu innblástur við hönnun á nýju Arctic-línunni.**



**Með breyttu nafni koma breyttar áherslur í textílvöru Arctic Designs.**



**Chase Erwin var nýlega valið besti birgir fyrir skemmtisnekkjufyrirtækið Sunseeker þetta árið.** MYND/CHASE ERWIN

# Íslensk textílhönnun og heillandi efniviður

● Ragna Erwin rekur hið virta textílfyrirtæki Chase Erwin í London en ætlar nú einnig að fara í samstarf með föður sínum hér á landi. Þau ætla að bjóða upp á nýja vöru og hefja útflutning.

„Ég hef verið að taka til hendinni með föður mínum, Páli Ólafi Pálssyni, en hann hefur rekið fyrirtækið Vef í fjölmörg ár. Vefur hefur til dæmis þjónustað flest hótel á Íslandi með textílvöru en nú ætlum við að breyta um áherslur og nafn. Fyrirtækið ber nú heitið Arctic Designs og ætlum við að leggja áherslu á nokkur fyrirtæki í efna- og veggfóðursbransanum sem eru hvað vinsælust á alþjóðavísu," segir Ragna Erwin sem rekur einnig virt textílfyrirtæki í London með fjórtán starfsmenn.

2.389 kr.





8.989 kr. PS3

Verð á stk.



# PS3/PSP/Xbox leikir með 50% afslætti

50% afsl.

Gildir um tilboð á völdum vörum!

## 10 DVD myndir fylgja frítt með*



Pixel PROcessing

42 tommur

*Gildir fyrir DVD pakkningar á 989kr!

**Toshiba 42C3530DG**

42" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., PIXEL PROcessing IV, HD Ready, 4.000:1 skerpu, Faroudja DCDI og Real Digital Picture, 2 x 25w Nicam Stereó með SRS WoW Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, ofl.

169.989 kr.

Fullt verð ~~199.989~~

## 10 DVD myndir fylgja frítt með*



Með V-Real

32 tommur

**Panasonic TX32LM70F**

32" V-Real LCD breiðtjald • Uppl. 1366x768 p. • V-Real - einstök gæði • HD Ready • Progressive Scan • Skerpa: 3.000:1 • VIERA Link • Backlight Control • 20w Nicam Stereó með V-Audio hljóðkerfi • 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp ofl.

119.989 kr.

## 8GB SD kort fylgir

FULL HD 1080p



Þrjár upptökuflögur 3CCD

**Panasonic HDCSD9**

Háskerpu tökuvél • Full HD • 3CCD 1/6" upptökuflögur • Leica Dicomar Linsa • Advanced O.I.S titringsdeyfir • 10x Optical og 700x Digital Zoom • Digital Cinema Colour • Face Detection • Viera Link • 2.7" LCD breiðskjár • Dolby Digital Surround 5.1 uppt. • USB 2.0 • Upptaka á SD/SDHC kort

99.989 kr.

Fullt verð ~~109.989~~

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl. Tilboð gilda til þriðjudags eftir birtingu.

## DVD myndir 989 kr.



# Hundruðir DVD titla í boði!

**OPNUNARTÍMI**

| | |
|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 |
| Fimmtudaga | kl. 11-19 |
| Föstudaga | kl. 11-19 |
| Laugardaga | kl. 11-18 |
| Sunnudaga | kl. 12-18 |

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA og í Holtagörðum

MAX RAFTÆKI

**RITHÖFUNDURINN STEPHEN CRANE FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1871.**

*„Hver einasta synd er afrakstur samvinnu.“*

***Stephen Crane samdi skáldsöguna Hið rauða tákn hugprýðinnar sem fjallar um hörmungar bandarísku borgarastyrjaldarinnar. Hún kom út í íslenskri þýðingu í fyrra.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 1. NÓVEMBER 1845

## *Veðurathuganir í Stykkishólmi*



Árni Thorlacius hóf veðurathuganir í Stykkishólmi þennan dag. Þær hafa staðið samfellt síðan og hafa veðurathuganir á Íslandi hvergi staðið jafnlengi samfellt. Veðurmælingasagan frá Stykkishólmi er þekkt sem ein áreiðanlegasta heimild sem til er um langtímamælingar veðurfars með vísindalegum hætti.

Árni var kaupmannssonur, fæddur á Bíldudal árið 1802 en flyst síðan til Stykkishólms ásamt fjölskyldu sinni. Hann missir föður sinn þrettán ára gamall og fer til náms í Kaupmannahöfn. Hann kynnist Jónasi Hallgrímssyni og deilir með honum veðurfræðiáhuga sínum.

Árin 1840-41 fær Jónas flesta presta landsins til að halda veðurfarsdagbækur og eru þær síðan haldnar á 50 stöðum, þó ekki í Stykkishólmi. Jónas ferðast síðan um Snæfellsnes, hittir Árna og fer að skrifast á við hann. Þremur árum síðar hefur Árni veðurathuganir sínar.

Árið 1869 birtir Alexander Buchan, forseti skoska veðurfræðifélagsins og fremsti veðurfræðingur Breta, í tímariti sínu töflur sem Árni hafði reiknað og samið fyrir hann um athuganir sínar í Stykkishólmi. Buchan telur þær hinar merkustu, einkum vegna þeirrar alúðar og vandvirkni sem Árni hafði lagt við þetta starf, enda hafði hann þremur árum áður fengið mælitæki til að prófa mæla sína svo varathuganaröðin var orðin óvenjulega löng miðað við það sem þá gerðist. Þetta álit Buchans á mælingum Árna hefur síðan fengið alþjóðlega staðfestingu.

## MERKISATBURÐIR

**1502** Kristján 2. er kjörinn konungur Svíþjóðar.
**1604** Leikrit Williams Shakespeare, Óþelló, er sýnt í fyrsta skipti.
**1947** Síld finnst í Hvalfirði og veiðar hefjast. Á fjórum mánuðum veiðist síld í magni sem á sér enga hliðstæðu hér við land að vetrarlagi.
**1967** Almannagjá er friðuð fyrir bílaumferð og lengist þá leiðin frá Reykjavík til Þingvalla um 4 km.
**1980** Skúli Óskarsson lyftir 315,5 kg í réttstöðulyftu í 72 kg flokki og bætir með því heimsmetið.
**1993** Maastricht-samningurinn tekur gildi.
**2004** Eldgos hefst í Grímsvötnum.

AFMÆLI



**HRAFN JÖKULSSON,** rithöfundur og skákfrömuður, er 43 ára.



**JÓN SIGURBJÖRNSSON** leikari er 86 ára.



## 33 ára afmæli

### Ívar Ragnarsson

Head of Finance of Financial Department in Íbúðalánasjóður.

Happy birthday with all my love, besos. Begonia.



## 90 ára afmæli

### Guðlaugur Eyjólfsson

Árskógum 8, Rvk. er níræður í dag. Af því tilefni vill hann gleðjast og taka á móti gestum í safnaðarheimili Seljakirkju laugardaginn 1. nóvember kl. 15 til 18. Hann og kona hans Margrét S. Jónsdóttir fagna einnig á þessum degi demantsbrúðkaupi sínu sem er 27. nóvember.

KÆRLEIKSSAMTÖKIN: STOFNUÐ FYRIR FJÓRUM ÁRUM Í DAG

# Starfa í kærleik, ljósi og friði

„Ég hef alltaf haft áhuga á starfi með börnum og unglingum, og borið hag þeirra fyrir brjósti. Því ákvað ég að stofna Kærleikssamtökin 1. nóvember 2004 í þeim tilgangi að bjóða börnum og unglingum upp á sjálfstyrkjandi jógatíma, unglingafræðslu og fleira til að efla með þeim sjálfsvitund, sjálfsaga og hjálpa þeim að byggja upp sterkari sjálfsmynd,“ segir Sigurlaug G. Ingólfsdóttir, stofnandi Kærleikssamtakanna, sem eiga fjögurra ára afmæli í dag. Sigurlaug er lærður jógakennari og heilari og heldur úti fjölbreyttu mannúðarstarfi í menningarmiðstöðinni Gerðubergi í Efra-Breiðholti.

„Starfið hefur verið í stöðugri mótun undanfarin fjögur ár og í dag býð ég upp á barnajóga fyrir átta til ellefu ára, unglingajóga og unglingafræðslu fyrir táninga á aldrinum tólf til átján ára. Í starfinu spjöllum við saman og förum inn á vanlíðan; hvernig hægt er að vinna sig út úr kvíða, reiði og ýmsum kvillum sem hefta börn og valda þeim vanlíðan,“ segir Sigurlaug sem auk þess fer vikulega í unglingastarf með Götusmiðjunni og fullorðinsfræðslu á Litla-Hrauni.

„Fullorðnum kenni ég sjö vikna sjálfsstyrktarnámskeið þar sem farið er inn á andlega þáttinn og kennt hvernig hann má nýta til varanlegrar uppbyggingar og stefnubreytingar í eigin lífi. Námskeiðin eru byggð á fræðslu um hvernig hægt er að vinna sig út úr áföllum, þunglyndi, sorgarferli, óregluferli og einmanaleika.



**KÆRLEIKSRÍK OG GEFANDI** Sigurlaug G. Ingólfsdóttir, jógakennari og heilari, stofnaði Kærleikssamtökin til að hjálpa börnum og unglingum að styrkja sjálfsmynd sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þar kenni ég nemendum að skoða og skilja sjálfa sig, og bera ábyrgð á sjálfum sér með aðferð sem nær yfir líkamlega og andlega þætti lífsins, sem á endanum leiðir til jafnvægis, friðar og hamingju,“ segir Sigurlaug sem af eigin raun veit að alltaf má finna leið úr öllum aðstæðum.

„Viðtökurnar hafa verið góðar, starfið komist vel til skila og verið skemmtilegt. Vegna aðstöðu minnar í Gerðubergi hef ég hingað til miðað við börn og unglinga í Breiðholti en stefni á að færa út kvíarnar í önnur hverfi borgarinnar,“ segir Sigurlaug sem einnig stendur fyrir vikulegri bænastund þar sem fólk getur lagt fram bænarefni, ásamt því að bjóða fjarnámskeið og kenna konum sem þjást af þunglyndi, kvíða og félagsfælni jiu-jitsu-sjálfsvarnaríþróttina. Í tilefni afmælisins hefur Sigurlaug hrundið af stað söfnunarátaki þar sem markmið er að fá 500 styrktaraðila til að styrkja samtökin um 1.000 krónur á mánuði í heilt ár. Nánari upplýsingar og fróðleikur er á www.kaerleikssamtokin.com.

**thordis@frettabladid.is**

# Einars vaka Ben í dag

Skógræktarfélag Reykjavíkur og Orkuveitan standa fyrir málþingi á Einars vöku Ben á Elliðavatni í dag frá klukkan tvö til sex.

Mælendaskrá er fjölbreytt en auk skemmtilegra erinda flytur Sprengjuhöllin nýtt lag um Einar Ben og staðið er fyrir umræðum. Svala Arnardóttir, afkomandi Einars, er ein þeirra sem taka til máls en erindi hennar kallast „Blóðið sama er í okkur“ - Til fundar við nokkrar formæður „Svarta túlípanans“. „Svarti túlípaninn er félagsskapur nokkurra kvenafkomenda Einars en hann var langafi okkar og við erum allar afkomendur Stefáns Más, sonar Einars Ben,“ segir Svava til útskýringar og heldur áfram: „Ég fjalla um konurnar í ætt Einars í erindi mínu og það var gífurlegt skörungasafn sem ég hafði úr að velja. Ég valdi fjórar svipmiklar konur og set þetta þannig upp að ég sendi þeim bréf þar sem við ræðum saman á persónulegum nótum, en ég skálda þessi bréf.“ Auk bréfanna mun Svava lesa upp sjaldséðan kveðskap eftir Erlu Benediktsson, dóttur Einars, en hún bjó í Englandi og orti á ensku. Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á http://heidmork.is.



**ENNÞÁ SKÖRUNGAR Á SVEIMI** Svava Arnardóttir flytur erindi um nokkra kvenskörunga. MYND/ARNÞÓR



*Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,*

**María Guðbjartsdóttir**

Hringbraut 50, áður til heimilis að Dalbraut 16, Reykjavík,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fimmtudaginn 30. október.

**Sigríður Ósk Óskarsdóttir** — **Hermann Sigfússon**
**Halldóra Björt Óskarsdóttir** — **Guðmundur R. Jónsson**
**Þráinn Ingólfsson** — **Guðríður Hermannsdóttir**
**Ólafur Jón Ingólfsson** — **Margrét Á. Hallsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

*Móðir okkar,*

**Fanney Bjarnadóttir**

sem lést á Droplaugarstöðum 25. október, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju mánudaginn 3. nóvember kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Gréta Björg, Árdís Ólöf og Ruth Jóhanna Arelíusdætur**



*Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Elínar Þórunnar Bjarnadóttur**

frá Norður-Gröf, Kjalarnesi.

Hjartans þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Víðinesi fyrir ómetanlega umönnun og umhyggju.

**Jónas Tryggvi Pétursson**
**Þórunn Aldís Pétursdóttir** — **Guðmundur Ringsted**
**Margrét Björg Pétursdóttir**
**Sigrún Bryndís Pétursdóttir** — **Gunnar Þór Ólafsson**
**Pálmi Hannes Pétursson**
**Bjarni Þór Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Sigríðar Guðmundsdóttur**

frá Einarsnesi.

**Þórarinn Sigþórsson** — **Ragnheiður Jónsdóttir**
**Guðmundur Sigþórsson** — **Herborg Árnadóttir**
**Helga Sigþórsdóttir** — **Þórður S. Gunnarsson**
**Jóhanna S. Sigþórsdóttir**
**Þór Sigþórsson** — **Guðný Björg Þorgeirsdóttir**
**Óðinn Sigþórsson** — **Björg Karítas Jónsdóttir**
**Sigríður Sigþórsdóttir** — **Hallmar Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

# DUGGHOLUFÓLKIÐ ER KOMIÐ Á DVD!




**Hin margverðlaunaða íslenska ævintýramynd Duggholufólkið eftir Ara Kristinsson er nú komin á DVD í verslanir og á leigur um land allt.**




**Einnig í fyrsta skipti á DVD - Stikkfrí!**

sena

okkar heimur // þín skemmtun



# Krufið til mergjar



X?
Fylgi stjórnmálaflokkanna hefur gjörbreyst í kreppunni

Gylfi Arnbjörnsson
Nýkjörinn forseti ASÍ í viðtali



Ný hugsun
Blómleg nýsköpun skilar fjölda nýrra sprotafyrirtækja

Nýtt og ferskara helgarblað

Njóttu sunnudagsins til fulls.
Fáðu þér áskrift á **mbl.is/askrift** eða í síma **569 1100**

Morgunblaðið
SUNNUDAGUR
Fáðu þér áskrift



Fíton/SÍA F1027505




NOKKUR ORÐ
**Ragnheiður Tryggvadóttir**

# Kexverksmiðja í kreppunni

Sumir segja að kreppan hafi góð áhrif á fólk. Að við endurmetum stöðuna, horfum öðrum augum á alla hluti og fáum jafnvel nýjar hugmyndir. Ég er ekki frá því að það sé rétt því ég verð vör við breytingar á heimilinu í Hlíðunum. Ekki það að ég hafi undan miklu að kvarta í sambandi við þvottadrenginn, hann á sína spretti. Þótt hann standi ekki alltaf undir nafni sem þvottadrengur í baráttunni við óhreinatauið er hann duglegur að elda, hagsýnn í matarinnkaupum og hamstrar í frystinn. Og nú er drengurinn farinn að baka. Ég var komin undir teppi í rólegheitum eitt kvöldið þegar hann ruddist inn og sagðist ætla að baka kex. Í kreppunni væri nauðsynlegt að eiga nóg af kexi. Með norðlenska uppskrift af hafrakexi, fengna frá tengdamóður sinni, réðst hann svo í baksturinn og af látunum að dæma heyrði ég hvað verkið gekk vel. Eftir tveggja tíma hræringar og hnoð fór ilminn að leggja um allt hús. Drengurinn hefur alltaf tekið hlutina með trukki þegar hann fær góða hugmynd. Hlutföll og stærðir lætur hann þá lönd og leið og umfang verkefnisins á það til að vaxa meðan á framkvæmd stendur. Tengdamóðir þvottadrengsins rak mannmargt heimili í afskekktri sveit þar sem ferðir í kaupstað voru ekki daglegt brauð og voru hlutföll uppskriftarinnar í samræmi við það. Kexverksmiðja þvottadrengsins fyllti því fjóra stóra dunka og litla fjölskyldan í Hlíðunum maular nú hafrakex í hvert mál. Kreppan á sínar góðu hliðar.



## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




MESTA LEIKJAÚRVAL
LANDSINS ER Í ELKO
EKKI FYRIR VIÐKVÆMA!
COMMAND & CONQUER
RED ALERT 3
PC
DEAD SPACE
PC
X-BOX 360
PS3
Nýjasti leikurinn í C&C seríunni og klárlega sá fullkomnasti hingað til.
Einhver svakalegasti hryllings- og hasarleikur allra tíma. Ekki fyrir viðkvæma.
MySims
Play and Trade with Friends Online!
PC
GOLDEN AXE
BEAST RIDER
PS3
X-BOX 360
MONOPOLY
PS2
PS3
Wii
Saints Row 2
PS3
X-BOX 360
ELKO
EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ
Lindum - Skeifunni - Vefverslun - sími 544 4000 - símsala 575 8115

**! ath kl. 17.00**

*á morgun verður Carmina Burana flutt í íþróttahúsinu í Varmahlíð í Skagafirði. Sex kórar taka þátt undir stjórn Garðars Cortes. Undirleikarar eru Guðríður St. Sigurðardóttir og Kristinn Örn Kristinsson. Slagverkssveit er úr Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Kórinn verður nær 180 raddir en einsöngvarar eru þau Þóra Einarsdóttir sópran, Bergþór Pálsson barítón og Þorgeir J. Andrésson tenór.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Kristján og Sinfónían í kvöld

Kristján Jóhannsson syngur með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum í Reykjavík og Akureyri í kvöld og á þriðjudag. Óþarft er að kynna tenórinn og hans glæsta feril heima og erlendis, en hann söng síðast með hljómsveitinni fyrir átta árum. Á efnisskrá tónleikanna eru sígrænar íslenskar söngperlur eftir Karl O. Runólfsson og fleiri og aríur úr óperum eftir Puccini og Leoncavallo, þar á meðal hin fræga Vesti la giubba úr óperu þess síðarnefnda, Pagliacci. Auk söngverkanna verða á efnisskránni karnivalforleikur eftir Antonín Dvorák, tveir þættir úr hinni undurfögru leikhústónlist Edvards Griegs við Pétur Gaut og sjálf fimmta sinfónía Beethovens. Sinfónían er magnaðasta hljómsveitarverk allra tíma. Hljómsveitarstjóri er fyrrverandi aðalstjórnandi hljómsveitarinnar, Petri Sakari. Tónleikarnir í kvöld hefjast í Háskólabíói kl. 19.30.

Þriðjudaginn 4. nóvember er síðan röðin komin að „heimavelli" Kristjáns, en þá verður sama efnisskrá leikin í Íþróttahúsi Síðuskóla á Akureyri kl. 20.00.

Tónleikarnir eru hluti af breytingum sem gerðar voru á verkefnaskrá hljómsveitarinnar í kjölfar þess að hætt var við ferð hennar til Japans. Boðið er upp á þessa veislu á algeru lágmarksverði í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu. Miðaverð verður einungis 1.000 kr. Vonast hljómsveitin til að þessi kjör gefi öllum kost á að nota tækifærið og njóta þessa sýnishorns af fegurstu og áhrifaríkustu tónlistar allra tíma.



- pbb

**> Ekki missa af**

Sýningu þeirra Libiu Castro og Ólafs Ólafssonar í Hafnarhúsinu en þar sýna þau á fjórða tug viðtala við ólíka þjóðfélagsþegna í því skyni að varpa ljósi á stöðu samfélags okkar í dag. Sýningin er í A-sal Hafnarhússins og Libia og Ólafur hafa þróað sýninguna frá því hún var opnuð 18. september og til dagsins í dag og hafa nú tekið viðtöl við 33 aðila sem sýnd eru í Hafnarhúsinu.

## Ástardrykknum frestað

Íslenska óperan hefur frestað sviðsetningu á Ástardrykknum eftir Donisetti sem til stóð að frumsýna í febrúar. „Við verðum að skera niður eins og allir aðrir og frestum frumsýningu, mögulega fram á haust. Við höfum gengið frá málinu við alla og horfur eru á að þeir verði lausir í sviðsetninguna síðar á árinu," segir Stefán Baldursson óperustjóri. „Við erum með fast framlag frá ríkinu og allur kostnaður er að hækka. Við höfum þegar samið við starfsfólk um lægra starfshlutfall næstu mánuði. Frá okkur hafa farið sterkir styrktaraðilar sem voru í burðarliðnum sem bætir ekki stöðuna."



**LEIKLIST** Stefán Baldursson óperustjóri sker niður.

Önnur verkefni verða á dagskrá: tvö kvöld helguð Schubert eru fram undan, Malarastúlkan fagra og Vetrarferðin, í báðum tilvikum meira en venjulegir tónleikar. Og svo er Janis 27 sýnd fyrir fullu húsi einu sinni í viku.

## Yfirlitssýning um Gylfa

**Í dag kl. 15 verður opnuð í Listasafni Alþýðusambands Íslands í Ásmundarsal yfirlitssýning á verkum Gylfa Gíslasonar, listamanns og lífskúnstners.**

Gylfi Gíslason lést í febrúar 2006 langt fyrir aldur fram aðeins 65 ára að aldri. Sýningin er haldin til að minnast hans. Gylfi kom fram á sjónarsviðið á umbrotatímum í íslenskri myndlist, var með í SÚM-hópnum sem hóf sýningarhald sitt í Ásmundarsal, en kom í hópinn úr annarri átt.

Gylfi var, eins og Jón Gunnar Árnason, iðnaðarmaður að mennt, trésmiður, en hafði frá unga aldri lifandi og sterkan áhuga á myndlist. Hann stundaði nám í Myndlistarskólanum í Reykjavík og hélt sína fyrstu sýningu 1971 en hafði þá vakið athygli fyrir teikningar sínar. Gylfi hélt fjölda einka- og samsýninga frá 1971, kenndi teikningu, stjórnaði sýningum og rak gallerí, myndskreytti bækur og blöð og hannaði leikmyndir. Hann skrifaði gagnrýni í dagblöð og annaðist þáttagerð fyrir útvarp og sjónvarp ásamt handritaskrifum og flutti fyrirlestra um íslenska myndlist. Gylfi var einn af höfundum verksins Kjarval sem Nesútgáfan gaf út á síðasta ári og fékk Íslensku bókmenntaverðlaunin 2005 í flokki fræðirita og bóka almenns efnis.



**MYNDLIST** Endurvinnsla Gylfa á Fjallamjólk eftir Kjarval.

Gylfi var áberandi í miðborgarlífi Reykjavíkur, einn af föstum póstum í því mannlífi sem þar þreifst. Það var hægt að ganga að honum vísum á sínum stað í kaffihúsalífinu og hann bjó í borginni miðri, í Skólastræti ofan við gömlu Bakarabrekkuna. Hann hafði enda alið aldur sinn allan á þeim slóðum, fjölfróður um líf borgarinnar, ávallt vakandi um velferð samfélagsins sem ól hann. Myndlist hans bar líka pólitískan blæ, sem kemur skýrt fram í frægri endurvinnslu hans á verki Kjarvals hér að ofan, en Kjarval var sá meistari sem hann dáði mest.

Á sýningunni eru sýndar teikningar, þrívíddarverk, myndskreytingar og málverk. Í dag kemur út vegleg bók um listamanninn með texta eftir Silju Aðalsteinsdóttur og Hjálmar Sveinsson. Sýningarstjóri er Guðmundur Oddur Magnússon (Goddur). Þeir félagar, Hjámar og Goddur verða með sýningarleiðsögn næstu sunnudaga kl. 15 en safnið er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 11 til 17 og sýningunni lýkur 23. nóvember. - pbb




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 01. nóvember**

**➜ Tónleikar**

**21.00 Svona eru menn** KK spilar á Draugasetrinu, Hafnargötu 9, Stokkseyri.



**22.00** Hljómsveitirnar **Nögl, What about og Reason to Believe** verða með tónleika á Café Amsterdam, Hafnarstræti 5.

**➜ Síðustu Forvöð**

**Kynjaskepnur** Sýning á teikningum Jóns Baldurs Hlíðberg úr bókinni Íslenskar kynjaskepnur, lýkur um helgina. Gerðuberg, Gerðubergi 3-5. Opið virka daga 11.-17., helgar 13.-16..



**➜ Opið Hús**

**Listamenn og hönnuðir á Korpúlfsstöðum** opna vinnustofur sínar fyrir gesti og gangandi kl. 13.-17.

**➜ Málþing**

**12.00 Grunngildi og verðmætamat** ReykjavíkurAkademían, Skálholtsskóli og tímaritið Glíman standa fyrir málþingi í húsnæði Akademíunnar, Hringbraut 121. Aðgangur ókeypis.

**➜ Tónlist**

**14.00 Heklumót 2008** Átta karlakórar koma fram á Heklumóti sem haldið verður í Íþróttahöllinni á Húsavík, Stóragarði 8.

**17.00 Suðrænir tónar, blær að austan og gamli Bach** Ögmundur Þór Jóhannesson heldur gítartónleika í Salnum, Hamraborg 6, Kópavogi. Sigrún og Ólöf Einarsdætur sýna gler- og textílverk í andyrinu á undan tónleikunum. Húsið opnar kl. 15.00.

**➜ Ráðstefna**

**Lífleikniráðstefna** Menntavísindasvið HÍ og Siðfræðistofnun standa fyrir ráðstefnu um lífsleikni í skólum fyrir kennara á öllum skólastigum og annað áhugafólk. Ráðstefnan fer fram í húsakynnum Menntasviðs í Stakkahlíð (áður Kennaraháskólinn), kl. 10.15-16.00. Aðgangur er ókeypis.

**➜ Myndlist**

**Vinnustofumyndir** Elfar Guðni Þórðarson er með yfirlitssýningu á verkum sínum í Svarta-kletti, sýningarsal í Menningarverstöðinni, Stokkseyri. Sýningin er opin daglega frá 14.00-18.00.

**Glætan** Haraldur Jónsson sýnir í SuðSuðVestri, Hafnargötu 22, Reykjanesbæ. Opið lau. og sun. 13.00-17.00.

**➜ Blús**

**Blús- og jazzhátíð Akraness** stendur yfir í Bíóhöllinni, Vesturgötu 27, um helgina.

**21.00 Blúskvöld** Fram koma The Devil´s Train, Magnús, Ferlegheit, og Landslíðið.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

## Panik á gólfi

**LEIKLIST**

**Private Dancer**

eftir Margréti Söru Guðjónsdóttur, Jared Gradinger og Sveinbjörgu Þórhallsdóttur
Leikmynd og búningar: Una Stígsdóttir, Malcolm James og Paul Todd
Tónlist: David Kiers. Lýsing: Þórður Orri Pétursson og Reiner Eisenbraun
Leikarar: Margrét Sara Guðjónsdóttir, Jared Gradinger og Sveinbjörg Þórhallsdóttir

★

Lítilla sanda, lítilla sæva



**LEIKLIST** Sveinbjörg Þórhallsdóttir bar af í tilraunasýningu Panik.

Stundum er nútímadansinn erfiður áhorfs. Kona ráfar um gólfið og stynur reglulega í míkrafón. Maður vaknar ber á dýnu og stamar nokkra grófa brandara í míkrafón. Þriðji dansarinn fer í fjórgang gegnum ósamstillt ráp hinna tveggja þar sem ensk dægurlög eru túlkuð í söng og dansi í mismunandi gervum. Þannig var nær klukkutíma nýr dans, Private dancer, sem frumsýndur var á stóra sviði Borgarleikhússins á fimmtudagskvöld. Hann var sýnilega sprottinn úr spuna þar sem Margrét Sara gerði sitt, Sveinbjörg Þórhalls sitt og pilturinn föngulegi sitt. Og efnið var að sjálfsögðu samskiptaskortur mannsins.

Það var út af fyrir sig gaman að sjá dansarana í þessu rými: sviðið opið fram í sal, rétt eins og Kjartan Ragnarsson hugsaði sér fyrir sviðsetningu á lokaþætti Heimsljóss þar sem salurinn væri jökullinn. Hér var brunatjaldið notað með áhrifaríkum hætti, hljóðkerfið var gott og hljóðþátturinn spennandi. Eina manneskjan sem var áhugaverð á sviðinu var Sveinbjörg, líkast til vegna þess að félagar hennar voru ekki áhugaverðir fyrir fimmaur.

Panik Productions kann vel að vera tríó eða dúó sem á sér bjarta framtíð í styrkjakerfinu og hugsanlega einhverja framtíð á fundi við áhorfendur en á fimmtudag voru viðtökur með því daufasta sem maður hefur heyrt lengi – undrar mann ekki. **Páll Baldvin Baldvinsson**

Sögur útgáfa

# GÆÐAMENNING Á GÓÐU VERÐI Í EYMUNDSSON




Bók sem iðar af hlátri og engist af sársauka.




Sagnfræðileg spenna á víkingaslóðum.




Góð gusa af dramatík og sletta af hárbeittum húmor. Sönn saga.




Í Arizona má víst bara hafa tvö gervityppi á hverju heimili.




Diddú, eins og hún gerir best. Íslensk og erlend lög með rússneska kvartettnum Terem.




12 ára strákur sem fær vinnu sem jólasveinn á Norðurpólnum.

Tilboð gilda til 12. nóvember




Spennandi unglingasaga.




Farðu í ótrúlega ferð í kringum hnöttinn.

Eymundsson
Bóksali frá 1872




# Annarskonar sæla úr norðri

**BÓKMENNTIR**

**Annarskonar sæla**

Ljóð eftir Kristínu Eiríksdóttur

Forlagið

★★★★

Krefjandi skáldskapur

Bókin skiptist í fjóra hluta eða fjögur löng ljóð og birtist hið síðasta, Stóri hvíti maður, nýlega í þýðingarriti Nýhils. Þetta eru óbundin myndrík geimaldarljóð sem daðra við dada og skýrslu, formið einskonar hugflæði eða draumskynjun þótt veruleiki þeirra sé blákaldur raunveruleiki. Stíll tugginn og snöggur, endurtekningar með stuttum vísuorðum víðast sem þó eiga sér gjarnan skýra efnislega afmörkun og mynda vísvitandi gap á milli allra tengsla, línu fyrir línu. Stíllinn heggur „atburðarásina“ sundur eins og sax og blæðir úr sárinu. Samspil við efnistök er ósýnilegt, nekt og ástríða textans magna geðveiki sögunnar og hreinsa jafnharðan í eigin eldi.

Leiðin heitir fyrsta ljóðið. Þetta er saga (drápa) í þátíð af mér (ég, sem er jafnframt mælandi) og þér (þú), sem fylgja okkur síðan í æpandi þögn gegnum víti og dauða bókina á enda, sem er áþreifanlegt og næstum hástemmt drama, en sagan er hér hugsuð en ekki sögð í orðum (sem er þversögn) og stef hennar er spurn (hvernig) sem lesandinn einn má svara og dramatík því ekki eins yfirþyrmandi, alltaf útgönguleið fyrir lesanda. Leiðin liggur gegnum sjálfstortímingu, kvalalosta, ofskynjun, morð, eitur, mannát og dauða. Græðgin holdgerist, nærist á neyslusamfélaginu og etur sig inn í fólkið, náttúran breytist í deyðandi óvætt, sagan staursetur alla sælu án vonar, umbreytir henni í kvöl, einstaklingurinn deyr einn og tilgangslaus, brennur ... er einhver leið áfram?, annars konar sæla / hvernig – spurning án spurnar.

Ástin og eilífðin er næsta ljóð, hvorki meira né minna. Þetta er persónulegasta ljóðið; hér eru persónurnar sjálfar í brennidepli, „sama sagan“ og áðan en frá öðru sjónarhorni. Nú er það fólkið (ég og þú) sem hefur hold og ofsafengna náttúru, af moldu er það komið og því kippir í kynið, er sjálft deyðandi óvættur ... við þráum morð / heit lík og / eitthvað / sem við skiljum ekki (29) ... hér speglar skáldið mannlega brenglun mælandans í ónáttúrulögmálum og samtímahryllingi, sprautar sig í æð og sker Lorca á háls í miðri Kringlunni.



**BÓKMENNTIR** Kristín Eiríksdóttir myndlistarkona og skáld.

Þriðja ljóðið heitir Kynlíf og dauði. Sömu slóðir, svört viðurstyggð (27) gengur aftur; tóm, rotnun, svarthol, brenna, sársauki í stað sælu, órar, sjálfspynding, ógnandi kynlíf og brenglun. En ljóðið bæði endar og hefst á vendipunkti. Hinn fyrri er þegar mælandinn ávarpar hnöttinn (kringluna) á bls. 45 og samsamar hann við persónuna þú/hann; upp frá því og bókina á enda er „þú“ bæði heimur og maður. Síðari vendipunktur varðar mótmæli á bls. 56, uppreisn mælandans gegn alvaldi holds og fýsna ... en alveg án sannfæringar og jafnvel árangurs. Vel leyst.

Lokaljóðið er Stóri hvíti maður. Aðgengilegasta ljóðið og hið pólitískasta, framhald af persónudrama fyrri ljóðanna (jafnvel „svar“) og sjálfstæð drápa um sögulegan glæp, líka heimsádeila og siðferðileg ágjöf. „Þú“ er hér bæði maður og heimur og „ég“ er bæði mælandi og óflekkuð náttúra sem segir heimi óspart til syndanna, þetta er því að hluta til saga um þríhöfða sökudólg – og að mínu viti býsna mergjaður skáldskapur. Skáldið bætir smám saman við sig táknum og minnum sem hlaða undir textann og magna spennu sem að endingu springur út í tómið, hverfur í órum um ekkert, nema hvað, eins og Ísland neyslunnar og öll heimskringlan. Púff. Ég féll fyrir þessari kynlegu bók.

**Sigurður Hróarsson**




# At í plati

**BÓKMENNTIR**

**At og aðrar sögur**

eftir ýmsa

Mál og menning

★

Slakar og hugmyndadaufar sögur fyrir börn.

At og aðrar sögur er safn af sextán draugasögum sem ætlaðar eru ungum lesendum, níu ára plús. Safnið er afrakstur samkeppni sem haldin var í tengslum við barnabókmenntahátíðina Mýrina. Bókin er fallega frágengin, prentuð með stóru letri fyrir unga lesendur og leggja fjórtán höfundar til sögur í safnið. Af þessum sögum ber verðlaunasagan At af en Guðmundur Brynjólfsson höfundur hennar er nýgræðingur á sagnaakrinum. Flestir höfundarnir halda sig á hefðbundnum miðum, skrifa sig inn í málheim og lífsreynslu barna. Sögurnar eru hefðbundnar og flestar gamaldags, hér er fjarri sá leikja- og tækniheimur sem börn hrærast í nú um stundir. Ungur lesandi á mínum vegum var tiltakanlega sáttur við sögurnar en bókin er merkt fyrir krakka sem „þora“. Hún er aftur ekki eftir höfunda sem „þora“ og vekur stórar spurningar um hvaða erindi höfundarnir eiga við lesendur. Nú er draugamenningin ríkur hluti af lífi barna í gegnum marga miðla og á alltaf einhvers konar erindi um einföld siðlæg efni: tryggð, hugrekki, einurð. Margar sögurnar bera flaustrinu merki, persónusköpun óskýr, söguþráður víða reikull, málfar full hátíðlegt og alveg laust við það brotna og skotna mál sem börn nú til dags tala. At og aðrar sögur er miðlungsefni sem sýnir að íslenskir höfundar á barnaefni þurfa að taka sig verulega á.




**Páll Baldvin Baldvinsson**






# Frábær tilboð!

netto



35% afsláttur

GOÐI

PÍTUBUFF, SÓSA
OG BRAUÐ Í PAKKA

**649** kr/pk.

~~998~~ kr/pk.



30% afsláttur

GOÐI

GRÍSAKÓTILETTUR

**1.189** kr/kg

~~1.698~~ kr/kg



40% afsláttur

GOÐI

GRÍSABÓGUR 1/2 REYKTUR

**533** kr/kg

~~888~~ kr/kg




FROSIN ÝSA 2.27kg

**1.399** kr/pk.




CHICAGO TOWN XL PIZZA
M/SKINKU OG SPECIALE

**2 fyrir 999** kr

~~1.398~~ kr/2stk.




30% afsláttur

FROSIÐ BROKKOLÍ
227g

**69** kr/pk.

~~99~~ kr/pk.



50% afsláttur

FERSKUR ANANAS

**199** kr/stk.

~~389~~ kr/stk.




50% afsláttur

FANTA 2l

**95** kr/stk.

~~189~~ kr/stk.

TILBOÐIN GILDA 30.OKT. - 2. NÓV.

www.markhonnun.is

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR



**Systraafmæli**
Undirfataverslunin Systur fagnar eins árs afmæli um helgina en hún hefur fengið frábærar viðtökur enda boðið upp á kynþokkafullt og frumlegt úrval af nærfötum og öðrum glaðningi fyrir lífið innan svefnherbergisdyranna. Sérstök afmælistilboð verða í gangi í dag og í næstu viku og meira að segja 14 prósenta afsláttur af splunkunýjum vörum, meðal annars frá Mylu og Lascivious.

# stíll

utlit@frettabladid.is




## OKKUR LANGAR Í …

… snilldarlegan varalit sem er í raun mjúkur blýantur frá Shiseido. Praktískt í veskið



… fallega goltreyju með pallíettum sem vekur upp glamúr fimmta áratugarins. Frá Pferd&Baumgarten.



… dásamlega falleg undirföt til að lífga upp skammdegisnætur. Frá Systrum, Laugavegi.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
### Anna Margrét Björnsson

# *Sársauki og sjö tommu hælar*

Klukkan er tvö um nótt og ég er að reyna að staulast á milli tónleika á Iceland Airwaves. Staulast segi ég því að á fótunum eru sjö tommu háir hælar og þrátt fyrir að þeir hafi verið einkar þægilegir fyrr um kvöldið þá líður mér núna eins og litlu hafmeyjunni í ævintýri H.C. Andersens. Hvert skref sem ég stíg til jarðar er eins og hnífstunga í ilina. Skórnir hafa umbreytt kvöldi mínu í hreina martröð þar sem ég get hreinlega ekki gengið. Ég bölva því hversu pjöttuð ég var og skil ekki í mér að hafa ekki gripið snjáðu Converse-skóna í staðinn. Ég enda með því að labba á sokkunum niður Laugaveginn í eins stigs frosti. Smart? Nei, hreint ekki, en hvað eiga stúlkur að gera þegar aðaltískugripur vetrarins eru stórfenglegir háir hælaskór sem margir hverjir eru auk þess upphækkaðir og með böndum? Nú í fyrsta lagi held ég að það sé skelfilega vond hugmynd að vera í háum hælum þegar maður veit fyrir víst að maður á eftir að standa eða dansa meiripart kvöldsins og eiga á hættu að ganga alla leið heim til sín líka. Það er sennilega best að skipuleggja leigubíla- eða bílför ef maður ætlar í nýju Rykiel-skónum út á lífið og eins er ráðlegt að finna sér þægilegt sæti við barinn.

Amma mín heitin, sem var alltaf hrikalega flott klædd, gekk í hælum á hverjum einasta degi. Meira að segja inniskórnir hennar voru með hæl. Hún sagði mér að hún hefði ekki gengið í venjulegum skóm síðan hún var unglingur, fæturnir hennar voru lagaðir að hælaskónum og hún gat hreinlega ekki gengið í flatbotna skóm. Sjö ára dóttir mín er, eins og margar litlar stúlkur, strax farin að stelast í að máta hælaskóna mína og er þá auðvitað samstundis orðin „kona“ að hennar mati. Við vitum nú allar að það er eitthvað afskaplega kvenlegt og sexí við háa hæla enda ýkja þeir til muna hvernig við stöndum, göngum og berum okkur. Svo ekki sé talað um þessa stórfenglega „kinky“ hæla sem nú streyma inn í búðirnar sem eru eins og beint út úr sadó-masó myndaseríu með Bettie Page. En hvað er til ráða fyrir tískudrósir sem hafa ákveðið að lifa og hrærast í sjö tommu skóm allan veturinn? Nú, í fyrsta lagi skapar æfingin meistarann og ekki óvitlaust að eyða síðkvöldum heima á skónum. Kærastarnir munu örugglega kunna að meta það, sérstaklega ef maður er fáklæddur. Í öðru lagi er núna hægt að kaupa afskaplega sniðuga púða í apótekum sem maður setur undir tábergið og ættu að minnka mestu kvalirnar. Svo má bæta því við að hælar eru ekkert svo óvitlausir í snjó og hálku, því maður getur stigið fast til jarðar og notað þá sem eins konar mannbrodda.





**MYNSTUR** Mynstraður bolur, bróderað pils og leðurjakki frá Matthew Williamsson.



**TÖFF** Svartur toppur, gaddabelti og níðþröngar buxur með blómamynstri frá Matthew Williamsson.



**LEÐUR** Hnésíður renndur leðurkjóll frá Proenzu Schouler kann að verða ansi heitur næsta sumar.

### ROKK OG RÓL SUMARIÐ 2009:

# LEÐUR, GADDAR OG TÖFFARAHEIT

Rokk og ról er að drepa líf mitt söng hljómsveitin Suicide en rokk og ról virtist einmitt vera eitt aðalþema bandarískra tískuhönnuða fyrir næsta vor og sumar. Matthew Williamsson, Rag &Bone og Proenza Schouler sýndu hönnun sem einkenndist af leðri, rennilásum. þröngum buxum og gaddabeltum sem minntu á rokkara áttunda áratugarins. - amb








**ROKKAÐ** Blómabolur, leðurvesti og þröngar buxur hjá Matthew Williamsson.



**GLAMÚR** Kynþokkafullur stuttur kjóll með gaddabelti og fjólublá pelsslá frá Matthew Williamsson.

# *Hollustuveisla á hverjum degi*




Nanna Rögnvaldardóttir samdi uppskriftirnar í *Af bestu lyst 3* sem allar birtast ásamt nákvæmum næringarupplýsingum.

Vinsælasta matreiðslubók
síðari ára loksins komin aftur
**– og ný bók í sama flokki!**

Léttir, ódýrir og einfaldir réttir.

Hollur og gómsætur heimilismatur.

***Borðum af bestu lyst!***



**VAKA-HELGAFELL**
**www.forlagid.is**

*Í samvinnu við Lýðheilsustöð, Hjartavernd og Krabbameinsfélagið.*

## > OASIS SAMIR VIÐ SIG

Það er sjaldan lognmolla í kringum bresku ólátabelgina í Oasis. Nú hefur Noel Gallagher lýst því yfir að það hafi verið bróður sínum, Liam, að kenna að þeir náðu ekki að leggja Bandaríkin undir sig árið 1996. „Hann hætti við tónleika og fór að leita að húsum. Ég kenni honum alfarið um hvernig fór þá.“



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Leið eins og hommanum í Little Britain

Jónsi, söngvari hljómsveitarinnar Sigur Rós, var í ansi merkilegu viðtali við breska blaðið The Mirror í gær. Tilefnið er tónleikaferð hljómsveitarinnar í Bretlandi sem hefst í Wolverhampton Civic Hall á þriðjudaginn. Jónsi fer um víðan völl í spjallinu og ræðir meðal annars um nafnið á hljómsveitinni sem fengið er frá systur hans en hún fæddist sama dag og hljómsveitin var formlega stofnuð. Jafnframt talar Jónsi um hina svokölluðu heimsfrægð og söngvarinn segir að hún hafi aldrei verið á dagskránni. „Þetta kom mér á óvart. Var mjög spennandi og skemmtilegt. Við töldum okkur ekki eiga neina möguleika á því að njóta svona mikillar velgengni, hvað þá að spila í útlöndum. Að vera í hljómsveit er í mínum huga bara spurning um félagsskap og að hafa það skemmtilegt.“



LITTLE BRITAIN

Jónsi ræðir einnig um samkynhneigð sína og hversu einangraður hann hafi verið. Hann hafi því sótt í tónlist. „Að vera hommi var mjög eðlilegt fyrir mér þótt ég hafi ekki komið út úr skápnum fyrr en ég var 21 árs. En það að búa úti á landi þýddi að ég hitti engan eins og mig svo að ég varð einangraður. Þegar ég sá Little Britain fann ég til mikillar samkenndar með the only gay in the village,“ segir Jónsi. Blaðamaður Mirror getur síðan augljóslega ekki stillt sig um að spyrja um ástandið á Íslandi. „Ég held að allir hati Ísland núna. Það er eiginlega allt brjálað hérna. Gjaldmiðillinn er svo lágur og öllum líður eins og Ísland sé bara að fara á hausinn. En það er líka eitthvað heillandi við þetta allt. Þetta var einhvers konar vekjaraklukka fyrir okkur. Ég held að þjóðinnni hafi í raun fundist að þetta væri einum of mikið af hinu góða.“ - fgg



**FANN TIL SAMKENNDAR** Jónsi segir að þegar hann hafi séð Little Britain þá hafi hann fundið til ótrúlega mikillar samkenndar með „the only gay in the village“.

# *Minntust Newmans*

Julia Roberts, Bruce Willis, Jack Nicholson, Sean Penn og Tom Hanks voru meðal þeirra sem minntust kollega síns Pauls Newman á góðgerðasamkomu sem var haldin í San Fransisco.

Um var að ræða árlega samkomu sem samtökin The Painted Turtle standa fyrir en Newman stofnaði þau árið 1999. Halda þau úti sumarbúðum fyrir börn sem greinast með alvarlega sjúkdóma.

„Við höfðum vonast til að Paul yrði með okkur þannig að þetta breyttist í hálfgerða minningarsamkomu,“ sagði leikarinn Danny Glover, sem tók einnig þátt. Julia Roberts bætti við: „Þetta er í fyrsta sinn sem við tökum þátt í þessu án Pauls. Það er ákveðið tómarúm sem hefur myndast.“



**JULIA ROBERTS** Leikkonan Julia Roberts var meðal þeirra sem minntust vinar síns Paul Newman sem lést á dögunum.

# Les upp með mömmu

„Ég las bókina yfir fyrir mömmu þegar hún var búin að þýða hana og leist rosalega vel á. Hún er búin að tala um þessa bók við mig í mörg ár og það er gaman að geta stutt hana í þessu,“ segir leik- og sjónvarpskonan Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir um bókina Þín hjartans þrá eftir Soniu Choquette sem mamma hennar, Hildur Halldóra Karlsdóttir, íslenskaði. Fyrir jólin mun Ísgerður lesa upp úr bókinni, en móðir hennar svara spurningum úr efninu og í dag hefja þær leikinn í Pennanum, Holtagörðum klukkan 14.

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á sjálfsræktarbókum og þegar ég var að lesa bók sem heitir Artist Way var bent á þessa bók. Hún kennir fólki að lifa meira út frá hjartanu, en ekki út frá væntingum annara, virkja sjötta skilningarvitið og þora að fylgja eigin tilfinningum,“ útskýrir Hildur sem var nýkomin frá Chicago þegar blaðamaður náði tali af henni, en hún hefur sótt þjálfun hjá Soniu Choquette í Bandaríkjunum til að undirbúa eigin námskeið hér á landi í janúar.

„Þegar The Secret kom út fannst mér það vera svona eins og útþynnt útgáfa af þessari bók og ekki segja almennilega hvað er verið að tala um, en Í þín hjartans þrá lýsir Sonia því mjög vel hvernig hægt er að sjá fyrir sér það sem maður þráir og kennir aðferðir til þess,“ segir Hildur að lokum, en námskeið hennar verða auglýst á síðunni upptok.com. - ag



**HJÁLPAR MÖMMU** Ísgerður les upp úr bókinni Þín hjartans þrá, sem móðir hennar, Hildur Halldóra Karlsdóttir, íslenskaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

Bláa lónið er opið alla daga frá kl. 10.00–20.00 • Sími 420 8800 • www.bluelagoon.is



GUÐNÝ HALLDÓRSDÓTTIR Guðný mun kynna mynd sína Veðramót á Norðurbryggju í Kaupmannahöfn 4. nóvember.

## Íslenskt bíó í Danmörku

**Sýningin Ísland:Film 1904-2008 opnar á Norðurbryggju í Kaupmannahöfn í dag og af því tilefni munu fjórir íslenskir kvikmyndagerðarmenn sýna og fjalla um kvikmyndir sínar á næstu vikum.**

**Guðný Halldórsdóttir mun kynna mynd sína Veðramót, Friðrik Þór Friðriksson sýnir Börn náttúrunnar, Baltasar Kormákur kynnir 101 Reykjavík og Ágúst Guðmundsson mun sýna myndina Mávahlátur.**

**Flökkusýningin ISLAND:: FILM, sem kynnir kvikmyndasögu Íslands frá upphafi hennar árið 1904 fram til dagsins í dag, mun standa yfir til 25. janúar á næsta ári.**

# Brúðguminn með fjórtán tilnefningar til Eddunnar

**Rjóminn úr íslenska sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðinum var samankominn í gærkvöldi á Nasa þegar tilnefningar til Eddunnar voru kunngjörðar í skugga efnahagsfárviðrisins. Brúðguminn og Reykjavík-Rotterdam leiða tilnefningafjöldann.**



VINSÆLL BRÚÐGUMI Kvikmynd Baltasars Kormáks virðist hafa farið vel ofan í sjónvarps- og kvikmyndaakademíuna því hún fékk fjórtán tilnefningar til Eddunnar.

Brugðið var út af vananum að þessu sinni. Jafnan hafa tilnefningar til Edduverðlaunanna verið tilkynntar á blaðamannafundi en að þessu sinni var gripið til þess ráðs að þjappa hópnum saman og stefna honum á Nasa á svokallað bransaball. Logi Bergmann Eiðsson og Þorsteinn Guðmundsson voru kynnar kvöldsins og fóru á kostum í gamanmáli sínu en stóra stundin rann upp laust eftir klukkan níu þegar tilnefningarnar voru kunngjörðar.

Og það hefur væntanlega ekki komið mörgum á óvart að kvikmynd Baltasars Kormáks, Brúðguminn, skuli hafa fengið flestar tilnefningar eða fjórtán alls. Það er met í sögu Edduverðlaunanna. Myndin hlaut einróma lof gagnrýnenda og frábæra aðsókn í kvikmyndahúsum borgarinnar. Myndin hefur tryggt sér að minnsta kosti ein verðlaun; besti karlleikari í aukahlutverki. Því þar eru þeir Jóhann Sigurðarson, Þröstur Leó Gunnarsson og Ólafur Darri Ólafsson allir tilnefndir fyrir leik sinn í kvikmyndinni.

Aðstandendur Reykjavík-Rotterdam geta jafnframt einnig vel við unað. Myndin fékk tíu tilnefningar; þar á meðal sem besta myndin, besti leikstjóri og leikari ársins í aðalhlutverki. En hana fær einmitt leikstjóri Brúðgumans, Baltasar Kormákur og keppir þar við Hilmi Snæ úr Brúðgumanum og Pétur Einarsson fyrir Konfektkassann.

Keppnin um bestu leikkonuna verður án nokkurs vafa hörð en þar stendur valið milli Margrétar Vilhjálmsdóttur fyrir Brúðgumann, Diddu fyrir Skrapp út og Sólveigar Arnarsdóttur en hún sker sig örlítið úr hópnum enda tilnefnd fyrir spennuþáttaröðina Svarta engla. Þær Ólafía Hrönn og Ilmur Kristjánsdóttir eru síðan báðar tilnefndar fyrir leik sinn í Brúðgumanum og etja þar kappi við Hönnu Maríu Karlsdóttur sem fór á kostum í Sveitabrúðkaupi Valdísar Óskarsdóttur og Vesturports.



MÖGULEIKI Á ÞRENNU Baltasar Kormákur gæti sjálfur átt möguleika á þrennu: fyrir leik sinn í Reykjavík-Rotterdam, sem besti leikstjóri og fyrir handrit ársins.

Spennuþáttaraðir eru síðan áberandi í flokknum leikið sjónvarpsefni ársins. Mannaveiðar, Pressa og Svartir englar keppa þar við Íþróttaálfinn úr Latabæ og Dagvakt Ragnars Bragasonar. Og þau Egill Helgason og Eva María Jónsdóttir af RÚV keppa síðan við Jóhannes Kr. Kristjánsson um titilinn Sjónvarpsmaður ársins.

freyrgigja@frettabladid.is

## Kynþokkafull Loli

Dj Loli, einn kynþokkafyllsti kvenplötusnúður heims, spilar í Halloween-partíi á Nasa í kvöld. Logandi grasker, reykur og grímuklætt fólk verður áberandi á tónleikunum og má því búast við óvenjulegri stemningu.

DJ Loli hefur spilað víða um heim með þeim félögum Tommy Lee og Dj Ayero, sem spiluðu einmitt hérlendis í janúar síðastliðnum. Loli var þegar orðin ein skærasta stjarna Úkraínu þegar hún flutti frá heimalandi sínu til Bandaríkjanna. Hún settist að í Los Angeles og síðan þá hefur ferill hennar stefnt upp á við. Auk þess að þeyta skífum hefur hún setið fyrir í blöðum á borð við Maxims og FMH og hefur verið kölluð kynþokkafyllsti plötusnúður heims. Einnig hefur hún starfað sem kynnir á sjónvarpsstöðinni MTV og komið fram í gestahlutverki í sjónvarpsþáttunum Entourage.



DJ LOLI Loli, sem þykir einn kynþokkafyllsti kvenplötusnúður heims, spilar á Nasa í kvöld.




# Fer ekki á svið með Jackson 5

Popparinn Michael Jackson hefur lýst því yfir að hann ætli ekki að taka þátt í fyrirhugaðri endurkomu hljómsveitarinnar Jackson 5. Yfirlýsing Jacksons kom degi eftir að eldri bróðir hans Jermaine sagði að Jackson ætlaði í tónleikaferð með sveitinni.

Orðrómur hefur lengi verið uppi um að Jackson 5 ætli í tónleikaferð um heiminn á nýjan leik en það hefur ekki orðið að veruleika. „Bræður mínir og systur hafa stuðning minn og ást og við höfum upplifað mörg frábær augnablik saman. Eins og staðan er í dag hef ég samt ekki í hyggju að taka upp plötu með þeim eða fara í tónleikaferð,“ sagði hinn fimmtugi Jackson. „Ég er núna í hljóðveri að vinna að spennandi verkefnum sem ég hlakka til með að deila með aðdáendum mínum bráðlega á tónleikum.“

Jackson 5, sem naut mikilla vinsælda á áttunda áratugnum, var skipuð systkinunum, Michael, Tito, Marlon, Jackie, Jermaine og Randy. Á meðal vinsælustu laga þeirra voru I Want You Back, ABC og Shake Your Body (Down to the Ground). Síðasta tónleikaferð sveitarinnar var farin árið 1984 eftir að Jackson hafði þegar slegið í gegn sem sólótónlistarmaður með plötunum Off the Wall og Thriller. Sveitin kom síðast saman á tónleikum árið 2001 til að fagna þrjátíu ára tónlistarferli Jackson.



**MICHAEL JACKSON** Popparinn Michael Jackson ætlar ekki í tónleikaferð um heiminn með systkinum sínum í Jackson 5.

# Stærsta mótmælaganga Íslandssögunnar í dag

**Þriðja laugardaginn í röð ætla mótmælendur að flykkja sér saman undir slagorðinu Nýir tímar og efna til mótmæla í dag. Safnast verður saman á Hlemmi og gengið þaðan kl. 14.**

Meðal þeirra sem ætla að leggja sitt á vogarskálarnar er Jón Sæmundur, Nonni Dead. „Ég er nú ekki alveg búinn að ákveða hvernig ég útfæri mitt framlag,“ segir hann. „En ég býst við að mála slagorð með súrmjólk á svartan kagga.“

Listamenn eru fjölmennir í hópi aðstandenda. Fyrir utan Jón eru þar meðal annars Biggi veira í Gus Gus, Egill Tómasson gítarleikari, Snorri Ásmundsson, Hugleikur Dagsson, Orri í Sigur Rós og Sara María Eyþórsdóttir, eigandi Nakta apans. Málsvari mótmælanna að þessu sinni er Sigurlaug Ragnarsdóttir, listfræðingur.

„Ég held að þetta toppi allt og verði jafnvel fjölmennustu mótmæli Íslandssögunnar,“ segir hún. Þetta háleita markmið dregur hún af þeim fjölda sem hefur lagt málefninu lið að undanförnu. „Þarna verða allir. Margir mismunandi hópar og við hvetjum alla til að bera virðingu fyrir náunganum og sýna samhug. Við erum öll á sama stað. Skilaboðin eru skýr: Að ríkisstjórnin víki og kosningar verði haldnar.“

Sigurlaug segir plaköt komin upp úti um allan bæ og fólk sitja við að undirbúa spjöld og fána fyrir daginn. „Svo skilst mér að öll gjallarhorn í landinu séu uppseld,“ segir hún. „Hin árlega Laugavegsganga Hundaræktarfélagsins fer fram í dag, en við látum nú hundana bara koma síðasta svo þeir tryllist ekki.“



**SÚRMJÓLK Á KAGGA** Jón Sæmundur leggur sitt á vogarskálarnar.



**ÞAGGAÐ NIÐUR Í GEIR** Frá mótmælunum síðasta laugardag.

Að göngu lokinni hefst dagskrá á Austurvelli um kl. 15. „Það verður bara venjulegt fólk sem talar núna, engir frægir.“

drgunni@frettabladid.is





SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| QUARANTINE | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| EAGLE EYE | kl. 8 og 10.15 | 16 |
| SKJALDBAKANN OG HÉRINN | kl. 2, 4 og 6 (650 kr.) - ÍSL.TAL | L |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 10 | 12 |
| LUKKU LÁKI | kl. 2 og 4 | L |
| MAMMA MIA | kl. 2, 4, 6 og 8 | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 kl. 1D - 1:30 - 2 - 3:30D - 5 - 6D - 7:30 - 8:30D - 10:10 | | L |
| HSM 3 | kl. 5:30 | VIP |
| EAGLE EYE | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| EAGLE EYE | kl. 2 - 8 - 10:30 | VIP |
| SEX DRIVE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 5:50 - 8 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 10:10 vegna áskorana | 12 |
| GEIMAPARNIR m/ísl tali | kl. 1:30 - 3:50 | L |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 3:40 síð sýn. | L |
| WALL-E m/ísl tali | kl. 1:30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HSM 3 DIGITAL | kl. 1 - 3:30D - 5:40D - 8D - 10:30D | L |
| EAGLE EYE DIGITAL | kl. 5:50D - 8D - 10:30D | 12 |
| SEX DRIVE | kl. 8:20 - 10:30 | 12 |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 3:30(3D) síð sýn. | L |
| WILD CHILD | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl tali | kl. 1:40 | L |
| STAR WARS | kl. 1:40 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 2 - 5:30 - 8 | L |
| SEX DRIVE | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| SKJALDB. OG HÉR. m/ísl tali | kl. 2 | L |
| JOURNEY | kl. 3:50 | L |
| THE HOUSE BUNNY | kl. 6 síð sýn. | L |
| BURN AFTER READING | kl. 10:10 síð sýn. | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HSM 3 | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl tali | kl. 2 | L |
| WOMAN | kl. 4 | |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 6 | L |
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 2 - 5:30 - 8 | L |
| MAX PAYNE | kl. 10:10 | 16 |
| HAPPY GO LUCKY | kl. 8 | 14 |
| BANGKOK DANGEROUS | kl. 10:10 | 16 |
| SKJALDB. OG HÉR. m/ísl. tali | kl. 2 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 4 - 6 | L |




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| QUARANTINE | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| QUARANTINE LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| MAX PAYNE | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 1 - 3.30 - 5.45 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 1 - 3 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 1 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| MAX PAYNE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 3.30 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.30 | L |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| WHERE IN THE WORLD IS OSAMA BIN LADEN | kl. 3.30 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| HÉR ER DRAUMURINN | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| THE WOMEN | kl. 3 - 5.30 - 8 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| BURN AFTER READING | kl. 10.15 | 16 |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.30 | L |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.30 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| QUARANTINE | kl. 8 - 10* | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 8 - 10 | 12 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 | 14 |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 4 | |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 4 | |
| MAMMA MIA | kl. 5.50 | |
| * KRAFTSÝNING | | |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR










HORTON™
Á DVD!
HORTON
Frá framleiðendum
Ice Age
kemur Horton á DVD.
Æðislega skemmtileg
teiknimynd fyrir alla
fjölskylduna með
íslensku og ensku tali.
sena
okkar heimur // þín skemmtun

## > Aðsóknin fjórfaldaðist

Íslenska kvennalandsliðið hefur ekki bara náð sögulegum árangri inni á knattspyrnuvellinum því liðið fékk einnig fullt af áhorfendum á heimaleiki sína í undankeppninni. Alls komu 21.617 manns á fimm heimaleiki liðsins eða 4.323,4 áhorfendur að meðaltali í leik. Það var ekki nóg með að meðalaðsóknin fjórfaldaðist milli undankeppna hjá stelpuum því það komu líka færri áhorfendur samtals á alla heimaleiki liðsins í síðustu keppni (4.266) heldur en komu að meðaltali á leik í þessari undankeppni.



sport

sport@fre

HÓLMFRÍÐUR OG MARGRÉT LÁRA: MUNU SKOÐA AÐSTÆÐUR HJÁ ERLENDUM FÉLÖGUM Á NÆSTU VIKUM

# *Sænska úrvalsdeildin ekki ólíklegur áfangastaður*





Landsliðskonurnar Hólmfríður Magnúsdóttir hjá KR og Margrét Lára Viðarsdóttir hjá Val hafa verið í allra fremstu röð í íslensku deildinni undanfarin ár en nú bendir flest til þess að stöllurnar muni reyna fyrir sér í atvinnumennsku erlendis.

Margrét Lára hefur nú þegar gefið það út að hún hafi hug á því að spila erlendis á næsta tímabili.

„Ég fer út til Svíþjóðar og skoða aðstæður hjá Linköping um næstu helgi og það verður spennandi að skoða og sjá. Það er metnaðarfullt félag sem er með flotta leikmenn innanborðs. Svo mun ég reyna að finna tíma til þess að fara út til Bandaríkjanna, þar sem Los Angeles Sol valdi mig í nýliðavali fyrir nýja atvinnumannadeild þar í landi. Það er líka spennandi kostur og mikill heiður að fá að taka þátt í því," segir Margrét Lára.

Hólmfríður er enn ekki búin að ákveða neitt með framhaldið en viðurkennir þó að atvinnumennskan kitli eftir að hafa leikið í deildinni hér á landi síðustu átta árin.

„Ég hætti við að fara út í fyrra og vildi spila eitt ár í viðbót á Íslandi til að sanna mig aðeins betur. En nú er ég alveg með hugann við að fara til útlanda og skoða hvaða möguleikar eru í boði þar. Ég er samt ekkert búin að ákveða mig hundrað prósent með þetta. Eina sem er svona fast í hendi núna er að ég ætla að kíkja út til Betu [Elísabetar Gunnarsdóttur, nýráðins þjálfara Kristianstad] í Svíþjóð og skoða aðstæður hjá Kristianstad einhverja helgina í nóvember. Það er bara spennandi dæmi. Ég hef þekkt Betu síðan hún var að þjálfa mig í U-21 árs landsliðinu og kann vel við hana. Annars á ég alveg eins von á því að fleiri lið í Svíþjóð muni setja sig í samband við mig þar sem það var þó nokkur áhugi frá nokkrum þeirra í fyrra. Sænska deildin er rosalega sterk og ég tel mig geta bætt mig heilmikið sem leikmann þar og hún er því ekki ólíklegur áfangastaður," segir Hólmfríður.

## ÚRSLIT

### *Iceland Express-deild karla*

KR-Snæfell 91-80 (53-42)

**Stig KR:** Jason Dourisseau 21 (13 frák.), Jón Arnór Stefánsson 19 (11 stoðs., 10 frák.), Jakob Sigurðarson 18, Fannar Ólafsson 10, Helgi Már Magnússon 10 (8 stoðs., 7 frák., 7 stolnir), Skarphéðinn Ingason 4, Darri Hilmarsson 4, Ellert Arnarson 3, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 2.

**Stig Snæfells:** Sigurður Á. Þorvaldsson 24 (14 frák., 7 stoðs.), Jón Ólafur Jónsson 21 (10 frák.), Magni Hafsteinss. 14, Kristján Andréss. 9, Atli Hreinss. 7, Egill Egilss. 3, Gunnlaugur Máras. 2.

Keflavík-Breiðablik 86-107 (46-55)

**Stig Keflavíkur:** Hörður Axel Vilhjálmsson 21, Gunnar Einarsson 18, Þröstur Leó Jóhannsson 18, Sverrir Þór Sverrisson 10 (9 stoðs.), Sigurður Gunnar Þorsteinsson 9 (8 frák., 6 varin), Vilhjálmur Skúli Steinarsson 8, Axel Þór Margeirsson 2.

**Stig Breiðabliks:** Nemanja Sovic 41 (12 frák., 5 stolnir, hitti úr 13 af 18 skotum), Kristján Rúnar Sigurðsson 23, Halldór Halldórsson 15, Aðalsteinn Pálss. 11, Rúnar Ingi Erlngss. 10 (6 stoðs.), Loftur Þór Einarsson 4, Daníel Guðmundsson 3.

Skallagrímur-Grindavík 59-126 (39-71)

**Stigahæstir:** Þorsteinn Gunnlaugsson 16, Sveinn Davíðsson 14, Egill Egilsson 9 – Páll Axel Vilbergsson 24, Guðlaugur Eyjólfsson 24, Helgi Jónas Guðfinnsson 18, Páll Kristinsson 12, Davíð Páll Hermannsson 10, Þorleifur Ólafsson 10.



**EKKI MEÐ** Hlynur Bæringsson stjórnaði Snæfellsliðinu af hliðarlínunni í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Iceland Express-deild karla:

## Nýliðar Blika unnu í Keflavík

**KÖRFUBOLTI** Mjög óvænt úrslit urðu í Iceland Express-deild karla í körfubolta í gær þegar nýliðar Blikar unnu 21 stigs sigur, 107-86, á Íslandsmeisturum Keflavíkur á þeirra eigin heimavelli í Toyota-höllinni. Á sama tíma stríddu Snæfellingar KR þrátt fyrir að leika án Hlyns Bæringssonar og Grindavík burstaði Skallagrím með 67 stiga mun í Borgarnesi.

Nemanja Sovic átti frábæran leik með Blikum í Keflavík og Keflvíkingar náðu hreinlega ekki að stoppa kappann sem var með 41 stig og hitti úr 72 prósentum skota sinna. Kristján Rúnar Sigurðsson átti einnig fínan leik en Keflavíkurliðið fann sig aldrei og tapaði öllum fjórum leikhlutunum.

KR-ingar unnu 11 stiga sigur á Snæfelli 91-80, þar sem Snæfellingar héngu í þeim og unnu fráköstin þrátt fyrir að leika án Hlyns Bæringssonar sem var meiddur og stjórnaði liðinu af hliðarlínunni. KR komst í 21-4 og var 68-53 yfir þegar 13 mínútur voru eftir en barátta Snæfellsliðsins og skotnýting Jóns Ólafs Jónssonar kom muninum niður í eitt stig áður en heimamenn gerðu út um leikinn í lokin. -óój

# Það er gríðarlega mikið undir

**Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari er búinn að greina síðasta leik Norðmanna og segir að íslenska handboltalandsliðið eigi erfitt verkefni fyrir höndum í Drammen í dag í undankeppni EM 2009.**

**HANDBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í handbolta mætir í dag Norðmönnum í Drammen í einum af úrslitaleikjum riðils síns í undankeppni EM 2010. Báðar þjóðir unnu öruggan sigur í fyrsta leik í vikunni, Ísland vann 19 marka heimasigur á Belgum en Norðmenn unnu 8 marka útisigur á Eistlendingum eftir að hafa verið 20-8 yfir í hálfleik.

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari veit að leikurinn í dag verður af allt öðrum toga.

„Þetta er allt annað dæmi og það er bara himinn og haf þar á milli. Þetta er bara alvörulið á sínum heimavelli þannig að þetta verður mjög erfitt verkefni," segir Guðmundur.

„Við erum með upptöku af leik þeirra á móti Eistum og erum búnir að greina leikinn," segir Guðmundur sem er viss um að hann græði miklu meira að hafa séð Norðmenn vinna Eista en Norðmenn á því að skoða leik íslenska liðsins gegn Belgum.



**SKYTTURNAR MIKILVÆGAR** Logi Geirsson og félagar verða að halda breiddinni og opna fyrir hornin að mati landsliðsþjálfarans. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**SPENNANDI SLAGUR** Það mun örugglega eitthvað heyrast í Guðmundi Guðmundssyni meðan á leiknum stendur.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Eistarnir spiluðu 6:0 vörn. Við sáum því hvað Norðmenn eru að gera á móti henni því við erum að spila þá vörn. Við græðum því meira á því en þeir að skoða leikinn okkar á móti Belgum. Við vitum annars ekkert um hvað þeir eru að hafa mikla áhyggjur af okkur," segir Guðmundur.

Íslendingar hafa ekki unnið í síðustu fimm leikjum sínum á móti Norðmönnum en þar á meðal er leikur frá því í fyrra þar sem Ísland mætti með b-liðið sitt og Norðmenn unnu með 17 mörkum. Þjóðirnar mættust síðast í alvöru landsleik á EM í Sviss 2006 og unnu Norðmenn þá með þriggja marka mun, 33-36, þar sem Kjetil Strand skoraði 19 af mörkum liðsins.

„Þeir eru með mjög sterkt lið. Við gerum okkur alveg grein fyrir því að við þurfum að spila vel til þess að vinna þá," segir Guðmundur sem leggur áherslu á að sínir menn spili grimma vörn og verði duglegir að ganga að Norðmönnum og trufla þá.

„Þeir spila tiltölulega passíva 6:0 vörn og þjappa mjög vel inn á miðjuna. Við þurfum að vera tilbúnir að sækja breitt á þá og nýta hornin vel. Þeir keyra síðan á okkur hraða miðju þannig að við þurfum að vera snöggir til baka," segir Guðmundur.

Norðmenn kunna vel við sig í Drammen og þeir unnu þar meðal annars alla leiki sína í sínum riðli á EM í ársbyrjun. Norðmenn unnu þá 27-26 sigur á verðandi Evrópumeisturum Dana sem unnu alla aðra leiki sína á mótinu.

Guðmundur er með nýja menn í liðinu og það vantar lykilmenn eins og Snorra Stein Guðjónsson, Alexander Petersson og Sigfús Sigurðsson auk þess sem Ólafur Stefánsson er hættur.

„Nú fá nýir menn tækifæri. Það eru menn sem eru ekki í liðinu sem voru að spila mjög stór hlutverk á Ólympíuleikunum. Við gerum okkur grein fyrir því að það verður þrautinni þyngra að fylla í þeirra skörð. Við höfum líka haft mjög lítinn tíma til þess en vonandi tekst það," segir Guðmundur.

Leikurinn í dag er einn af úrslitaleikjum riðilsins enda hafa bæði lið sett stefnuna á að komast í úrslitakeppnina í Austurríki.

„Það er gríðarlega mikið undir. Það má búast við því að það verði þrjú lið sem berjast um þessi tvö sæti, Makedónía við og Norðmenn. Það segir sig því sjálft að það eru gríðarlega mikilvægir punktar hér í boði," segir Guðmundur.

Leikurinn fer fram í Drammenshallen og hefst klukkan 15.15 að íslenskum tíma en leikurinn verður sýndur í beinni útsendingu í Sjónvarpinu. ooj@frettabladid.is

Íslenska kvennalandsliðið vann sjö af tíu leikjum sínum í undankeppni Evrópumótsins í Finnlandi:

# Markatalan var 21-0 á Laugardalsvellinum

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið er komið í úrslitakeppni EM eftir sigur á Írum í umspilinu. Íslenska liðið vann 7 af 10 leikjum sínum í undankeppninni og hélt hreinu í öllum sigurleikjunum.

Íslenska liðið skoraði 31 mark í þessum tíu leikjum eða meira en þrjú mörk í leik og liðið náði auk þess að skora í öllum leikjunum. Vörnin var frábær alla undankeppnina og stelpurnar fengu aðeins á sig 5 mörk í allri undankeppninni. Þrír markverðir náðu að halda hreinu, Þóra Björg Helgadóttir fimm sinnum, Guðbjörg Gunnarsdóttir einu sinni og María Björg Ágústsdóttir einu sinni.

Fimm leikmenn liðsins náðu að spila alla þessa tíu leiki þar af spilaði Guðrún Sóley Gunnarsdóttir allar 900 mínúturnar sem voru í boði. Edda Garðarsdóttir (868 mínútur), Margrét Lára Viðarsdóttir (867) og Katrín Jónsdóttir (852) voru líka í byrjunarliði í öllum leikjunum. Dóra María Lárusdóttir var með í öllum leikjunum en byrjaði ekki inn á í einum þeirra.



**FINNLAND, HÉR KOMUM VIÐ** Stelpurnar fagna sigrinum á Írum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Margrét Lára Viðarsdóttir var langmarkahæst hjá íslenska liðinu en hún skoraði alls 12 mörk. Hólmfríður Magnúsdóttir kom næst henni með fjögur mörk og þær Dóra María Lárusdóttir, Katrín Jónsdóttir og Katrín Ómarsdóttir skoruðu allar þrjú mörk hver.

Dóra María átti flestar stoðsendingar eða sex en bæði Margrét Lára og Hólmfríður lögðu upp fimm mörk hvor. Edda Garðarsdóttir átti síðan fjórar stoðsendingar. Margrét Lára fiskaði að auki tvær vítaspyrnur sem hún nýtti sjálf.

Árangur íslenska liðsins á Laugardalsvellinum var sérstaklega glæsilegur en stelpurnar okkar unnu alla fimm heimaleiki sína í keppninni og héldu auk þess hreinu í þeim öllum eða í samtals 450 mínútur. Markatalan var 21-0 íslenska liðinu í hag. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði í öllum fimm heimaleikjunum samtals átta mörk.. - óój




# HP Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM

PRENTAR, SKANNAR OG LJÓSRITAR



**HP PHOTOSMART D5360**

HP Photosmart D5360 er flottur ljósmyndaprentari með 4800x1200dpi, prentar 32bls í svörtu og 24 bls lit á mín. 4 in 1 kortalesari og litaskjár. Hvort sem þú vilt prenta út ljósmyndir, prenta báðum megin á blöðin, eða prenta beint á geisladiska, þá er D5360 málið

**14.990**

PRENTAR, SKANNAR OG LJÓSRITAR

**PHOTOSMART C4280**

4800 x 1200dpi, kortalesari, prentar allt að 30 bls svörtu , 23 bls lit á mín

**12.990**

PRENTAR, SKANNAR OG LJÓSRITAR

**HP PHOTOSMART C4480**

Prentari 4800 x 1200, 30bls í svörtu, 23 bls í lit á mín

**19.990**

PRENTAR, SKANNAR OG LJÓSRITAR

**HP PHOTOSMART C5280**

4800 x 1200dpi, kortalesari, prentar allt að 32 bls svörtu, 24 bls lit á mín

**21.990**

PRENTAR, SKANNAR OG LJÓSRITAR

**HP OFFICEJET L7580**

4800 x 1200dpi, netkort, prentar allt að 35bls svörtu, 34bls lit á mín

**32.990**

**HP DESKJET D4360**

Ódýr og góður prentari, 4800x1200dpi Prentar 30 bls svörtu , 23 bls lit á mín

**12.990**

**HP PHOTOSMART D7260**

4800x1200dpi, 3.5″ snertiskjár, Prentar 34 bls í svörtu , 33 bls í lit á mín

**19.990**

**HP LASERJET P1005**

Laserprentari með allt að 1200 dpi, 15 bls mín, fyrsta síða eftir 9 sek

**19.990**

**HP LASERJET P1006**

Laserprentari með allt að 1200 dpi, 17 bls mín, fyrsta síða eftir 9sec

**24.990**

**HP SCANJET G3010**

Hágæða skanni með 4800 x 9600 dpi upplausn ásamt 48-bita litadýpt. Skanninn er útbúinn filmuloki og getur hann því breytt 35mm slides eða 35mm negatívar filmur yfir í stafrænt form. Á skannanum er háhraða USB 2.0 tengi og styður hann bæði Windows og Mac stýrikerfi.



**14.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 | HLÍÐASMÁRA 10 |
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 | S: 414 1760 |

> **Dennis Quaid**

„Hér áður fyrr hélt ég sjaldan starfi lengur en í þrjá mánuði, svo það hentar mér fullkomlega að það skuli einmitt vera sá tími sem það tekur að taka eina kvikmynd.“ Quaid leikur í myndinni Yours, Mine and Ours sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KAREN DRÖFN KJARTANSDÓTTIR HRÍFST AF VIÐTALI VIÐ ÞORGERÐI KATRÍNU

# Veit að Íslendingar voru líka stórþjóð

„Þegar maður verður vitni að fjöldamorði gerist tvennt. Í fyrstu undrast maður það sem býr í mannsandanum. Og svo spyr maður sig hve margar lygar verða sagðar um atburðinn,“ á þessa leið lýsti blaðamaðurinn Robert Fisk upplifun sinni af því sem hann varð vitni að í fyrrverandi Júgóslavíu. Upplýsingafulltrúar Nató höfðu nefnilega alltaf skýringar á því hvers vegna nauðsynlegt hefði verið að myrða kornabörn, fjölskyldur, gamalmenni og aðra borgara. Fisk hefur í áratugi gangrýnt baráttu NATO við að sprengja fólk til hamingju í heiminum. Ég hef þó reynt að sannfæra mig um að NATO hafi verið til meira gagns en ógagns.

Nú hafa Íslendingar fengið smjörþefinn af því að upp á þá sé logið af stórveldi. Íslendingar voru samt lánsamir. Það var bara fyrirtækjaheitið Landsbankinn sem lenti á lista yfir hryðjuverkasamtök en ekki allt landið eins og dæmi eru um.

Skömmu eftir að við börmuðum okkur undan ófyrirgefanlegum tuddaskap Breta ákváðu vestrænar frelsishetjur að stöðva hryðjuverkamenn í Sýrlandi og skutu því stórhættuleg kameldýr, börn og verkafólk. Hermálayfirvöld segja þetta kjaftæði, Sýrlendingar séu vondir.



Við ráðum því hvort við höldum áfram að kvitta upp á slíkar söguskýringar eða endurskoðað skilgreiningar okkar á veröldinni. Þorgerður Katrín bendir á það í viðtali í Fréttablaðinu í dag að lengi við höfum haft stórþjóð í nágrenni við okkur án þess að veita henni eftirtekt. Færeyingar eru þjóð sem ræðst ekki á þá sem eru veikir fyrir, þeir eru stærri en svo. Vil ég nefna að í vikunni komu þeir ekki aðeins Íslendingum til aðstoðar af hlýhug heldur söfnuðu þeir veglegri upphæð til styrktar fórnarlömbum jarðskjálfta í Pakistan. Megi fjölmennari þjóðir líta upp til Færeyinga nú. Sjálf ættum við svo að minnast þess þegar við vorum nógu stór til að koma Bretum til aðstoðar í seinni heimsstyrjöldinni til að koma í veg fyrir að þeir syltu. Þá vorum við stærri en nú.

## EKKI MISSA AF



▶ **11.00** Markaðurinn með Birni Inga — STÖÐ 2



▶ **14.45** Noregur - Ísland, BEINT — SJÓNVARPIÐ



▶ **14.45** Man. Utd - Hull, BEINT — STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **19.45** America's Funniest Home Videos — SKJÁREINN



▶ **20.30** Ríkið — STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Kóalabræðurnir, Herramenn, Sammi, Músahús Mikka, Skordýrin í Sólarlaut, Sögur frá Gvatemala, Trillurnar, Millý og Mollý og Tobbi tvisvar.
**10.25 Kastljós** (e)
**11.00 Káta maskínan** (e)
**11.30 Kiljan** (e)
**12.15 Kjarnakona** (The Amazing Mrs. Pritchard) (3:6) (e)
**13.10 Þrettán verður þrítug** (13 Going on 30) (e)
▶**14.45 Landsleikur í handbolta** Bein útsending frá leik karlaliða Noregs og Íslands í undankeppni Evrópumótsins 2010.
**16.55 Lincolnshæðir** (Lincoln Heights) (1:13) Bandarísk þáttaröð um Sutton-fjölskylduna sem er nýflutt í gamla hverfi húsbóndans en á erfitt með að laga sig að aðstæðum þar. Aðalhlutverk: Russell Hornsby, Rhyon Nicole Brown og Erica Hubbard.
**17.40 Táknmálsfréttir**
**17.50 Útsvar** (e)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.35 Veður**
**19.40 Spaugstofan**
**20.05 Gott kvöld**
**21.00 Á eyðieyju** (Cast Away)
**23.20 Alfie** (Alfie) Bandarísk bíómynd frá 2004 um breskan bílstjóra á Manhattan sem hittir margar fagrar konur í starfi sínu og á við þær skyndikynni. Aðalhlutverk: Jude Law, Susan Sarandon og Sienna Miller.
**01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Thunderstruck**
**10.00 Hoot**
**12.00 Ella Enchanted**
**14.00 Thunderstruck**
**16.00 Hoot**
**18.00 Ella Enchanted**
**20.00 Breaking and Entering** Áhrifamikil dramatísk mynd með Jude Law, Robin Wright Penn og Juliette Binoche í aðalhlutverkum.
**22.00 Red Eye**
**00.00 Hard Candy**
**02.00 Midnight Mass**
**04.00 Red Eye**
**06.00 Rebound**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Stóra teiknimyndastundin Dynkur smáeðla.
**08.05 Algjör Sveppi** Refurinn Pablo, Lalli, Louie, Þorlákur, Blær, Sumardalsmyllan, Fífí, Hvellur keppnisbíll og Könnuðurinn Dóra.
**10.10 Íkornastrákurinn**
**10.35 Bratz**
▶**11.00 Markaðurinn með Birni Inga** Markaðurinn með Birni Inga er frétta- og umræðuþáttur um viðskipti, efnahagsmál og pólitík.
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.30 Bold and the Beautiful**
**12.50 Bold and the Beautiful**
**13.10 Bold and the Beautiful**
**13.30 Bold and the Beautiful**
**13.50 Bold and the Beautiful**
**14.15 The Celebrity Apprentice** (8:13)
**15.05 Sjálfstætt fólk** (6:40)
**15.40 ET Weekend**
**16.30 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.
**16.55 Dagvaktin** (6:12) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremenninganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt.
**17.30 Markaðurinn með Birni Inga** Samantekt með því markverðasta sem fram kom í Markaðinum með Birni Inga fyrr um daginn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.55 Veður**
**19.01 Lottó**
**19.10 The Simpsons** (12:20)
**19.35 Latibær** (12:18) Önnur þáttaröðin um Íþróttaálfinn, Sollu stirðu, Nenna níska, Glanna glæp og fleiri skemmtilega vini þeirra í Latabæ.
**20.05 Yours, Mine and Ours** Gamanmynd um flotaforingjann Frank og tískuhönnuðinn Helen sem hittast aftur á bekkjamóti og verða ástfangin. Það flækir málið óneitanlega að hann á átta börn en hún tíu.
**21.30 Casino Royale**
**23.50 The American President**
**01.40 Their Eyes Were Watching God**
**03.30 Civil Brand**
**05.00 ET Weekend**
**05.45 Fréttir**

## 2 SPORT besta sætið

**09.05 Inside the PGA**
**09.30 PGA Tour 2008 - Hápunktar**
**10.25 Utan vallar**
**11.15 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Atletico Madrid og Liverpool.
**12.55 Formúla 1 2008 - Brasilía** Bein útsending frá æfingum liðanna.
**14.00 NFL-deildin**
**14.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**15.00 F1: Við rásmarkið**
**15.45 Formúla 1 2008 - Brasilía** Bein útsending frá tímatökunni.
**17.45 10 Bestu** Útsending frá lokafögnuðinum á 10 bestu þar sem besti knattspyrnumaður Íslendinga fyrr og síðar var valinn.
**18.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Malaga og Barcelona.
**20.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Valencia og Racing.
**22.50 Box Joe Calzaghe - Roy Jones** Fylgst með undirbúningi Joe Calzaghe og Roy Jones Jr. fyrir bardagann mikla.
**23.25 Formúla 1 2008 - Brasilía**
**01.00 UFC Unleashed**

## 2 SPORT 2 enski boltinn

**08.55 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Arsenal og Tottenham.
**10.35 PL Classic Matches** Newcastle - Chelsea, 1995.
**11.05 PL Classic Matches** Sheffield - Coventry, 1995.
**11.35 Premier League World** Enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
**12.05 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum.
**12.35 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Everton og Fulham.
▶**14.45 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Man. Utd og Hull í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3: Chelsea - Sunderland Sport 4: Stoke - Arsenal Sport 5: Portsmouth - Wigan Sport 6: WBA - Blackburn
**17.15 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá White Hart Lane þar sem mætast Tottenham og Liverpool.
**19.30 4 4 2**
**20.40 4 4 2**
**21.50 4 4 2**
**23.00 4 4 2**
**00.10 4 4 2**

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**11.45 Vörutorg**
**12.45 Dr. Phil** (e)
**13.30 Dr. Phil** (e)
**14.15 Dr. Phil** (e)
**15.00 Kitchen Nightmares** (10:10) (e)
**15.50 Robin Hood** (10:13) (e)
**16.40 Charmed** (7:22) (e)
**17.30 Survivor** (5:16) (e)
**18.20 Family Guy** (15:20) (e)
**18.45 Game tíví** (8:15) (e)
**19.15 30 Rock** (8:15) (e)
▶**19.45 America's Funniest Home Videos** (20:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**20.10 Eureka** (12:13) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. (e)
**21.00 House** (9:16) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. (e)
**21.50 Singing Bee** (7:11) Íslensk fyrirtækjakeppa í skemmtilegum leik þar sem keppendur þurfa ekki að kunna að syngja heldur einungis að kunna textann við vinsæl lög. Núna er röðin komin að starfsfólki Nýherja og EJS að spreyta sig í þessum skemmtilega leik. (e)
**22.50 CSI. New York** (10:21) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. (e)
**23.40 Law & Order: Special Victims Unit** (11:22) (e)
**00.30 Heart of Fire** (e)
**02.00 Goodnight Sweet Wife: A Murder In Boston** (e)
**03.30 Jay Leno** (e)
**04.20 Vörutorg**
**05.20 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku** Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.40
### Casino Royale



Frumsýning í íslensku sjónvarpi á næstnýjustu James Bond-myndinni. Casino Royale er fyrsta myndin þar sem Daniel Craig fer með hlutverk njósnara hennar hátignar en hann hlaut verðskuldaða athygli fyrir frammistöðu sína og stóð sig reyndar svo vel að myndin er sú vinsælasta af öllum Bond-myndunum. Casino Royale er hluti af þríleik – þremur samtengdum Bond-myndum sem taka hver við af annarri og segja framhaldssögu. Það verður því í fyrsta sinn sem það gerist að næsta mynd, Quantum of Solace, sem frumsýnd verður 7. desember um heim allan og að sjálfsögðu einnig hér á landi, tekur upp þráðinn þar sem frá var horfið í Casino Royale og Bond hyggur á hefndir fyrir morðið á ástkonu sinni.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Á eyðieyju (Cast Away)
### Sjónvarpið kl. 21.00

Bandarísk bíómynd frá 2000 um kerfisverkfræðinginn Chuck Noland sem lifir af flugslys og verður strandaglópur á eyðieyju í hitabeltinu. Þar lærir hann lífa á því sem landið og sjórinn hafa að gefa en hann reynir að halda í vonina um að hann komist aftur í siðmenninguna. Tom Hanks leikur aðalhlutverkið en hann fékk Óskarstilnefningu fyrir hlutverkið.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Stef
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Stjörnukíkir
**15.25** Lostafulli listræninginn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Bláar nótur í bland
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Heimur óperunnar
**19.50** Sagnaslóð
**20.30** Brot af eilífðinni
**21.10** Ísland og Evrópusambandið
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Hvað er að heyra?
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**15.30 Hollyoaks** (46:260)
**15.55 Hollyoaks** (47:260)
**16.20 Hollyoaks** (48:260)
**16.45 Hollyoaks** (49:260)
**17.10 Hollyoaks** (50:260)
**18.05 Help Me Help You** (4:13)
**18.30 Smallville** (9:20)
**19.15 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
**20.00 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Hann fær góða viðmælendur í heimsókn og auk þess verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur.
▶**20.30 Ríkið** (10:10) Nýstárlegur sketsaþáttur þar sem allt er kjánalegt: húsgögnin, aðbúnaðurinn, klæðaburðurinn, hárgreiðslan og þó sérstaklega fólkið.
**21.00 Dagvaktin** (6:12) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremenninganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt.
**21.30 E.R.** (8:25) Þættirnir gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**22.15 The Daily Show: Global Edition**
**22.40 Help Me Help You** (4:13)
**23.05 Smallville** (9:20)
**23.50 ET Weekend**
**00.35 E.R.** (8:25)
**01.20 The Daily Show: Global Edition**
**01.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**18.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson.
**19.00 Birkir Jón** Birkir Jón Jónsson.
**19.30 Guðjón Bergmann**
**20.00 Lífsblómið** Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir.
**21.00 Líf og land** Valdemar Ásgeirsson.
**21.30 Borgarlíf** Marta Guðjónsdóttir.
**22.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson.
**23.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir.
**23.30 Óli á Hrauni** Ólafur Hannesson.

## DR 1

**10.00** Børneblæksprutten **10.15** Tidens tegn **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boogie Lørdag **11.11** Troldspejlet **11.30** Boogie Update **12.00** Pigerne Mod Drengene **12.35** Family Guy **13.00** Talent 2008 **14.00** Super Size Me **15.40** Sporløs **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Der var engang.... **17.00** Gepetto News **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Lones aber **18.35** Far, mor og bjørn - Mors dag **19.00** Hvem ved det! **19.30** Agent 007 - Lev og lad dø **21.30** Miss Marple **23.05** En hot date

## NRK 1

**09.00** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **09.15** Eldrebølgen **09.45** Eldrebølgen **10.15** Columbo **11.50** Kunnskapskanalen 2008 **12.40** Charles Lindbergh - helten vi ville glemme **13.35** En vanskelig tid **15.05** Michael Palins nye Europa **16.00** Beat for beat **17.00** Kometkameratene **17.25** Underbuksepiratene **17.30** KuleJenter **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Kvitt eller dobbelt **19.55** Den store reisen **20.45** Med hjartet på rette staden **21.30** Løvebakken **22.00** Kveldsnytt **22.15** Presidentkandidaten

## SVT 1

**10.15** Robins **10.45** Andra Avenyn **11.15** Andra Avenyn **11.45** Andra Avenyn **12.15** Uppdrag Granskning **13.15** Livet i Fagervik **14.00** Folk i bild 2008 **14.15** Faurés rekviem **15.00** Skogskyrkogården **16.40** Byss **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Pomos piano **17.45** Häxan Surtant **18.00** Bobster **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Dansbandskampen **20.30** Svensson, Svensson **21.00** Brottskod. Försvunnen **21.40** Dom kallar oss artister **22.10** 8 1/2 **00.25** Svindlarna **01.20** Sändningar från SVT24




## PERSÓNAN



*Sigurður Ragnar Eyjólfsson*

**Aldur:** 34.
**Starf:** Fræðslustjóri KSÍ og landsliðsþjálfari.
**Fjölskylda:** Eiginkonan heitir Íris Björk Eysteinsdóttir og þau eiga þriggja ára dóttur, Emblu Björg.
**Foreldrar:** Eyjólfur Þór Georgsson blikksmiðameistari og Halldóra Ólafsdóttir skrifstofukona.
**Búseta:** Fagraþing, Kópavogi.
**Stjörnumerki:** Bogmaður.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson er þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta sem komst í úrslit á EM er liðið sigraði Íra.

# Róbert Marshall áreittur á Heathrow

„Þetta var heldur óskemmtileg uppákoma og ég varð eiginlega hvumsa. Enda nýbúinn að reyna að blása á þær sögur að Íslendingar yrðu fyrir aðkasti erlendis," segir Róbert Marshall, aðstoðarmaður samgöngumálaráðherra.

Hann og kona hans, Brynhildur Ólafsdóttir, voru að leggja af stað heim til Íslands núna í vikunni frá Heathrow-flugvellinum í London þegar þau afhentu landamæraverði vegabréf sín. Þegar landamæravörðurinn sá frá hvaða landi þau komu breyttist tónninn hjá honum heldur betur. „Hann spurði hvort við ynnum fyrir íslenska banka.

Þegar við þögðum sagði hann að ef svo væri myndum við sennilega ekki segja frá því," útskýrir Róbert. Landamæravörðurinn lét síðan dæluna ganga áfram. „Hann sagði að ef við værum að vinna í banka skyldum við skila honum aftur peningunum sem við skulduðum honum."

Róbert segist vera eldri en tvævetur í þessum málum og hann hafi ekki kippt sér upp við þessar aðfinnslur frá landamæraverðinum. „Ég hef verið í pólitík og fjölmiðlum þar sem svona lagað er nánast daglegt brauð. En ég óska þess ekki að samlandar mínir fái svona móttökur," segir Róbert sem lét það vera sitt fyrsta verk að fara inn á heimasíðu Heathrow-flugvallarins.

Þar fann hann síðan vettvang til að koma kvörtun sinni á framfæri. „Ég skrifaði langt og ítarlegt bréf." Róbert hvetur jafnframt aðra Íslendinga til að láta svona ekki yfir sig ganga heldur eigi þeir að rétta úr sér og byrsta sig til baka. „Þetta er auðvitað bara fráleit hegðun." - fgg



**ÓSÁTTUR** Róbert Marshall lét hegðun landamæravarðarins ekki yfir sig ganga og skrifaði langt og ítarlegt bréf á kvörtunarsíðu Heathrow-flugvallarins.



**LÁRÉTT**
2. plat, 6. tveir eins, 8. næra, 9. trjátegund, 11. bogi, 12. fáni, 14. svall, 16. átt, 17. lítill sopi, 18. mál, 20. holskrúfa, 21. ókyrrð.

**LÓÐRÉTT**
1. viðlag, 3. samtök, 4. dimmgrár, 5. krá, 7. andsvar, 10. óvild, 13. hola, 15. málmur, 16. hlóðir, 19. kusk.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. gabb, 6. tt, 8. ala, 9. eik, 11. ýr, 12. flagg, 14. slark, 16. sv, 17. tár, 18. tal, 20. ró, 21. órói.

**LÓÐRÉTT:** 1. stef, 3. aa, 4. blýgrár, 5. bar, 7. tilsvar, 10. kal, 13. gat, 15. króm, 16. stó, 19. ló.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8.

1. Dóra María Lárusdóttir.
2. Magnús Pétursson.
3. Fimm.









**GEIRI OG RÚSSARNIR** Þeir tóku honum fagnandi Rússarnir, hinum gjafmilda veitingamanni, þegar hann mætti niður á kæja í Hafnarfirði og bauð þeim í dinner. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### GEIRI Á GOLDFINGER: HLÝT AÐ FÁ PRIK FYRIR ÞETTA HJÁ PÚTÍN

# Súlukóngur býður fjörutíu rússneskum sjóurum í mat

„Þetta eru fjörutíu manns. Tvær áhafnir. Já, það er allt í volli þarna í Rússlandi. Og kominn tími til að gefa þeim að éta blessuðum. Ég hlýt að fá prik fyrir þetta hjá Pútín," segir Ásgeir Þór Davíðsson – betur þekktur sem súlukóngurinn Geiri á Goldfinger.

Fréttablaðið greindi frá því að áhöfn á tveimur rússneskum togurum, sem liggja við festar í Hafnarfjarðarhöfn, eru strandaglópar á Íslandi. Þeim berast ekki laun frá Rússlandi. Þeir hafa nú verið í Hafnarfirði í þrjár vikur eftir fimm mánaða karfatúr. Og eru að vonum æfir út í útgerðina Marytime Star. „Við erum fastir hér og eina dægradvölin er að eigra um bæinn," segir Eduard Demidovich, þriðji stýrimaður á togaranum Karachavaro sem gerir út frá Kaliningrad.

Geiri á Goldfinger, sem er sérstakur vinur Rússlands og á meðal annars rússneska konu, sá í hendi sér að við svo búið mátti ekki standa. „Ég finn til með þessum sjómönnum. Maður þekkir það hvernig er að vera blankur sjómaður í erlendum höfnum. Þar sem einmanaleikinn hellist yfir mann," segir Geiri sem sjálfur var sjóari og farmaður í tuttugu ár áður en hann sneri sér að veitingarekstri. Geiri segist vel aflögufær og blæs á kreppuna. „Engin kreppa hjá mér." Og hann ætlar að gera vel við rússnesku vini sína. Býður þeim upp á hlaðborð og bjór með á sínum eigin stað Steak'n Play. Þar er hann með meistarakokk, Alex frá Kanada, sem eldað hefur fyrir sjálfa Elísabetu Englandsdrottningu. Og góðvinur Geira, sjálfur Sverrir Stormsker, ætlar að leika dinnertónlist fyrir rússnesku strandaglópana og skemmta þeim með rammíslenskum íslenskum sjómannalögum eftir sjálfan sig. Ekki er laust við að greina megi, í gegnum góðvildina, að Geiri sjái sér leik á borði. Og vilji styrkja enn tengsl sín við Rússland.

„Já, þeir eru að fara að lána okkur fullt af peningum. Er það búið? Nei, nei, Björgóflur hringdi sjálfur í Pútín. Sem er persónulegur vinur þeirra Björgólfsfeðga. Eða, ég veit ekki betur."

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Einhver dáðasti leikari landsins, **Hilmir Snær Guðnason**, fór nokkra túra í haust á línuveiðar. Honum líkaði sjómennskan vel og fann ekki til sjóveiki. Hilmir Snær er nú kominn í land enda er nú bitist um hvert pláss – en næsta verkefni er að leika í mynd **Friðriks Þórs Friðrikssonar**, Mamma Gógó, en fjárhagsáætlun miðar við að þar sé um 190 milljóna króna mynd. Aðalhlutverkið er í höndum **Kristbjargar Kjeld**.





**Pétur Már Ólafsson** og þeir hjá forlaginu Bjarti-Veröld eru „kátir" með að hafa hitt óvart naglann á höfuðið með útgáfu bókarinnar „Segðu skilið við þunglyndið" sem kom út fyrir skömmu. Ekki óraði þá fyrir þeim efnahagshremmingum sem biðu þjóðarinnar þegar þeir ákváðu að gefa út þetta ágæta rit en nú haga aðstæður málum svo að miklum mun meiri eftirspurn er eftir þessari bók en gera mátti ráð fyrir. Nokkuð er um að fólk hringi í forlagið, panti sér bókina og segi um leið forlagsfólki frá því hvernig veruleikinn sé nú orðinn dapurlegur og grár, og leggist illa í sig.



Einhverjir helstu forsprakkar Nýrra tíma eru þau **Orri Dýrason** í Sigur Rós og **Lukka Sigurðardóttir** og því vakti það athygli glöggra að þau teljast nú ekki lengur meðal aðstandenda samtakanna eða hreyfingarinnar samkvæmt heimasíðu hennar. Nýr er hins vegar listamaðurinn **Jón Sæmundur** en ekki er inngangа hans talin tengjast brotthvarfi Orra og Lukku hið minnsta. - jbg



# Miklar áhyggjur af stöðu kvikmyndagerðar



**ÓVISSA** Að sögn Þórhalls er algerlega óvíst um ákveðna pósta; fjármagn frá erlendum sjónvarpsstöðvum, sjóðum og fé af hinum frjálsa markaði.

Þórhallur Gunnarsson segir að RÚV muni kappkosta við að halda dampi í framleiðslu á leikni innlendu efni. Fréttablaðið greindi frá því í gær að fyrirtæki Björgólfs Guðmundssonar, Ólafsfell, gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart framleiðslufyrirtækinu Pegasus. Hafði Ólafsfell skuldbundið sig til að styrkja spennuþáttaröðina Hamarinn um 25 milljónir samkvæmt samkomulagi fyrirtækisins og RÚV en hafði einungis greitt átta.

Fjölmargir kvikmyndagerðarmenn höfðu sett sig í samband við Þórhall í gær og lýst yfir áhyggjum sínum af stöðu mála. „Við erum með fjölmörg verkefni í vinnslu, svo þarf bara að athuga hvort okkur takist að fjármagna það.

Við eins og aðrir vitum ekkert í hvaða stöðu við erum. Það eru einfaldlega svo margir póstar sem eru ófyrirséðir, meðal annars þátttaka annarra erlendra sjónvarpsstöðva, sjóða og fé af hinum frjálsa markaði."

Þórhallur segir að RÚV eins og önnur fyrirtæki verði að fara í aðhaldsaðgerðir. Fram undan séu tveir af vinsælustu dagskrárliðum Sjónvarpsins; Gettu betur og Eurovision. Báðum þessum viðburðum var gert hátt undir höfði í fyrra en verða væntanlega smærri í sniðum nú.

Þórhallur útilokar ekki að færa báðar keppnirnar inn í sjónvarpshúsið sjálft. „Slík ráðstöfun ætti ekkert að rýra skemmtanagildi þáttanna og sjónvarpsáhorfendur ættu svo sem ekki að finna mikinn mun. En þetta hefði eðlilega þau áhrif að umstangið yrði minna og færri áhorfendur kæmust að." - fgg

# AÐ ELSKA VAMPÍRU

„Bók sem lesendur hafa unun af að sökkva tönnunum í.“
SCHOOL LIBRARY JOURNAL

„Kolsvört ástarsaga.“
BOOKLIST

„Besta bók áratugarins hingað til.“
★★★★½
AMAZON.COM




**EIN MEST SELDA OG HÁSKALEGASTA ÁSTARSAGA UNDANFARINNA ÁRA ER KOMIN ÚT Á ÍSLENSKU!**

BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI!

Isabella elskar Edward – jafnvel þótt hann sé vampíra! En hún veit ekki hvaða hættur hún kallar yfir sig og sína nánustu. Fyrsta bókin í mögnuðum bókaflokki sem hefur slegið í gegn um allan heim – hjá unglingum jafnt sem fullorðnum – og selst í milljónum eintaka.

Kvikmyndin TWILIGHT er væntanleg.
Skoðaðu sýnishorn á
www.stepheniemeyer.com!

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**






**BAKÞANKAR**
Guðmundar Steingrímssonar

## Nóg komið

Á fimmtudag hlýddi ég í sjónvarpi á skýrslu forsætisráðherra um efnahagsmál og umræður um hana. Ég var búinn að ákveða að ef ég þyrfti enn eina ferðina að hlusta á sömu gömlu tuggurnar um traustar stoðir þjóðarbúsins og storm hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu og annað slíkt, yrði þolinmæði mín á þrotum.

**ÉG ÞYKIST** vita að það sé verið að gera ýmislegt. En má þjóðin vita hvað? Á fimmtudaginn beið ég sem oftar eftir því að einhver svör kæmu við áleitnum spurningum. Hver er stefnan? Ég er ekki endilega að tala um að lögð sé á borðið akkurat núna alhliðaáætlun í smáatriðum um það hvernig eigi að taka á vandanum – í peningamálunum, atvinnulífinu, gagnvart heimilunum og í fjármálakerfinu – þótt slíkt væri vissulega frábært. Ég sætti mig við að heyra bara áætlun um það hvernig, hvenær og hvort menn ætli að vinda sér í slíka vinnu. Hvernig á að endurreisa landið? Hverjir ætla að setjast niður og hvar? Hvaða leiðir koma til álita?

**ÉG HEF** ekki verið alltof ánægður með Ísland á undanförnum árum. Mér hefur fundist stjórn landsins vera fumkennd, hrokafull, sveipuð fáránlegri leynd, sjálfumglöð, haldin oflátungslegri skætingsþörf og síðast en ekki síst verið gegnsýrð og rotin af fádæma tortryggni í garð raka og málefnalegra innskota. Ég hef vonað að þetta myndi breytast. En hefur það breyst?

**Í SUMAR** gengu ísbirnir á land og við höfðum ekkert plan. Gott og vel. En í október kom risastór ísbjörn og át þrjá banka. Við höfðum ekkert plan heldur þá. Hvurs lags er þetta eiginlega? Getum við ímyndað okkur að svipaðar ræður hefðu verið haldnar þegar Vestmannaeyjagosið varð? Mánuður liðinn og menn enn þá í pontu að segja „ljóst er ...“ og „hitt er annað mál ...“ og „gera þyrfti ...“ og „víst er þó ...“ og svo framvegis. Er landið leiðtogalaust? Í hvaða grínmynd erum við? Hvað finnst fólki í björgunarsveitunum um svona verkstjórn og vinnubrögð? Myndi þetta ganga á slysstað?

**EF RÍKISSTJÓRNIN** í heild getur ekki lagt fram plan um aðgerðir á þessari ögurstundu og kynnt þjóðinni trúverðuga framtíðarsýn – og nú fer hver að verða síðastur – verður hún auðvitað að víkja. Það er augljóst. Þá þarf að kanna hvort annar þingmeirihluti sé til staðar fyrir skýrri og skynsamlegri stefnu. Ef svo er ekki, þarf þjóðin að kjósa.

**ÞANNIG** er það bara.

### GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 1. nóvember, 306. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.12 | 13.11 | 17.09 |
| Akureyri | 9.07 | 12.56 | 16.44 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

